

Barðist við nasista, býr í Breiðholti



María Alexandrovna Mitrofanova var send á vígstöðvarnar við Leníngrad í byrjun árs 1944 til að berjast við innrásarher Þjóðverja – þá 19 ára. Hún var tilbúin til að deyja fyrir föðurlandið. ➔24



Ég sakna hans á hverjum degi
Kristbjörg Kjeld um líf sitt og list.

➔28



Fagnar umræðunni
Framkvæmdastjóri
Sólheima ætlar að bæta aðstæður.

➔12



Tískuliturinn í ár
Bláir tónar
verða ráðandi í
innanhússhönnun.

➔34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• ALLT FYRIR HÓTEL OG VEITINGAHÚS

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:




HUSFELAG.IS

Heildarþjónusta
í ræstingum húsfélaga
S. 555 - 6855


SMÁRALIND

ER FERMING
Í KORTUNUM?



OPIÐ TIL 18 Í DAG

Veður



Sunnan 5-13, skýjað með köflum norðanlands en dálitlar skúrir sunnan til. Hiti 1 til 6 stig um morguninn en víða í kringum frostmark síðdegis.

SJÁ SIÐU 44



Áin Silfra á Þingvöllum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ferðamaður lést við snorkl

SLYS Erlendur ferðamaður lést þegar hann var að snorkla í Silfru í gær. Maðurinn var fluttur með þyrllu Landhelgisgæslunnar frá Þingvöllum á Landspítalann. Hann var úrskurðaður látinn skömmu eftir komuna þangað.

Maðurinn mun, að sögn vitna, hafa kallað eftir aðstoð vegna andþyngsla og misst meðvitund skömmu eftir að leiðsögumaður kom honum til hjálpar. Rannsókn málsins er í höndum lögreglunnar á Suðurlandi sem segir að frekari upplýsingar verði ekki gefnar fyrr en að lokinni krufningu.

– jhh

Breytingar á stjórn VÍS

VÍÐSKIPTI Nokkrar breytingar verða á stjórn VÍS, en framboðsfrestur rann út klukkan fjögur í gær.

Þau Gestur Breiðfjörð Gestsson, Helga Hlín Hákonardóttir, Herdís Dröfn Fjeldsted, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Valdimar Svavars-son. Sjálfkjörð er í stjórnina á aðalfundi á miðvikudaginn.

Úr stjórn ganga Jostein Sorvoll og Reynir Finnald Grétarsson. – jhh

Börnin mættu með mottur



Mottudagurinn var í gær. Þá hvatti Krabbameinsfélagið alla landsmenn, konur og karla, til að láta ímyndunaraflið ráða för og skarta öllu mögulegu tengdu karlmanninum, fatnaði, höfuðfötum, gerviskeggi og svo framvegis. Krakkarnir í Laugarnesskóla létu ekki sitt eftir liggja. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ummæli í frétt Vísis ekki dæmd

DÓMSMÁL Máli Husseins Aldoudi, Karims Askari og Stofnunar múslima á Íslandi gegn Salmann Tamimi, 365 miðlum, Kristínu Þorsteinsdóttur og Nadine Guðrúnu Yaghi var vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Stefnendur kröfðust þess að ýmis ummæli sem birtust í frétt á Vísí í fyrra með fyrirsögninni „Þarf að bregðast við tengslum við hryðjuverkasamtök“ yrðu dæmd dauð og ómerk.

Þá kröfðust Hussein Aldoudi og Karim Askari tveggja milljóna króna í miskabætur, auk dráttarvaxta.

Í dómnum segir að málalíbúnaði stefnenda sé svo áfátt að hann fullnægi ekki skýrleikakröfum.

Þess ber að geta að 365 miðlar er útgefandi Fréttablaðsins. Kristín Þorsteinsdóttir er ritstjóri blaðsins og Nadine Guðrún Yaghi fréttamaður á fréttastofu 365 miðla. – þea

Tómlæti yfirvalda sést í fækkun sjúkrarúma

Heilbrigðisyfirvöld greiddu að fullu 265 sjúkrarúm fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga þegar best lét. Árið 2015 voru þau 62. Byrðinni hefur verið ýtt til sveitarfélaga, einstaklinga og almennasamtaka. Umfang vandans og kostnaður hefur snaraukist á sama tíma.

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisyfirvöld hafa fækkað sjúkrarúmum fyrir meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga úr 265 þegar mest var í lok árs 1985 í 62 rúm í lok árs 2014. SÁÁ og geðdeild Landspítalans hafa reynt að vega upp þessa fækkun sjúkrarúma með dagdeildarþjónustu, en viðbúnaðurinn hefur engu að síður minnkað stórum.

Kostnaður vegna vímuefnavandans hefur færst frá ríkinu yfir á sveitarfélög, einstaklinga og almennasamtök.

Þetta kemur fram í nýútgefnu ársriti meðferðarsviðs SÁÁ 2016. Ein af grunnniðurstöðum höfundarins, Þórarins Tyrtingssonar forstjóra Sjúkrahússins Vogs, er að ef lítið er til þess hversu margir greinast áfengis- og vímuefnasjúkir, og hversu alvarlegur og afdrifaríkur sjúkdómurinn er, megi fullyrða að sjúkdómurinn sé sá alvarlegasti sem Íslendingar glíma við um þessar mundir.

Þegar viðbúnaður heilbrigðisyfirvalda vegna sjúklingahópsins er mældur í sjúkrarúmum, að fullu greiddum af ríkinu, sést að þeim hefur fækkað jafnt og þétt á rúm-



Nú er þessu fólki vísað á sveitarfélögin og það er ekkert að ástæðulausu sem vex svona kostnaður Reykjavíkurborgar vegna þessa vanda í félagsþjónustu og ýmsum búsetuúrræðum sem þeir halda uppi.

Þórarinn Tyrtingsson, forstjóri Sjúkrahússins Vogs

lega þriggja áratuga tímabili [heildarframlög til SÁÁ eru 850 milljónir á fjárlögum]. Voru 265 árið 1984 þegar Íslendingar voru 151.000 á aldersbilinu 15 til 64 ára en 62 árið 2015 þegar í aldurshópnum voru 217.500 manns.

Þórarinn segir að með aðgerðum stjórnvalda hafi dregið verulega úr meðferðarþjónustu og tiltekur ártalið 2000 sérstaklega vegna þess að „flest bendir til þess að umfang og kostnaður vandans hafi á sama tíma aukist“.

Hann telur það vafamál hvort Íslendingar haldi sérstöðu sinni hvað varðar áherslu á áfengis- og vímuefnamedferð, ef lítið er til annarra þjóða og framtíðarinnar.

Áhyggjuefnið er mun minni þátttaka Landspítala og annarra meðferðarstofnana í áfengis- og vímuefnamedferðinni.

Þórarinn segir að SÁÁ hafi reynt að halda úti óbreyttri þjónustu á eigin kostnað sem nemur um 250 milljónum árlega. Það sé gert með því að breyta ætluðum dagdeildum af hálfu heilbrigðisráðuneytisins á Vík og Staðarfelli í innlögn á sjúkrastofnun. Þannig hefur sjúkrarúmum á Vogum verið fjölgað úr 42 í 60.

Í samtali við Fréttablaðið segir Þórarinn að í fækkun sjúkrarúma sem eru að fullu greidd af heilbrigðisyfirvöldum, úr 265 í rúmlega 60, megi sjá eina birtingarmynd þeirrar gríðarlegu færslu sem orðið hefur á umönnun frá ríkinu til sveitarfélaga – og nefnir fatlaða og aldraða.

„Þarna er ein tilfærslan til viðbótar alveg sláandi, nú er þessu fólki vísað á sveitarfélögin og það er ekkert að ástæðulausu sem vex svona kostnaður Reykjavíkurborgar vegna þessa vanda í félagsþjónustu og ýmsum búsetuúrræðum sem þeir halda upp, svo dæmi sé tekið,“ segir Þórarinn.

Aðspurður hvað liggja hér að baki segir Þórarinn að málið sé háþólitískt, og spurningum um úrræði sé oftast mætt með fullkomnu tómlæti.

svavar@frettabladid.is

Dublin

Þáskaferð | 13. apríl | 4 nætur



Frábært verð frá: **69.900 kr.**

og **12.500 Vildarpunktur.**

Á mann m.v. 2 í herbergi á Camden Court með

morgunmat.

Verð án Vildarpunkta: **79.900 kr.**

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

Sumardagurinn langfyrsti

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16 OG Á MORGUN SUNNUDAG

SUMARKAUPAUKAR:

- 150.000 kr. bensínkort
- Útilegukortið
- Veiðikortið

Lykill býður sérkjör á bílalánum
Valdir bílar á spennandi tilboði!

Grillaðar pylsur og gos
handa gestum alla helgina.
Verið velkomin.



Lykill
Tjarnvegurinn

www.bilaland.is



FORD Focus Edition
Nýskr. 05/14, ekinn 61 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.890 þús. kr.



RENAULT Scenic III
Nýskr. 09/12, ekinn 79 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.690 þús. kr.



HONDA Civic Sport
Nýskr. 02/16, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.690 þús. kr.

SUMARVERÐ:
2.350 þús. kr.



TOYOTA Auris Terra
Nýskr. 05/14, ekinn 72 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.690 þús. kr.



VW Passat Ecofuel
Nýskr. 06/12, ekinn 67 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.990 þús. kr.



HONDA Jazz Comfort
Nýskr. 07/14, ekinn 19 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.290 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.890 þús. kr.



KIA Rio III
Nýskr. 06/14, ekinn 42 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.250 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.890 þús. kr.



HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 04/15, ekinn 89 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.490 þús. kr.



NISSAN Note Acenta Plus
Nýskr. 05/15, ekinn 80 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.140 þús. kr.

SUMARVERÐ:
1.790 þús. kr.



TOYOTA Avensis Terra
Nýskr. 05/15, ekinn 29 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.650 þús. kr.

SUMARVERÐ:
2.190 þús. kr.

Gerðu klárt fyrir sumarið og fáðu þér
ferðabíl á frábærum kjörum.

Í dag og á morgun verður sannkölluð sumarhátíð í Bílalandi með grillveislu,
spennandi tilboðum og sumarkaupauka með bílum. Lykill býður sérkjör
á bílalánnum. Komdu í heimsókn, við verðum í sumarskapi alla helgina!

Opið í dag laugardag frá 12-16 og sunnudag frá 12-16

bílaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


TÖLUR VIKUNNAR 05.03.2017 – 11.03.2017

2

líkamsrásir í Mjódd voru kærðar til lögreglunnar á fimm dögum.

173

hafa í vetur legið á Landspítalanum vegna flensu.



7 manns hafa látist í fangelsum landsins frá árinu 2001, þar af frömu fimm sjálfsvíg.

50

stöðugildi sálfræðinga eru á Landspítalanum í heild.

90%

gerenda í ofbeldismálum í miðborginni eru karlmenn og um 80% brotþola.

33

kilómetrar af þjóðvegi 1 eru enn ómalbikaðir.

24.109

manns komu á Vog til meðferðar á árunum 1977 til 2015.

9%

aukning var á umferð á Íslandi í fyrra.



Þrjú í fréttum EM-brons, þensla og samgöngur

Aníta Hinriksdóttir

frjálsíþróttakona

tryggði sér brons í 800 metra hlaupi kvenna á EM innanhúss í Belgrad í Serbíu. Aníta var með besta tímann í undanrásum og næstbesta tímann í undanúrslitum. „Ég er hrikalega kát með þetta,“ sagði Aníta að loknu mótinu. Aníta, sem hefur dvalið í Hollandi stærstan hluta vetrarins, kom heim til vikudvalar til að safna kröftum. Í apríl fer hún í æfingabúðir í Bandaríkjunum.



Lars Christensen

fyrrverandi aðalhafgræðingur Danske Bank

segir nýjustu hagvaxtartölur hér ekki gefa tilefni til að grípa til einhverra viðbragða í ódagoti.



Ríkisstjórnin megí hins vegar ekki auka á þenslu með auknum ríkisútgjöldum. „Forsætisráðherrann og fjármálaráðherrann verða að standa í lappirnar,“ sagði Lars sem fagnar hugmyndum um auðlindasjóð.

Svavar Pétur Eysteinnsson

bóndi á Karlsstöðum í Berufirði

var einn skipuleggjenda mótmæla gegn niðurskurðri á samgönguáætlun.

Hann sagði óþodlegt að fresta ætti malbikun á þjóðvegi eitt við Berufjarðarbotn. Svavar



Pétur sagði þrjú dekk hafa farið hjá honum og konu hans á einni viku í fyrrasumar. Það væri of mikið. Því fylgdi kostnaður, tími, óþægindi og vesen.


Borgarstjóri kynnir lausnir fyrir heilbrigðisráðherra

Í bréfi Dags B. Eggertssonar til Óttars Proppé kynnir borgarstjóri hvernig hægt væri að nýta þá 3,4 milljarða sem falla á samfélagið á ári vegna fráflæðisvanda LSH. Þá bendir hann heilbrigðisráðherra á að ákvarðanir um næstu skref og uppbyggingu úrræða geti ekki beðið. Engin ný hjúkrunarrými opnuð frá árinu 2010.

STJÓRN MÁL Brýnt er að fara tafarlaust í frekari uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík til að mæta brýnni þörf og framtíðarþörf. Þetta kemur fram í bréfi sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sendi Óttari Proppé heilbrigðisráðherra í byrjun mars. Dagur segir borgina hafa lóðir til reiðu fyrir byggingu hjúkrunarheimila og fyrir viðbyggingarmögu-leika. Dagur leggur til að settur verði á fót sameiginlegur starfshópur til að meta þróun og þjónustuþyngd til framtíðar og hvernig hægt sé að bregðast við.

Dagur segir að ekki hafi verið opnuð ný hjúkrunarrými í borginni síðan 2010 þegar Mörkin tók til starfa. Þó sé búið að samþykkja byggingu 105 rýma hjúkrunarheimilis við Sléttuveg sem ráðgert er að opna árið 2019. Kostnaður, beinn og óbeinn, vegna fráflæðisvanda LSH sé 4,5 milljarðar á ári miðað við árið 2015. Sé kostnaður við að hafa sjúklinga innliggjandi á deildum LSH í bið eftir hjúkrunarrými dreginn frá kostnaði við að hafa þessa sömu sjúklinga á hjúkrunarheimili fáiast samfélagskostnaður upp á 3,4 milljarða. Vitnar Dagur í tölur frá Hagfræðideild HI.

„Í núverandi stöðu er brýn þörf fyrir hendi og samfélagslegur kostnaður vegna fráflæðisvanda LSH er mikill. Ákvarðanir um næstu skref og uppbyggingu úrræða geta ekki beðið að mati borgarinnar,“ segir í bréfinu. Hægt væri að nýta þessa 3,4 milljarða betur og leggur Dagur til þrjár hugmyndir. Sú fyrsta er uppbygging hjúkrunarheimila. Lóð sé tilbúin norðan við Borgarholtsskóla og hefur Hjúkrunarheimilið Eir/Skjól lýst yfir áhuga á að reka það með 120-150 rýmum. Viðbótarrými



Fráflæðisvandi LSH er mikill. Kostnaður, beinn og óbeinn, vegna hans er 4,5 milljarðar á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og ný rými við Sóltún gætu verið alls 107. Þá sé Skógarbær reiðbúinn að fjölga rýmum um 30-40. Þessi 280 rými myndu kosta 2,4 milljarða á ári.

Þá bendir Dagur á sérhæfða þjónustu við aldraða í heimahúsi, 80 ára og eldri. Kostnaðurinn er metinn 8,5 milljónir á einstakling en dvöl á hjúkrunarheimili kostar 9,9 milljónir og er ekki byggingarkostnaður eða leiga inni í tölunum.

Að síðustu bendir Dagur á að framlag til heimahjúkrunar hafi staðið í stað síðan borgin tók við henni árið 2009. Í bréfinu bendir Dagur á að samkvæmt greiningu efnahagssviðs SA hafi Norðurlönd-

Ákvarðanir um næstu skref og uppbyggingu úrræða geta ekki beðið að mati borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri



in síðustu ár lagt aukna áherslu á að færa öldrunarþjónustu og aðra langtímaumönnun yfir í minna fjárfrek úrræði eins og heimahjúkrun. Ísland sé ekki að taka þátt í þeirri þróun. benediktboas@365.is

Betri nýting á 3,4 milljörðum – hugmyndir Dags B. Eggertssonar

1. Fjölga hjúkrunarrýmum um 280. Kostnaðurinn væri 2,7 milljarðar.
2. Sérhæfðari heimaþjónustu fyrir 100 einstaklinga. Kostnaður: 850 milljónir.
3. Aukið fé í heimahjúkrun sem myndi þjónusta 4.800 manns. Kostnaður: 1,4 milljarðar.

KOMDU OG PRUFADU

RENEGADE

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

OPIÐ Í DAG LAUGARDAG 12 - 16



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



HÚSAMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Nýtt Húsasmiðjublað er komið út

SÚPER TILBOÐ Í MARS



18V
+50 fylgihlutir
STANLEY

SÚPER TILBOÐ

27.870 kr

~~38.495 kr~~

Hleðsluborvél + 50 fylgihlutir
18V, 2,0Ah Li-ion rafhlöður (2 stk.). Högg, hersla 50Nm, Led ljós.
5151100



BLACK & DECKER

SÚPER TILBOÐ

9.995 kr

~~14.995 kr~~

Hleðsluborvél
10,8V, tvær 1,5Ah
Li-ion rafhlöður,
hersla 26Nm.
5245565

33%
afsláttur



25%
afsláttur

Nilfisk

SÚPER TILBOÐ

11.995 kr

~~15.995 kr~~

Háprýstidæla C
105.7-5 (EU)
105 bör, 440 ltr./klst.
Sjálfvirk gagnsetning
og stöðvun með
click & Clean kerfi.
5254201

20-30% afsláttur



af ALLRI
Jotun Lady
veggmálning



Electrolux
5 ÁRA
ABYRÐ

PÚ SPARAR: 10.090 KR

Pvottavél
FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690

54.900 kr

~~64.990 kr~~



SÚPER TILBOÐ

3.374 kr

~~4.499 kr~~

Pottur 20 cm
Non Stick, Pro Induc.
2006402

25%
afsláttur

ELDHÚS & BAÐ
25% afsláttur



af ÖLLUM blöndunartækjum, salernum, vöskum, handlaugum,
handklæðaofnum, innréttingum, speglum, sturtuklefum og fleira.



40%
afsláttur

SÚPER TILBOÐ

9.595 kr

~~15.995 kr~~

Topplyklasett
Neo, 73 stk, 1/2"-1/4". Toppar 4-27 mm skrall 72T.
5052569



BLACK & DECKER

SÚPER TILBOÐ

5.995 kr

~~8.995 kr~~

Höggborvél
500W, 13 mm
málmpatróna.
5245599

33%
afsláttur



17%
afsláttur

Nilfisk

SÚPER TILBOÐ

9.995 kr

~~11.995 kr~~

Ryksuga
Buddy II, 12 ltr.
Fyrir þurr og
blautt, 1200W,
12 ltr. tankur,
þyngd 4,4 kg.
5254378



25%
afsláttur

BEKA

SÚPER TILBOÐ

3.459 kr

~~4.619 kr~~

Panna 20 cm
Stál með rispuvarnar húð.
2006527

Ókeypis ís

fyrir ALLA í Húsasmiðjunni Skútuvoði

Í dag laugardag frá kl. 12-16



VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ
ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



Byggjum á betra verði





Þótt það rigndi í Stangarhálsi voru sjálfboðaliðar sáttir við vinnu.

Stefnt á að sjálfboðaliðar vinni 250 vinnuvikur

NÁTTÚRA Sjálfboðaliðar á vegum Víná Þórsmerkur munu halda áfram í sumar við endurbætur og viðhald á stigum í Þórsmörk. Sérstök áhersla verður lögð á Valahnúk vestanverðan og Tindfjallahringinn. Einnig verður unnið á svæðinu þar sem Laugavegurinn kemur inn í Þórsmörk og á Fimmvörðuhálsleiðinni upp úr Þórsmörk.

„Það er viðhald á stigum og við erum að beina vatninu þannig að það renni ekki eftir stigunum og valdi jarðvegsrofi,“ útskýrir Hreinn Óskarsson hjá Vínunum Þórsmerkur, en hann vinnur einnig hjá Skógræktinni sem haft hefur umsjá með Þórsmörk síðan 1920. Þá er verið að gera tröppur á hættulegustu stöðum. „Það eru nokkur svæði þar sem hefur þurft að gera alvöru tröppur sem falla inn í landið og sjást varla,“ segir hann.

Hreinn segir að áfram verði haldið að endurnýja stikur á öllum leiðum. „Það verður númer hjá hverri stiku og við tökum hnitin á hverri stiku þannig að ef fólk lendir í vandræðum hjá þessum stikum, hvort sem það villist eða slasast, þá verður hægt að láta björgunarsveitir vita númerið á viðkomandi stiku,“ segir Hreinn.

Með þessu móti þurfi ekki að senda út fjölmennt björgunarlið til að leita þegar fólk lendir í vanda, heldur nægi að senda smærri hópa.

Viðhald á svæðinu er meira og minna unnið af sjálfboðaliðum og er áætlað að í sumar verði hægt að vinna 250 vinnuvikur. Þessi vinna hefur verið í gangi í hartnær 30 ár en aukinn kraftur var settur í hana eftir Eyjafjallajökulsgosið, þegar ferðamönnum fór að fjölga verulega.

Á morgun, sunnudag, verður háfjallakvöld í Eldborgarsal í tilefni af 90 ára afmæli félagsins. Þar halda tveir fremstu fjallgöngumenn okkar tíma fyrirlestra. Gerlinde Kaltenbrunner, sem er fyrsta konan til að ganga á 14 hæstu tindu heims án viðbótarsúrefnis, og Peter Habeler, sem varð ásamt félaga sínum fyrstur til að ná á topp Everest án viðbótarsúrefnis. Aðgöngumiðiðinn kostar 1.000 krónur og rennur ágóði af honum beint í verkefni Víná Þórsmerkur.

– jhh

» Áfram verður unnið við stikur á gönguleiðum. Það mun auka öryggi göngumanna sem þar fara.

Auglýsingatekjur RÚV rúmir tveir milljarðar

Samkvæmt ársreikningi RÚV fyrir síðasta ár sem kom út í gær kemur í ljós að stofnunin borgaði utanaðkomandi starfsmönnum um 2,6 milljarða króna í laun vegna dagskrár. Þá er RÚV stórtækt á auglýsingamarkaðnum.

SAMFÉLAG Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostnaður vegna dagskrár RÚV nam 2,6 milljarðum króna á síðasta ári. Annar beinn kostnaður vegna dagskrár nam 243 milljónum. Réttinda-greiðslur vegna dagskrár námu tæpum milljarði. Þetta kemur fram í ársreikningi RÚV sem birtur var í gær. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 95 milljónum fyrir skatta sem það mun ekki greiða skatta af vegna uppsafnaðs taps.

RÚV hagnaðist um 1.429 milljónir króna eftir skatta í fyrra en afkoman skýrist að mestu af einkiptishagnaði vegna sölu á byggingarrétti á lóð við Efstaleiti 1 sem nam 1.535 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall RÚV er nú 23,8 prósent en var 6,2 prósent í lok árs 2015. Í tilkynningu RÚV til Kauphallar Íslands kemur fram að breytingar í rekstri hafi skilað umtalsverðri hag-ræðingu.

Tekjur af auglýsingum námu 2,2 milljarðum en



Húsnæði Ríkisútvarpsins við Efstaleiti í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í ársskýrslu fjölmiðlanefndarinnar kemur fram að velta á innlendum auglýsingamarkaði nemi um tíu milljarðum króna. RÚV fær fjóra milljarða ár hvert í formi útvarps-gjalds. Það er 16.800 krónur í ár og hækkaði um 400 krónur á milli ára en það er lagt á alla sem eru 16-70 ára. Í ræðu Illuga Gunnarssonar, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, í fyrra kom fram að engin ríkisútvarp á Norðurlöndum væru á auglýsingamarkaði. Einkareknir fjölmiðlar hafa kallað eftir því að RÚV dragi sig út af auglýsingamarkaði.

Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri

Heildarlaun sem RÚV greiddi voru um tveir milljarðar og voru 258 heildarstöðugildi. Launatengd gjöld voru 216 milljónir. Laun og þóknunir Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra námu 17,2 milljónum króna. Laun til æðstu stjórnenda fyrir utan Magnús námu 119,6 milljónum og stjórnarlaun námu 11,8 milljónum.

Í ársreikningnum kemur fram að viðræður standi yfir milli RÚV og Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um skilmálabreytingu á láni. Fyrir liggur að RÚV mun þegar fram líða stundir ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af láninu miðað við óbreytt vaxtakjör og greiðsluskilmála. Samkomulag náðist um að fresta afborgunarhluta greiðslu sem var á gjalddaga 1. október í fyrra þar til viðræðum lýkur.

benediktboas@365.is

Telja Svía hafa greitt mútur vegna sölu herflugvéla

BRASILÍA Fyrirverandi forseti Brasilíu, Lula da Silva, vill að Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, komi til Brasilíu til að bera vitni um þátt hans í sölu á JAS-herflugvéllum.

Frá því að Verkamannaflokkurinn missti völdin í Brasilíu í fyrra þegar Dilma Rousseff forseti neyddist til að fara frá hafa Lula da Silva verið birtar fjórar ákærur, að því er Dagens Nyheter greinir frá. Hann er sakaður um að hafa þegið þakibúð að gjöf frá byggingafyrirtæki, fengið viðgerð á sumarhústað og að hafa skipulagt greiðslur frá öðru byggingafyrirtæki til hliðhollra stjórnmalámana.

Ástæða þess að Lula da Silva er

einnig ákærður fyrir brot í sambandi við útflutning Svía á JAS-herflugvéllum er sú að saksóknarar fundu sem samsvarar 84 milljónum íslenskra króna á reikningi yngsta sonar hans sem var greiðsla frá einstaklingi sem dæmdur hafði verið fyrir spillingu. Verjandi Lula da Silva segir soninn hafa fengið féð annars staðar frá.

Saksóknarar telja að Lula da Silva, Dilma Rousseff og Stefan Löfven hafi gengið frá sölu JAS-herflugvéllanna á hótélherbergi við útför Nelsons Mandela í Suður-Afríku 2013. Löfven var þá ekki orðinn forsætisráðherra Svíþjóðar. Það er mat saksóknaranna


að Lula da Silva hafi nýtt sér stöðu sína sem fyrirverandi forseti og tekið við fé til að telja Rousseff að kaupa herflugvéllarnar.

Verjandi da Silva, Cristiano Zanin, segir að í tölvupósti sem saksóknarar hafa undir höndum skrifi Löfven að hann vilji hitta da Silva við útför Mandela. Það sé enginn glæpur. Fundur þeirra hafi verið á persónulegur en ekki viðskiptafundur.

Löfven kveðst ekki hafa setið á hótélherbergi og fundað með forsetunum fyrirverandi. Hann hafi ekki fengið boð frá dómara um að koma til Brasilíu og hann hyggst ekki fara þangað. – ibs



Fyrirverandi forseti Brasilíu í stuði. NORDICPHOTOS/AFP



1. 1.3. – 7.3.2017

Metsölulisti Eymundsson
Ljósabækur

Ég er hér
SOFFÍA BJARNADÓTTIR

Eftir fyrstu nóttina fórstu að þrifa messið sem ástin er hvíta línið mig langaði að æpa en þagði.



Danskir dagar



Jensen's
Pulled Pork



Jensen's
BBQ súningaríf
- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli



Jensen's sósur
- Bearnaisesósa
- Piparsósa
- Favorit-sósa
- Whisky-sósa

Nýtt í Hagkaup **direkte fra Danmark**



299

Earth Control snakk
En chips, som er tykkere, sprødere og sprængfyldt med smag.

Nýtt í Hagkaup **direkte fra Danmark**



149

Naturfrisk Botanical and fruit
Rabeber og Pink Grape.

direkte fra Danmark



299

Toms Guld karamellur
Klassiske, lakrids og mint.

direkte fra Danmark



K Salöt
Danskernes foretrukne.

direkte fra Danmark



399

Dan Cake
Margar tegundir. Kíktu á úrvalið.

direkte fra Danmark



Tulip álegg
Gammeldags rullepølse, bacon og røget rullepølse.

direkte fra Danmark



899

999

Anton Berg
Apricot in Brandy, Plum in Madeira og Strawberry in Champagne.

direkte fra Danmark



Faxe Kondi
Danmarks lemon/lime sodauand nr. 1.

Gildir til 19. mars á meðan birgðir endast.

Oculus býður nú upp á sýndarveruleikastreymi

Oculus, sýndarveruleikafyrirtæki í eigu Facebook, kynnti í gær upp-færslu á sýndarveruleikagleraugum sínum sem mun gera notendum kleift að streyma í 360 gráðum á Facebook.

Munu notendur þannig geta deilt upplifun sinni með vinum og

vandamönnum. Til dæmis ef verið er að spila tölvuleik. Uppfærslan fór í loftið utan Bandaríkjanna í gær en þar í landi munu menn þurfa að bíða í nokkrar vikur. Er henni ætlað að auka sýnileika sýndarveruleika-efnis og sýna fólki hvernig það er að spila leiki með gleraugunum. – Þea

AÐAL FUNDUR

Félags iðn- og tæknigreina 2017

verður haldinn í Borgartúni 30, 6. hæð, laugardaginn 18. mars kl. 11.00.

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Lagabreytingar (Tillaga stjórnar um breytingu á 11. grein).
5. Kjóri stjórnar lýst.
6. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga, og uppstillinganefndar.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
9. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.



Brian Chesky (til vinstri), stofnandi og framkvæmdastjóri Airbnb, á ráðstefnu í Los Angeles í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

Mikill uppgangur hjá Airbnb undanfarið

Leigubjónustan Airbnb kom vel út úr nýafstaðinni fjáröflunarlotu. Fyrirtækið er nú metið á 31 milljarð dala, andvirði um 3.300 milljarða íslenskra króna. Fyrirtækið hyggst ekki skrá sig á markað á næstunni. Mætir andstöðu víða um heim.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Leigubjónustan Airbnb aflaði milljarðs Bandaríkjadala í nýafstaðinni fjáröflunarlotu fyrirtækisins. Er það andvirði um 108 milljarða íslenskra króna. Þetta kemur fram í tilkynningu fyrirtækisins til yfirvalda sem birtist í gær.

Einnig kemur fram í tilkynningunni að fyrirtækið sé nú metið á 31 milljarð dala, andvirði um 3,3 billjóna íslenskra króna.

Í síðustu fjáröflunarlotu fyrirtækisins aflaði fyrirtækið um fimm hundruð milljóna Bandaríkjadala þannig að ljóst er að áhugi fjárfesta hefur aukist talsvert. Frá árinu 2008 hefur alls verið fjárfest í fyrirtækinu fyrir þrjú milljarða Bandaríkjadala.

Þar sem fyrirtækið er nú metið á 31 milljarð dala er það næstverðmætasta sprotafyrirtæki Bandaríkjanna á eftir Uber. Munurinn á verðmæti fyrirtækjanna er þó talsverður. Uber er metið á um 63 milljarða dala, and-

virði 6,8 billjóna króna. Airbnb skiladði hagnaði í fyrsta sinn á seinni hluta síðasta árs. Forsvarsmenn Airbnb búst við því að fyrirtækið skili einnig hagnaði á þessu ári.

Forsprakkar fyrirtækisins hafa þó ekki í huga að skrá fyrirtækið á markað vestanhafs á næstunni. Samkvæmt heimildarmanni Business Insider er það ekki inni í myndinni.

Airbnb hyggst stækka við sig á komandi misserum. Fyrir ári sagði framkvæmdastjórinn Brian Chesky við blaðamann Bloomberg að fyrirtækið ætlaði ekki bara að miðla leigu á íbúðum. Einnig væri vilji fyrir því að hafa milligöngu um bókanir á veitingastaði, söfn, hjóla- og bílaleigur og hótél. Af því hefur hins vegar ekki orðið enn sem komið er.

Í vikunni sem er að líða birti Íslandsbanki skýrslu um ferðaþjónustuna á Íslandi. Kom þar fram að Airbnb ætti stóran þátt í hækkanði íbúðaverði. Þáttur Airbnb í hækkanði verði hefur orðið til þess að raddir hafi heyrst um að banna ætti þjónustuna hérlandis.

108

milljarða íslenskra króna aflaði Airbnb í nýafstaðinni fjáröflunarlotu.

Fyrirtækið mætir þó mótstöðu annars staðar en á Íslandi. Þannig sagði Tomás Regalado, borgarstjóri Miami-borgar í Bandaríkjunum, á fimmtudag að hann vildi að borgaryfirvöld beittu sér gegn þeim sem leigðu íbúðir sínar út til ferðamanna í gegnum þjónustu Airbnb.

Ólöglegt er að leigja íbúðir í staka daga eða vikur samkvæmt lögum borgarinnar.

„Óflugir þrýstihópar sem tala máli Airbnb munu reyna að sannfæra okkur um að við getum komist að samkomulagi. Að þetta fólk sé gott fyrir viðskiptalíf í borginni,“ sagði Regalado og bætti því við að leigjendur Airbnb-íbúða skapi ókyrrð í rólegri hverfum borgarinnar.

Nýtt á ferdir.is



Norður England

Jórvík og Vatnahérað
12-17 maí

Verð frá: 179.400 kr

Skozku Hálöndin

Skozku Hálöndin
og Edinborg
2-6 september

Verð frá: 149.500 kr

Hautferð til Prag

Hautferð til Prag,
Cesky Krumlov og Passau
9-14 nóvember

Verð frá: 138.800 kr

Nánar á www.ferdir.is


Framleiðslugalli í Pixel veldur hljóðnemabilun

Google Pixel, nýr snjallsími tæknirisans Google, þjáist af framleiðslugalla sem getur valdið bilunum í hljóðnemum hans. Fjölmargir eigendur hafa kvartað yfir vandanámum sem tengjast hljóðnemum símans undanfarna daga á spjallborði fyrirtækisins. Gallinn finnst einnig í stærri útgáfu símans, Pixel XL.

Bilanirnar eru fjölbreyttar. Í sumum tilfellum nema hljóðnemarnir oflitið hljóð og í öðrum tilfellum virka þeir bara alls ekki. Í samtali við fréttasiðuna Android Police staðfesti starfsmaður Google að um framleiðslugalla væri að ræða. Þó næði vandamálið einungis til um eins prósentis allra Pixel-síma sem framleiddir voru fyrir janúar 2017.

Google mælir með því að eigendur Pixel-síma sem hrjáðir eru af umræddum galla skili símunum, séu þeir í ábyrgð, og fái nýja í staðinn.

– Þea



Google Pixel. NORDICPHOTOS/AFP



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX INVINCIBLE

aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir



Verð frá: 5.190.000 kr.

Invincible 33" breyting fylgir með

Hilux er ódrepanði harðjagl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
Verðmæti: 780.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Sumarveðrið varð Áströllum dýrkeypt

Miklar hitabylgjur voru í austurhluta Ástralíu sumarmánuðina þrjá, desember til febrúar, en úrhellisrigning og flóð í vesturhlutanum. Loftslagsráð Ástralíu talar um „reiða sumarið“ og spáir fleiri slíkum. Búast megi við meiri öfgum í veðrinu með tíðari hitabylgjum.

ÁSTRALÍA Sumarið í Ástralíu varð það heitasta og blautasta síðan mælingar hófust. Sums staðar fór hitinn yfir 35 stig 54 daga í röð. Alls voru meira en 200 veðurmet slegin sumarmánuðina þrjá, sem þar eru desember, janúar og febrúar.

Þetta kemur fram í skýrslu Loftslagsráðs Ástralíu, þar sem fullyrt er að Ástralíubúar hafi aldeilis fengið að kenna á loftslagsbreytingum af mannavöldum þetta sumarið.

Skýrslan nefnist Angry Summer, eða reiða sumarið.

Mikill munur var þó á veðrinu eftir því hvar í Ástralíu borðið er niður. Í austurhluta álfunnar voru miklar hitabylgjur, steikjandi heitir dagar og mikið um gróðurelda. Í vesturhlutanum var hins vegar úrhellisrigning með miklum flóðum.

Meðal annars er nefnt að íbúar borgarinnar Adelaide hafi ekki upplifað meiri hita á jóladag í sjötíu ár, en nú í sumar komst hitinn þar upp í 41,3 gráður á Celsius. Og í Sydney varð hitinn meiri en nokkru sinni hefur mælst, eða 2,8 stigum hærra en meðaltalið.


Fullyrt er að þessi þróun eigi eftir að halda áfram. Búast megi við meiri öfgum í veðri með tíðari hitabylgjum og nýjum hitametum.

Alls gerðist það á að minnsta kosti níttján stöðum í Ástralíu að hitinn komst yfir 40 stig fleiri daga en áður hefur mælst, og er þá miðað við að minnsta kosti 40 ára tímabil. Alvarlegasta hitabylgjan þetta sumarið hófst 31. janúar og stóð til 12. febrúar.

Hvert veðurmetið á fætur öðru

Sumarið í Ástralíu hefur verið óvenju svæsið, með steikjandi hita sums staðar, gríðarlegu úrhelli annars staðar og gróðureldar hafa eyðilagt tugi húsa.

- Úrkomumet
- Hitamet
- Staðreynd um skógarelda
- Staðreynd um hitastig
- Staðreynd um loftslag



Alls féllu meira en 205 veðurmet sumarið 2016-17 (des-feb)		
89 staðir	66 staðir	50 staðir
Mesta úrkomu að sumri til	Mesti hiti að sumri til	Aldrei fleiri sumardagar með hita yfir 35 gráðum

Heimild: Climate Council

© GRAPHIC NEWS



Gróðureldar eyðilögðu tugi heimila í austurhluta Ástralíu. NORDICPHOTOS/AFP

Þessir miklu hitar kosta þjóðfélagið stórfé. Enn eigi að visu eftir að meta kostnaðinn af sumrinu sem var að líða, en vitað sé að sumarið 2013 til 2014 hafi kostað ástralska skattborgara um það bil átta milljarða dala, eða nærri 650 milljarða króna.

Hitabylgjurnar í Ástralíu hafa

veruleg áhrif á heilsu margra. Loftslagsráð Ástralíu telur að á tímabilinu 1890 til 2013 hafi hitabylgjur kostað um 2.900 manns lífið, en það eru fleiri dauðsföll en urðu samtals af völdum gróðurelda, fellibylja, jarðskjálfta, flóða og ofsavæðurs á þessu sama tímabili.

gudsteinn@frettbladid.is

Íbúum Árborgar fjölga um 249

SAMFÉLAG Íbúar Árborgar þann 1. mars voru 8.517 og hefur þeim fjölgað um 249 síðan í mars á síðasta ári eða um rúm þrjú prósent. Tölurnar voru lagðar fram á bæjarstjórnarfundum í Árborg.

Alls eru 33 íbúar óstaðsettir en 7.152 búa á Selfossi, 294 í dreifbýli, 516 á Eyrarbakka og 17 í dreifbýli þorpsins. Alls eru 522 íbúar á Stokkseyri og 75 í dreifbýli. – bb

7.152

búa á Selfossi samkvæmt tölum sem kynntar voru.

Forseti Suður-Kóreu sviptur embætti

SUÐUR-KÓREA Park Geun-hye hefur endanlega verið rekin úr embætti forseta Suður-Kóreu vegna hneykslismáls sem tengist trúnaðarvinkonu hennar, Choi Soon-sil.

Stjórnarskrárdómstóll landsins staðfesti í gær niðurstöðu þjóðþings landsins, sem ákvað í desember síðastliðnum að svipta hana embættinu, tæplega fjórum árum eftir að hún tók við því.

Um leið er hún svipt þinghelgi þannig að nú verður hægt að draga hana fyrir dómstóla.

Hún er sökuð um að hafa notfært sér stöðu sína sem forseti til að hjálpa vinkonunni að hagnast. Þetta á hún að hafa gert með því að þrýsta á fyrirtæki til að fá þau til að gefa stórfé til tvennra samtaka, sem vinkonan stofnaði.



Park Geun-Hye viðurkenndi barnaskap og kæruleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Park hefur viðurkennt að hafa sýnt af sér kæruleysi og barnaskap, en neitar að hafa þröngvað fyrirtækjunum til eins eða neins. Hún þvertokur einnig fyrir að hafa látið vinkonu sína hafa áhrif á störf sín eða gert henni kleift að hafa áhrif á ríkismálefni.

Stjórnlagadómstóllinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að vinkonan hefði í raun blandað sér í málefni ríkisins. Park hafi hins vegar gert allt til að fela það að mati dómstólsins.

Mótmæli hafi verið tíð í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, eftir að hneykslismálin komu upp. En Geun-Hye á sér líka stuðningsmenn. Þeir þustu út á götur borgarinnar og létu í sér heyrta eftir að niðurstaðan varð ljós í gær. – gb

TAX FREE

AF ÖLLUM ÆFINGAFATNAÐI

TAX FREE JAFNGILDIR 19,36% VERÐLÆKKUN. DAGANA 9. – 13. MARS 2017. GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR LÆKKUÐU VERÐI. *GILDIR AÐEINS Á FATNAÐI.

9.-13.
MARS

INTERSPORT

BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI



FRUMSÝNUM VOLVO V90 CROSS COUNTRY AWD

KOMDU Á FRUMSÝNINGU Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12-16.

Keyrðu burt frá erli dagsins.
Láttu íslenska náttúru endurnæra þig, fylla þig orku.
Á Volvo V90 Cross Country AWD kemstu þangað sem þig langar.

Þú færð tímamóta Volvo öryggi, afl og snjalltækni
í Volvo V90 Cross Country AWD.
Endurnærðu þig, stingdu af á vit ævintýrana.

INNOVATION MADE BY SWEDEN



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisupppfningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

volvocars.is

Stoltur af íbúum og mætir gagnrýni

Guðmundur Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, fagnar opinni umræðu um aðstæður fatlaðs fólks. Umræðan sé krefjandi en hann segist ætla að leggja sig fram við að bæta aðstæður íbúa á Sólheimum enn frekar og vill betri samgöngur til og frá Sólheimum.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



„Mér finnst mikilvægt að styðja við íbúa, bæði þá sem búa hér eða hafa gert það. Þá sem vilja tjá sig um réttindi sín og hag,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, um gagnrýni á aðbúnað fatlaðra íbúa.

Tveir fyrrverandi íbúar á Sólheimum gagnrýndu bág launakjör, óljóst fyrirkomulag í innheimtu kostnaðar og skort á sjálfræði í viðtölum við Fréttablaðið og Átak, félag þroskahamlaðra. Í viðtölunum kom fram að þótt þeim hefði líðið vel um tíma á Sólheimum hefði aðbúnaði hrakað eftir hrun. Þá væru samgöngur frá Sólheimum bágar og bæði erfitt og flókið væri að flytja sig frá staðnum í annað úrræði.

Guðmundur segist taka umræðu og gagnrýni íbúanna fyrrverandi fagnandi. „Það er auðvitað krefjandi, stundum erfitt, en það þurfa allir að eiga sína rödd. Það er líka þannig að við verðum öll, sem gætum hagsmuna fatlaðra, að vera gagnrýnin á eigin samtíma. Við erum öll í eðli okkar sjálflæg og hættir til að líta þannig á að í dag búum við í hinum fullkomna heimi. Svo þegar við litum til baka eftir tíu ár, þá er kannski eitt-hvað sem við skiljum ekki af hverju við færðum ekki í betra horf,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir að frá því að réttindagæslumenn hafi fyrst gert athugasemdir við aðbúnað á Sólheimum hafi verið brugðist við. Hann líti svo á að starfsemin sé í stöðugri þróun. „Við leggjum til dæmis mjög hart að okkur núna við að auka gagnsæi. Styrktarsjóður Sólheima á og rekur nánast allt íbúðar- og þjónustuhúsnæði. Sami lögaðili heldur ekki um eignarhald og veitir þjónustuna. Við breyttum einnig rekstri fyrirtækja á Sólheimum árið 2015 þannig að þau eru í sérstakri sjálfseignarstofnun, Sólheimasetri, þannig að þau tengjast ekki á nokkurn hátt fjármunum sem varið er til þjónustu við fólk með fötlun.“

Réttindagæslumenn gagnrýndu að sumt húsnæði á Sólheimum væri óhentugt. Of margir íbúar byggju í hverju húsi og deildu einu salerni. „Eftir breytingu munu þrír til fjórir búa í húsinu og rúmt verður um hvern og einn. Þrjú salerni og eldhúsaðstaða fyrir hvern og einn,“ bendir Guðmundur á.

Eitt af því sem fyrrverandi íbúar Sólheima deildu á var að greiðslur þeirra til Sólheima voru ekki sundurlíðaðar. „Nú er þetta sundurlíðað og allur kostnaður sýnilegur. Hér greiða íbúar fyrir húsaleigu, hita og rafmagn, innkaup í búð Sólheima og mótuneyti. Hver innkaup og greiðsla í mótuneytinu er gjaldfærð.“

En hvað með þá áðöskun að íbúar væru vaktadír með myndavélum



„Við verðum öll, sem gætum hagsmuna fatlaðra, að vera gagnrýnin á eigin samtíma,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er auðvitað krefjandi, stundum erfitt, en það þurfa allir að eiga sína rödd.

án leyfis? „Við vorum með myndavélar í rými hjá öldruðum íbúum til að gæta að þjónustu til þeirra. Við tókum myndavélar umsvifalaust niður eftir ábendingu og við erum mjög meðvitað um að vöktun

þarfnað leyfis,“ segir hann frá.

Í athugasemdum réttindagæslumanns kom fram að persónulegur póstur til íbúa væri opnaður. „Það hefur ekki gerst án þess að eigandi bréfanna sé viðstaddur. Póstur varðandi fjármál nokkurra íbúa hefur verið opnaður og settur í möppur sem tilheyra hverjum og einum. Við fengum þá ábendingu að þessar möppur ættu að vera staðsettar á heimilum viðkomandi. Þetta hefur verið lagfært,“ segir Guðmundur og segir staðhæfingu um að póstur sé opnaður á skrifstofu sinni alranga.

Launin sem fyrrverandi íbúar Sólheima greindu frá voru allt frá 10 til 30 þúsund krónur á mánuði. Eftir hvaða reglum er farið? „Við greiðum vasapeninga og það er svona metið eftir því hvert vinnuframlagið er hvað upphæðin er há,“ segir Guðmundur. „Þetta er svona á fjölda verndaðra vinnustaða á Íslandi,“ bendir hann á og segir líklega betra að fara að kalla greiðsluna réttu nafni, vasapeninga.

Eru íbúar á Sólheimum ekki frjalsir ferða sinna? Eiga þeir bág með að komast til og frá Sólheimum? „Það er langur vegur frá því að hér séu íbúar frjalsir ferða sinna,“ segir Guðmundur. „Sólheimar eiga samkvæmt lögum ekki að keyra nokkurn mann hvorki innan né utan byggðar. Það eru t.d. tæplegar 20 einstaklingar búsettir á Sólheimum sem samkvæmt ákvörðun velferðarþjónustu Árneshöfna eiga ekki rétt á neinni ferðarþjónustu. Nokkrir þessara einstaklinga hafa stefnt sveitarfélaginu og er það mál fyrir Hæstarétti. Svo er fjöldi einstaklinga með mjög takmarkaða ferðarþjónustu.“

Guðmundur styður réttindabaráttu fatlaðs fólks og segist stoltur af þeim sem hafa stigið fram. „Ég er ánægður með þá sterku einstaklinga sem hafa rætt opinberlega um mál efni sín og Sólheima.“

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

VW Cross Polo

Tilbúinn í ný ævintýr.

400.000 kr. afsláttur!

Þú nærð nýjum hæðum í Cross Polo. Frábærir eiginleikar og ríkulegur staðalbúnaður breyta akstrinum í ævintýr. Komdu og prófaðu nýjan Cross Polo.

Tilboðsverð frá:
2.990.000 kr.

Verðlistaverð: 3.390.000 kr.

- 17,5 cm veghæð
- Hraðastillir
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Xenon aðalljós og LED dagljós
- Nálgunarvarar að aftan og framan

- 17" Canyon felgur
- Hiti í framsætum
- App Connect með Mirror Link og Apple Car Play
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun á tónlist



Volkswagen



GAMMA GLOBAL INVEST:

Alþjóðleg eignadreifing í einum sjóði

GAMMA Global Invest er nýr sjóður sem er skráður í evrum og gerir almenningi kleift að fjárfesta erlendis. Fjárfestar geta þannig náð markmiðum um alþjóðlega eignadreifingu í einum sjóði.

Samstarf við öflugustu fjármála-fyrirtæki í heimi tryggir GAMMA Global Invest aðgang að fjölda fjárfestingarkosta sem skilar sér í hagkvæmri eignadreifingu, bæði á milli eignaflokka og landssvæða.

Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðíð í stað.

NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini. GAMMA: Global Invest er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA skv. lögum nr. 128/2011. Rekstrarfélag sjóðsins er GAMMA Capital Management hf. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á vefsvæði GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hættu á verðsveiflum en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON


SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR

5 DAGA TAX

Allar vörur á ta

3

DAGAR EFTIR



Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100


FREE

taxfree tilboði*

FIMMTUDAGUR TIL MÁNUDAGS
EKKI MISSA AF ÞESSU

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir öllum vörum nema vörum frá IITTALA og SKOVBY og sérpöntunum.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



Síðbúið réttlæti



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Í endurreisnarstarfinu eftir hrún var feigðarflan að nýta forn og úrelt ákvæði um Landsdóm,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í vikunni um Landsdóm sem kallaður var saman í fyrsta og eina skiptið til að rétta yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, um embættisathafnir hans í aðdraganda efnahagshrunsins.

Guðni tók enn dýpra í árinna og sagði að vandfundinn væri sá maður sem teldi að ákvæði um Landsdóm ættu heima í stjórnarskránni.

Fólk getur greint á um það hvort rétt sé að forsetinn lýsi skoðun sinni á lögum í landinu og hætti sér þar með út á flughátt pólitískt svellið.

En forsetinn hittir naglann á höfuðið. Ákvæði um Landsdóm eru alger tímaskekkja, standast ekki kröfur nútíma réttarríkis og farsinn í kringum réttarhöldin yfir Geir H. Haarde mun verða þeim sem þar léku lykilhlutverk til ævarandi vansa. Getur einhver haldið því fram að Geir H. Haarde hafi orðið fyrir ærumissi þrátt fyrir að hafa verið sakfelldur fyrir að halda ekki fundargerðir?

Alls ekki.

Réttarhöldin yfir Geir H. Haarde byggðust á eftiráspeki af versta toga, þar sem framganga ráðherra í aðdraganda hrunsins var dæmd úr filabeinsturni sem búinn var baksýnispegli af stærstu sort. Kannski hefði baksýnispegillinn þó mátt vera enn stærri. Nú er almennt viðurkennt að neyðarlögin, sem Geir og félagar hans í ríkisstjórn höfðu frumkvæði að, lögðu grunninn að efnahagslegri endurreisn landsins.

Ekki má heldur gleyma því að Alþingi fer með ákærvaldið fyrir Landsdómi. Upphaflega voru greidd atkvæði um hvort ákæra skyldi fjóra ráðherra, tvo úr Samfylkingu og tvo úr Sjálfstæðisflokki. Að endingu var ákveðið að ákæra Geir einan. Skómm þeirra þingmanna sem létu pólitik og flokkadrætti ráða atkvæði sínu er sýnu verst.

Eins og Árni Páll Arnason, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, hefur sagt felur fyrirkomulagið með Landsdóm í sér ákæru án undangenginnar rannsóknar sem telja má til grundvallarreglna í lýðræðisríkjum. Í því felst að við gáfum afslátt frá reglum réttarríkisins á þeim forsendum að það væri eina leiðin til að „ljúka uppgjörinu á hruninu“, eins og Atli Gíslason, lögmaður og formaður þingmanna nefndar um málið, orðaði það á sínum tíma. Ötrúleg nálgun frá reyndum lögmanni.

Lög og reglur eiga að tryggja öllum sömu réttindi og girða fyrir að hægt sé að stytta sér leið þótt upp komi sérstakar aðstæður. Dómstólar mega ekki vera eins og lauf í vindi almenningsálitsins hverju sinni.

Við uppgjör á efnahagshruninu í sögubókum framtíðarinnar mun Landsdómsmálið fá harða útreið. Alþingi ætti að afnema úrelt ákvæði um Landsdóm og biðja þá sem fyrir ranglæti urðu afsökunar.

Betra er réttlæti um síðir, en ævarandi ranglæti.



Betra er réttlæti um síðir, en ævarandi ranglæti.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Epalhomminn, fitubollan og okkar innra tröll

Við erum öll tröll. Að minnsta kosti ef marka má nýjstu rannsóknir.

Í vikunni voru kynntar niðurstöður rannsókna tölvunarfræðinga við Stanford og Cornell háskólana á svo kölluðum internet tröllum. Flest ímyndum við okkur þennan ófögnuð internetsins – kakkalakka rökræðulistarinnar – sem hóp andfélagslegra síðblindingja sem hirstast í myrkum kjallaraholum, rækta hampjurtir í pottum og reiði í hjartanu, næra hatur sitt á köldum pitsu-sneiðum og volgu Pepsi Maxi og fara sjaldan í sturtu. En svo er ekki. Í ljós kemur að „atvinnu“ tröll bera aðeins ábyrgð á litlum hluta þeirra andstyggilegu athugasemda sem sliga nú veraldarvefinn. Meirihluti illkvittinna ummæla, rögburðar, hótana og almennrar hatursspýju er runninn undan rifjum fólks sem aldrei hefur brugðið sér í slíkt tröllslíki áður. Þetta er venjulegt fólk; ég og þú.

Eins og dómínókubbar

Á sama tíma og tröllar-rannsóknin var kynnt breyttist allt Ísland í lifandi vitnisburð um sannleiksgildi niðurstöðu hennar.

Ráðstefnan Trufflandi tilvist var haldin um síðustu helgi þar sem fulltrúar hinna ýmsu jadarhópa komu saman, ræddu um fordóma og leituðust við að svara spurningunni „hvað á hinsegin fólk, fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og feitt fólk sameiginlegt?“

Inntak ráðstefnunnar féll hins vegar í skugga sjónvarpsviðstals sem átti sér stað í kjölfar hennar. Tara Margrét Vilhjálmisdóttir, einn gesta ráðstefnunnar, var fengin í viðtal í fréttatíma Stöðvar 2. Spyrillinn, Sindri Sindrason, spurði Töru hvort fordómar væru stundum ekki að einhverju leyti inni í okkur sjálfum. Tara brást við með því að segja orð hans vera töluð úr munni einhvers í forrættindastöðu. Í kjölfarið benti fréttamaðurinn á að hann tilheyrði fjölda jadarhópa: Hann væri samkynhneigður, hefði ættleitt hörundsökkt barn og væri giftur útlendingi.

Viðtalið vekur upp margar áhugaverðar spurningar. Sem dæmi: Starf fréttamanns krefst þess oft að hann gerist holdgervingur andstæðra sjónarmiða er hann

leggur spurningar fyrir viðmælanda en þannig kemur hann af stað rökræðum. Er margir sem halda að spurningar fréttamanna endurspegli skoðanir þeirra sjálfra? Ef maður tilheyrir ekki þeim hópi sem rætt er um, er maður þá ófær um að skilja hann? Og að lokum: Getur einkalíf fréttamanns verið rök í umræðum sem hann stýrir?

Eingin þessara spurninga lét þó á sér kræla í kjölfar viðtalsins. Allt rökrænt innihald var kæft þegar við kvað hatursfyllsta og ómálefnalegasta tröllagarg sem heyrst hefur í langan tíma. Vandlæting á báða bóga ætlaði að kollvarpa internetinu er heilvita manneskjur féllu ein af annarri eins og dómínókubbar og urðu að ósvifnum internettröllum. Sindri var í háði kallaður „aumingja kúgaði, hvíti, ófatlaði Epalhomminn með alla sjónvarpsþættina“. Tara var sögð fitubolla með fötlunarrembu.

Þriggja spurninga reglan

Stóra forrættindamálið segir í raun lítið um Töru Margréti eða Sindra. Tara hefði kannski ekki átt að ganga út frá því að Sindri væri sjálfkrafa forrættindapési vegna þess eins að hann er hvítur karlmaður í vel sniðnum jakkaötum – það eru fordómar. Og Sindri hefði ekki átt að láta slá sig út af laginu. En hver hefur ekki sagt eitthvað klaufalegt í hita leiksins?

Málið segir hins vegar heilmikið um okkur hin.

Fjölmíðlar um heim allan hafa lokað athugasemda-kerfum sínum vegna þeirrar hatursfullu umræðu sem á sér þar stað. Norska ríkisútvarpið NRK hyggst hins vegar fara aðra leið. Til að sporna gegn tröllum ætlar miðillinn að láta lesendur svara þremur spurningum áður en þeir fá að tjá sig um fréttir á vefsíðu hans. Spurningunum er annars vegar ætlað að tryggja að fólk skilji innihald fréttar hyggist það tjá sig um þær og hins vegar að gefa fólki smá tíma til að róa sig niður áður en það lætur vaða.

Kannski að við ættum öll að taka upp þriggja spurninga regluna. Áður en við hreytum næst úr okkur stafrænum ókvæðisorðum ættum við að spyrja sjálf okkur: 1) Hef ég myndað mér upplýsta skoðun á málinu? 2) Myndi ég láta sömu orð falla í áheyrn mömmu, pabba eða barnsins míns? 3) Er þetta nokkuð mitt innra tröll sem talar?



Aðalfundur Ferðafélags Akureyrar

Mánudaginn 20. mars kl. 20.00 verður haldinn aðalfundur Ferðafélags Akureyrar.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál

Stjórnin

**RÝMINGARSALA Á
KORPUTORGI
TÆMUM VERSLUNINA
ALLT Á AÐ SELJAST!**

30%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNINI

ÖLL SÝNISHORN AF HÚSGÖGNUM 50%



GILDIR AÐEINS Á KORPUTORGI

Einherjar mæta þýskum tröllum í Kórnum í kvöld



Klárir í slaginn Bergþór Phillip Pálsson og Ingi Þór Kristjánsson verða á eldlinunni þegar Einherjar, eina íslenska liðið sem æfir og keppir í amerískum fótbolta, mætir Starnberg Argonauts í Kórnum í kvöld. Þjóðverjarnir æfðu á IR-vellinum í Breiðholti í gær en Starnberg spilar í fimmtu efstu deild í Þýskalandi þar sem áhuginn fyrir íþróttinni er mikill. Leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sjómennskan og handboltinn blómstra í Eyjum á nýja árinu

Bæði handboltalið Eyjamanna hafa byrjað árið 2017 mjög vel og það er mikill munur á gengi liðanna eftir áramót. „Ef það gengur vel á sjónum þá gengur allt annað vel,“ segir Arnar Pétursson, þjálfari karlaliðsins.

HANDBOLTI Eyjamenn geta varla verið ánægðari með lífið en í dag. Sjómannaferfallið að baki, loðnuvertíðin gefur vel af sér og bæði handboltalið bæjarins eru komin á skrið á nýjan leik.

„Stemningin í Eyjum er mjög góð. Menn eru komnir úr verkfalli, búnir að vera á finni loðnuvertíð þannig að stemningin er glimrandi góð. Ef það gengur vel á sjónum þá gengur allt annað vel,“ sagði Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV-liðsins, í viðtali í Akra-borginni.

Eyjamenn hafa ekki unnið stóran titil eftir að Gunnar Magnússon yfirgaf Vestmannaeyjar en það gæti breyst í vor. Eyjamenn hafa náð í 11 af 12 mögulegum stigum í Olis-deild karla eftir að deildin fór aftur af stað eftir HM-frí og Arnar Pétursson er kominn með sína menn inn í Íslandsmeistaraumræðuna á ný.

Eyjamenn voru stórtækir á leikmannamarkaðnum fyrir tímabilið og fengu bæði Sigurberg Sveinsson og Róbert Aron Hostert úr atvinnu-mennsku. Það kom því ekki mikið á óvart að væntingar til liðsins væru miklar. Uppskeran fyrir áramót var hins vegar jafn margir sigrar (7) og tölur (7).

„Ég hefði aldrei neinar áhyggjur af þessu. Við vorum að glíma við ákveðin vandamál, meidsli og annað, en á sama tíma vorum við að taka inn fullt af ungum strákum sem stóðu sig mjög vel þó að við höfum ekki verið að klára leikina,“ sagði Arnar og hann fagnar því að vera loksins með fullskipað lið.

Okkur munandi verulega um Róbert Aron (Hostert), Stephen Nielsen, Sindra Haralds og Agnar Smára (Jónsson) á tímabili. Það var viðbúið að við myndum taka einhverjum

framförum þegar þeir kæmu inn,“ sagði Arnar.

Eyjaliðið hefur sent skýr skilaboð í tveimur leikjum sínum á síðustu fimm dögum sem báðir voru á móti liðum sem voru ofar en ÍBV í töflunni. Eyjamenn fylgdu eftir sjö marka útisigri á Aftureldingu á sunnudaginn með níu marka heimasigri á FH á fimmtudagskvöldið. FH-ingar voru búnir að vinna fimm deildarleiki í röð fyrir leikinn og höfðu unnið ÍBV-liðið í tvisgang fyrir áramót.

„Mér finnst ólíklegt að Haukarnir tapi mörgum stigum. Við einbeitum okkur bara að því að bæta okkar leik og koma á fullri ferð inn í úrslita-keppnina,“ sagði Arnar. Margir eru þó farnir að horfa á 23. mars sem dag fyrir mögulegan úrslitaleik um deildarmeistaradaginn þegar topplið Hauka kemur í heimsókn út í Eyjar.

Stelpurnar í Eyjum hafa líka skipt um gir undir stjórn Hrafnhildar Skúladóttur og hápunkturinn var þegar liðið batt enda á ellefu leikja sigurgöngu Framliðsins í deildinni í byrjun febrúar. Framkonur höfðu ekki tapað leik á tímabilinu en steinlágur með sex marka mun úti í Eyjum.

Kvennaliðið hefur þegar unnið jafn marga leiki eftir áramót (4) og fyrir áramót (4) og það þrátt fyrir að hafa spilað þremur leikjum færra.

Eyjakvenna biður mikil prófraun í dag þegar þær heimsækja Framkonur í Safamýrina en Framliðið mætir væntanlega í hefndarhug í leikinn. Það er hörð barátta fram undan um þriðja og fjórða sætið inn í úrslita-keppni Olis-deildar kvenna. Þar þarf ÍBV-liðið á hverju stigi að halda. Eyjakonur eru aðeins einu stigi frá fjórða sæti en það eru líka bara tvö stig niður í sjötta sætið. ooj@frettabladid.is

ELÍAS TEKUR VIÐ HAUKUM Elías Már Halldórsson, fyrirliði karlaliðs Hauka í handbolta, tekur við kvennaliði félagsins af Óskari Ármannssyni eftir tíma-bilið. Elías Már, sem er 34 ára, hefur verið lengi í herbúðum Hauka og unnið fjölda titla með Hafnarfjarðarliðinu, þ. á m. fimm Íslandsmeistaradagtitla. Elías Már hefur starfað við þjálfun síðustu ár. Hann er þjálfari 2. flokks karla hjá Haukum auk þess að starfa á afrekslínu félagsins. Haukar sitja í 3. sæti Olis-deildar kvenna. Haukakonur mæta Gróttu í dag.



HAFNAÐI SÆTI Í STJÓRN FIFA Geir Þorsteinsson, fyrrverandi formaður KSÍ, hafnaði því að taka sæti í stjórn FIFA, Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Geir var öruggur með sæti í stjórn FIFA, sem einn af fimm fulltrúum UEFA, Knattspyrnusambands Evrópu. Ástæðan fyrir ákvörðun Geirs er breytingartil-laga sem UEFA lagði til á stjórnar-fundi. Hún kveður á um að aðeins formenn, varaformenn og framkvæmdastjórn knattspyrnusam-banda geti boðið sig fram í stjórn FIFA. Í dag er mánudag síðan Geir lét af störfum sem formaður KSÍ.



TVEIR SKAGAMENN LEGGJA SKÓNA Á HILLUNA

Ármann Smári Björnsson, fyrirliði ÍA, hefur lagt skóna á hilluna. Ármann, sem er 36 ára, sleit hásin undir lok síðasta tímabils sem reyndist hans síðasta. Ármann, sem lék sex A-landsleiki, gekk í raðir ÍA 2012 og lék alls 169 fyrir Akranesliðið og skoraði 11 mörk. Áður lék Ármann með Sindra, Val, FH og sem atvinnumaður í Noregi og Englandi. Þá hefur skoski miðjumaðurinn Iain Williamson einnig lagt skóna á hilluna, aðeins 29 ára, vegna þrá-látra meidsla í mjóðm. Auk ÍA lék Williamson með Grindavík, Val og Víkingi R. hér á landi.



Um helgina

Stöð 2 Sport:

L 12.05 Middlesb.-Man. City Sport
L 14.25 Bayern-Frankfurt. Sport 2
L 14.25 Bertha-Dortmund Sport 3
L 17.20 Arsenal- Lincoln Sport
L 18.00 Valspar champ. Golfstöðin
L 19.50 Einherjar-Argonauts Sport S
S 13.50 Tottenham-Millwall Sport S
S 15.10 Deport.-Barcelona Sport 3
S 15.50 Liverpool-Burnley Sport 2
S 17.00 Valspar champ. Golfstöðin
S 19.40 R. Madrid-Betis Sport

Frumskýningar á leikjum:
L 17.25 B'mouth-W. Ham Sport 2
L 19.05 Hull - Swansea Sport 2
L 20.45 Everton - WBA Sport 2


Olis-deild karla:
L 17.00 Akureyri - Valur KA-hús
L 17.00 Haukar - Grótta Ásvellir

Olis-deild kvenna:
L 13.30 Stjarnan - Fylkir Mýrin
L 13.30 Fram - ÍBV Safamýri
L 14.00 Selfoss - Valur Selfoss
L 15.00 Haukar - Grótta Ásvellir


Nýtt og betra handboltaár í Eyjum

Hlutfall stiga í húsi á þessu tímabili fyrir og eftir áramót


KARLALIÐIÐ



BÆDI LIÐIN



KVENNALIÐIÐ





Enginn skoraði meira en Amin Stevens í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einu víti frá því að missa stigatitilinn

KÖRFUBOLTI Keflvíkingurinn Amin Stevens varð stigahæsti leikmaður Domino's-deildar karla í körfubolta á þessu tímabili en hann skorað 29,5 stig að meðaltali í 22 leikjum Keflavíkur í deildinni.

Það munaði þó ótrúlega litlu að Stevens missti stigakóngstitilinn til Flenards Whitfield í Skallagrími í lokaumferðinni. Flenard Whitfield skoraði nefnilega 50 stig í lokaleik sínum og þegar leik Skallagríms lauk í Grindavík var Whitfield kominn yfir Amin Stevens.

Amin Stevens átti hins vegar lokaorðið. Hann komst á vítalínuna í lokin á leiknum við ÍR í Seljaskóla

og tókst ekki aðeins að tryggja Keflavík framlengingu heldur gaf sér einnig tækifæri til að endurheimta efsta sætið á listanum yfir stigahæstu leikmenn deildarinnar.

Flenard Whitfield var fyrir vitið með tveggja stiga forskot á Stevens og miðherji Keflavíkurlíðsins var nýbúinn að klicka á tveimur vítaskotum. Stevens setti hins vegar bæði vitið niður, jafnaði leikinn og um leið við Whitfield.

Stevens tryggði sér síðan stigakóngstitilinn með því að skora þrjú stig í framlengingunni. Amin tók einnig flest fráköst í deildinni í vetur (15,3) og var með

langhæsta framlagið (37,0) af öllum leikmönnum deildarinnar. Stevens var líka með bestu skotnýtinguna í deildinni en 61 prósent skota hans rataði rétta leið.

Tobin Carberry hjá Þór var þriðji stigahæstur með 27,3 stig í leik en hann var enn fremur á topp tíu í stigum, fráköstum (11,1, – 5. sæti) og stoðsendingum (4,4 – 10. sæti).

Njarðvíkingurinn Logi Gunnarsson var stigahæsti íslenski leikmaður deildarinnar en hann skoraði 19,95 stig í leik í vetur. Logi var rétt á undan ÍR-ingnum Matthíasi Orra Sigurðarsyni sem var með 19,5 stig í leik. – óó

Topplistar í Domino's-deild karla 2016-17:

Flest stig í leik

1. Amin Stevens, Keflavík	29,5
2. Flenard Whitfield, Skallagr.	29,4
3. Tobin Carberry, Þór Þ.	27,3
4. Sherrod Nigel Wright, Haukar	27,1
5. Antonio Hester, Tindastóll	23,5
6. George Beamon, Þór Ak.	21,8
7. Lewis Clinch Jr., Grindavík	21,1
8. Logi Gunnarsson, Njarðvík	19,9
9. Matthias Orri Sigurðarson, ÍR	19,8
10. Darrel Keith Lewis, Þór Ak.	18,3

Flest fráköst í leik

1. Amin Khalil Stevens, Keflavík	15,3
2. Flenard Whitfield, Skallagr.	14,6
3. Hlynur Bæringsson, Stjarnan	12,8
4. Tobin Carberry, Þór Þ.	11,1
5. Antonio Hester, Tindastóll	10,7
6. Pavel Ermolinskij, KR	9,3



Hörður Axel gaf flestar stoðsendingar í leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flestar stoðsendingar í leik

1. Hörður Axel Vilhjálmss., Keflav. 6,8	
2. Pavel Ermolinskij, KR	6,6
3. Pétur Birgisson, Tindastóll	6,2
4. Emil Barja, Haukar	5,6
5. S. Arnar Björnsson, Skallagr.	5,3
6. Matthias Orri Sigurðarson, ÍR	5,2

Flestir stolnir boltar í leik

1. Pétur Birgisson, Tindastóll	2,82
2. Danero Thomas, ÍR/Þór Ak.	2,15
3. Ólafur Ólafsson, Grindavík	2,09
4. Amin Stevens, Keflavík	2,05
5. Björgvin Ríkharðsson, Tindast.	1,95

Flest varin skot í leik

1. Tryggvi Hlinason, Þór Ak.	2,73
2. Quincy Hankins-Cole, ÍR	1,71
3. Finnur Atli Magnússon, Hauk.	1,36
4. Flenard Whitfield, Skallagrím.	1,32
5. Hlynur Bæringsson, Stjarnan	1,27

Hæsta framlag í leik

1. Amin Stevens, Keflavík	37,0
2. Flenard Whitfield, Skallagr.	32,5
3. Tobin Carberry, Þór Þ.	31,3
4. Antonio Hester, Tindastóll	26,9
5. Hlynur Bæringsson, Stjarnan	25,8
6. Sherrod Nigel Wright, Haukar	24,9
7. George Beamon, Þór Ak.	20,4
8. Darrel Keith Lewis, Þór Ak.	19,9
9. Ólafur Ólafsson, Grindavík	19,7
10. Lewis Clinch Jr., Grindavík	19,1
11. Pétur Birgisson, Tindastóll	19,0
12. Hörður Axel Vilhjálmss., Kef.	18,1
13. Matthias Orri Sigurðars., ÍR	18,0
14. Pavel Ermolinskij, KR	17,4
15. Danero Thomas, ÍR/Þór Ak.	17,2
16. Tryggvi Hlinason, Þór Ak.	17,18
17. Jeremy Atkinson, Njarðvík	16,4
18. S. Arnar Björnsson, Skallagr.	16,2
19. Finnur Atli Magnúss., Haukar	16,2
20. Logi Gunnarsson, Njarðvík	15,9

Vísindadagur OR

Nauthóli 14. mars kl. 9-16

Á vísindadeginum í ár verða flutt stutt og snörp erindi um ýmislegt sem brennur á okkur í dag: loftslagsmál og heilsa, kolefnisspor og orkuskipti í samgöngum, bætt auðlindanýting, vatns- og fráveita og snjöll framtíð.

Boðið verður upp á morgunhressingu fyrir fund og léttan hádegisverð. Þeir sem ekki komast geta fylgst með streymi á www.or.is.

Allir velkomnir | Aðgangur ókeypis

Skráning og nánari upplýsingar á or.is
Taktu þátt í umræðunni á #orsamband



OR Orkuveita Reykjavíkur

Spennitur fyrir næturlífinu

Måns Zelmerlöw, sem vann Eurovision-keppnina fyrir tveimur árum, situr í dómnefnd sem velur framlag Íslands í ár. Þetta er fyrsta ferð hans til Íslands og hann er ákaflega spennitur fyrir rómuðu reykvísku næturlífi.

Måns Zelmerlöw tryggði Svíum sigur árið 2015 með lagið Heroes. Svíar hafa verið sigursælir í keppninni og Máns þakkar það góðri undankeppni í Svíþjóð. „Keppnin er stór og vonduð, það taka hátt í þrjátíu atriði þátt og sían er mikil,“ segir hann. „En svo hafa Svíar nú reyndar líka átt mögur ár,“ segir hann. Í Svíþjóð eru margir svektir yfir því að Eurovision-stjarnan Loreen hafi ekki komist upp úr undankeppninni í ár. „Það er svolítill skandall, það er alveg rétt og mér fannst hún standa sig vel. Atriðið var stórfenglegt, en líklega var lagið ekki nógu gripandi.“

Hvaða eiginleikum þarf sigurstranglegur keppandi að búa yfir að mati Máns? „Fyrst og fremst þarftu að elska þessa keppni. Að standa á sviðinu í Vín var til að mynda stórfengleg reynsla fyrir mig. Sem listamaður verður þú sumsé að bera virðingu fyrir og elska þessa keppni. Síðan þarftu auðvitað lag sem rígheldur hlustandanum fyrstu þrjátíu



„Fyrst og fremst þarftu að elska þessa keppni. Að standa á sviðinu í Vín var til að mynda stórfengleg reynsla fyrir mig.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



ÉG ER MJÖG SPENNTUR FYRIR ÍSLENSKRI NÁTTÚRU ENDA ÁTTI ÉG EINU SINNI ÍSLENSKA KÆRUSTU SEM SAGDI MÉR FRÁ FEGURÐINNI HÉR.

sekúndurnar og hefur svo góða uppbyggingu eftir það.“

Måns mun koma fram á úrslitakvöldinu. Þótt áhorfendur skipti ekki milljónum segist hann alltaf vera svolítið taugatrekktur áður en hann kemur fram. „Já, ég verð enn svolítið trekktur á taugum nokkrum mínútum áður en ég fer á svið. En stressið kemur adrenalíninu af stað sem verður að góðri einbeitingu og orku,“ segir hann.

Hann fór á Búðir og ferðaðist um Suðurland í vikunni. „Ég er mjög spennitur fyrir íslensku náttúru enda átti ég einu sinni íslenska kærustu sem sagði mér frá fegurðinni hér.“

Ekki síður er hann spennitur fyrir reykvísku næturlífi sem hann hefur heyrt látið vel af. „Ég ætla auðvitað að skella mér út á lífið,“ segir hann og segist hlakka til.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Íslenskt hygge?

Orðið hygge var tilnefnt sem orð ársins 2016 hjá Oxford-orðabókinni og þótti eitt þeirra orða sem endurspegluðu þá hugmyndafræði sem ríkti árið á undan. Hygge merkir að skapa þægilegt andrúmsloft velliðunar og er sagt nokkurs konar einkenni danskrar menningar.

Danir eru sagðir kunna að hafa það notalegt, vera með vinum og fjölskyldu, vera í núinu og njóta lystisemda lífsins, stórra sem smárra. En skyldu Íslendingar kunna að hafa það huggulegt? Er eitthvað til sem mætti kalla íslenskt hygge?


Bryndís Björgvinsdóttir

rithöfundur og þjóðfræðingur

„Ég hef ekki búið í Danmörku eða Svíþjóð að ráði þar sem orðið „hygge“ er notað í miklum mæli. Foreldrar mínir bjuggu hins vegar í Danmörku og þau ólu mig upp í miklum kósi- eða hyggelig-heitum í Hafnarfirði. Ákveðin birta getur verið „kósi“ og afslappelsi fyrir framan sjónvarp, arineld eða einfaldlega við matarborðið er álitid vera „kósi“. Lítil og falleg hús eru „kósi“ og hlýjar náttbuxur eru „kósi“. Jólin eru að sjálf-sögðu virkilega „kósi“ og svo hefur þabbi einnig talað um að „huslig“



karlmenn eða „huslig“ konur séu kósi – það er að segja þeir sem njóta þess að vera heima hjá sér, gera notalegt í kringum sig og hella upp á kaffi, helst í náttslöppnum. Kannski snýst það að hafa kósi eða hygge einmitt um að nýta þessi tækifæri, þegar við getum ýtt vinnu og áhyggjum til hliðar, og notið hlýjunnar og birtunnar – myrkursins og kuldans – og allra þessara litlu hluta í kringum okkur án þess að finna fyrir óöryggi, vanmætti eða einmana-leika. Hlutirnir koma þess heldur heim og saman og andrými gefst til að láta hugann reika og dagdreyma.“



Sólveig Ólafsdóttir
sagnfræðingur

„Íslendingar eru svo verkdrifnir að þeir hygge sig í aksjón og helst þar sem aðrir sjá þá.“

Einnig þurfa þeir helst að vera búnir að vinna fyrir hygginu. Fyrst þarf að synda og svo fara í pottinn. Fyrst þarf að fara í ræktina og svo í slökun. Þeir hygge sig til dæmis á kóræfingum sem ennþá eru á fimmtudagskvöldum því einu sinni var sjónvarpið í frii á fimmtudögum.“



elja

Starfsmannþjónusta

„Elja hefur útvegað okkur alla þá starfsmenn sem okkur hefur vantað og ég hef nú þegar mælt með þjónustu þeirra til annarra fyrirtækja.“

Magni Helgason,
mannauðsstjóri ÍAV

Þarftu að ráða starfsfólk?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

NÝR RENAULT ZOE

FER ALLT AÐ 400 KM
FRUMSÝNING Í DAG



NÝR HENTUGUR
100% RAFBÍLL
Á HAGSTÆÐU VERÐI

Nýr ZOE er 100% rafbíll frá Renault sem slegið hefur í gegn. 400 km* uppgefin drægni á sér enga hliðstæðu í þessum stærðarflokki rafbíla og verðið er sömuleiðis með því hagstæðasta sem gerist í flokknum. Renault ZOE er auk þess eins og aðrir nýir Renault bílar með ríkulegan staðalbúnað. Nú er komið að þér að taka græna skrefið og eignast 100% rafbíl.

Verið velkomin í reynsluakstur um helgina

VERÐ: 3.690.000 KR.

*400 km drægni hvorrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður (NEDC) / Aukabúnaður bíls á mynd 17" álfelgur

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516



RENAULT
Passion for life

M* Á HLEÐSLUNNI FRÁ 12-16



„ÞÚ HLEÐUR SJALDNAR
Á RENAULT“

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Það gleymist fljótt að María er á tíræðisaldri. Hún sér ekki hvað er merkilegt við það að fyrrverandi hermaður í Rauða hernum verji ævikvöldinu í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tókst ekki að deyja fyrir föðurlandið

María Alexandrovna Mitrofanova er 92 tveggja ára gömul, fædd 28. febrúar 1925 í borginni Smólensk í Rússlandi. Fyrir tvítugt lauk hún þjálfun sem loftskemtamaður innan Rauða hersins – hers Sovétríkjanna. Hún var send á vígstöðvarnar við Leníngrad í byrjun árs 1944 til að berjast við innrásarher Þjóðverja. Hún býr í Breiðholti.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Í Fossvogskirkjugarði stendur rússneska minnismerkið Von eftir Vladimir Surovtsev. Það er til minningar um sjómenn sem fórust í ferðum skipalesta á Norður-Íshafinu í heimsstyrjöldinni síðari. Þar tók Gísli Jökull Gíslason rannsóknarlögreglumadur fyrst eftir Maríu Alexandrovnu á vordögum 2014, nánar tiltekið á sigurdaginn 9. maí þegar Rússar minnst ár hvert sigursins á fasistum og lokum Föðurlandsstríðsins mikla – átaka sem stóðu yfir samfleytt í tæp fjögur ár og höfðu áður en yfir lauk kostað meira en 30 milljónir manna lífið.

Það sem leiddi Jökul og Maríu Alexandrovnu saman var ævilangur nörðiskur áhugi hans á heimsstyrjöld-

inni. Hann á módelheri og sviðsetur ásamt vinum sínum valdar orrustur á heimatilbúnum vígvöllum – og tekur að sér að halda fyrirlestra um seinni heimsstyrjöldina. Á einum slíkum voru fulltrúar frá sendiráði Rússlands í áheyrndahópnum – enda taka þeir það alvarlega hvernig fjallað er um þennan tíma í rússneskri sögu og ekki síst Föðurlandsstríðið. Jökull segir að eitthvað hljóti hann að hafa gert rétt því um árabíl hefur sendiráðið boðið honum að taka þátt í 9. maí hátíðarhöldunum, hvar þau María Alexandrovna kynntust.

Flames of War

„Í sendiráðinu hafði ég sett upp Flames of War borð sem sýndi bardaga í litlu þorpi í gömlum austur-evrópskum stíl. Kona kom til mín og spurðist fyrir, en ekki var um ákveðið þorp að ræða. Bardaginn hins vegar var hugsaður sem hluti af stórsókn

Rússa sumarið 1944 í gegnum Hvíta-Rússland. Stuttu síðar sneri konan til baka með þær upplýsingar að þetta stæðist ekki. Svona þorp hefði ekki verið í Hvíta-Rússlandi, það hefði verið Rússlandsmegin nálægt Smólensk,“ segir Jökull sem ályktaði strax sem svo að skilaboðin væru frá gömlu konunni í kirkjugarðinum sem hafði fangað athygli hans. Ekki síst fyrir hvað hún bar sig vel, og orðurnar sem hún bar á kápunni sinni.

„Ég dró þá ályktun að móðir konunnar hlyti að vera gamla konan með orðurnar. Ég spurði á móti hvort mamma hennar hefði verið þar. Já, hún hafði verið fjarskiptamaður í Rauða hernum, þjálfuð til að vera send með úrvalsveitum fallhlifarliða aftur fyrir víglínuna til að njósna um óvininn. Í framhaldi var ég kynntur fyrir Maríu. Hún gekk að borðinu og benti mér á hermenn sem ég hafði málað og sagðist hafa verið í

svona búningi en þetta voru einmitt þeir hermenn í samfestingum sem tilheyrðu úrvalssveitum og voru ólíkir herbúningum almenna fótgönguliðsins. Mér fannst stórkostlegt að fá að hitta konu sem hafði lifað þessa tíma,“ segir Jökull sem vinnur þessa dagana að handriti bókar þar sem hann fléttar saman ævisögu Maríu Alexandrovnu og stríðið á austurvígstöðvunum.

„Eftir að hafa fengið að taka nokkur viðtöl við Maríu þá freistaðist ég til að skrifa bók. María hélt ekki dagbækur og best hefði verið að við hefðum hist 20 árum fyrr, og ég samt vitað það sem ég veit í dag. Það skiptir máli að þekkja stóru söguna til að skilja sögu Maríu betur því hún hefur lifað á svo stórkostlegum umbrotatímum. Meirihluti bókarinnar er um stóru söguna, en svo er gaman að horfa á sömu atburði út frá einni konu sem upplifði þetta allt á eigin skinni,“ segir Jökull.

Pavlova

María Alexandrovna býr í Breiðholtiinu ásamt dóttur sinni Maríu, eigmanni hennar Júríj og syni þeirra Denis. Heimili Maríu og fjölskyldu hennar er látlaust. Þar er ekkert sem minnir á þann tíma sem hún gegndi herþjónustu – eða yfirhöfuð nokkuð sem minnir á þá miklu orlagatíma sem hún hefur lifað. En dúklagt stofuborðið svignar undan smákökum, konfektí og heimabakaðri Pavlovu – og maltöli – sem blaðamanni er boðið ásamt tesopa.

Það gleymist fljótt að María Alexandrovna er á tíræðisaldri – ekkert bendir til þess í útliti hennar eða fasi. Hún furðar sig hins vegar á veru blaðamanns við stofuborðið hennar – enda sér hún ekki hvað er merkilegt við það að fyrrverandi hermaður í Rauða her Sovétríkjanna verji ævikvöldinu í Breiðholti.

Hún er ein átta systkina sem öll komust á legg. Foreldrar hennar, Alexander Ivanovich Palkovskiy og Alexandra Semyonovna Palkovskaya, voru frá Úkraínu og höfðu gift 1913. Faðir hennar barðist í rússneska keisarhernum í fyrri heimsstyrjöld-



REYNDAR HEFUR MIG

ALLTAF LANGAÐ TIL

AÐ REYKJA OG ÉG PRÓFAÐI

NOKKRUM SINNUM. EN Í

HVERT EINASTA SKIPTI

LEIÐ MÉR SVO ILLA AÐ ÉG

HÆTTI VIÐ.

inni en gerðist síðar prestur. Hann þjónaði ekki í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni heldur í evangélískum lúterskum söfnuði, en nokkuð var um slíka söfnuði mótmælenda í Rússlandi á þeim tíma. María Alexandrovna minnst foreldra sinna með hlýju. Segir þau hafa verið ástrik og umhyggjusöm, þó að þau væru ströng og fátæk.

Í útleð

Það var ekki auðvelt hlutskipti að vera prestur á þessum árum og Alexander faðir Maríu var handtekinn tvisvar af öryggislögreglunni fyrir að vera með and-sovéskan áróður. Það að vera prestur dugði til. Eftir síðari handtökuna 1931 var hann sendur í útleð til Krasnovihersk við Úral-fjöll þar sem voru stórar fangabúdir. Fjölskyldan fylgdi honum þangað. Forlögin stökuðu spilin með þeim hætti að María Alexandrovna og fjölskyldan voru ekki lengi á einum stað – þau fluttu til Andijan í Úsbekistan þar sem hún fór í þriðja og fjórða bekk. Andijan var enn sunnar og austar en Krasnovihersk og var líka algengur staður fyrir þá sem voru í útleð. Vegna veikinda bróður hennar flutti fjölskyldan síðar til Múrmansk í Norður-Rússlandi, hvar lífið var erfið. Þau þurftu að fara varlega og halda því leyndu að heimilisfaðirinn hefði verið prestur.

Árið 1937 sótti öryggislögreglan föður hennar á heimili þeirra í ➔

HONDA
The Power of Dreams

Drifkraftur.

Já og miklu meira.



CR-V

Vertu meira til



www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
Já, og meira til.



Vatnagördum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

➔ Múrmansk. Ekkert spurðist til hans framfar. Eftir fall Sovétríkjanna reyndi fjölskyldan að fá upplýsingar um afdrif hans – það litla sem fundist hefur bendir til að hann hafi verið tekinn af lífi fljótlega eftir handtökuna. Móðir hennar var þá hins vegar enn þá með sex börn á heimilinu og hafði nú nær enga leið til að sjá þeim farborða eftir fráfall fyrirvinnunnar.

Til að létta á var ákveðið að María Alexandrovna skyldi fara til systur sinnar Dínu í Moskvu þar sem hún bjó til ársins 1940. Á sama tíma og hún kynntist æskuástinni sinni, en samband þeirra stóð í tvö ár. Þá breytti stríðið öllu. María, sem þá var 16 ára, var send til að vinna í verksmiðju. Hennar verkefni var að festa hausa á flugvélasprengjur – en hún vildi komast á vígstöðvarnar og taka þátt í að berjast gegn innrásarhernum.

Að vilja deyja

Henni tókst að lokum að komast í herinn með því að framvísa fölsuðum skjólum sem hún þurfti til að láta líta út fyrir að henni hefði verið veitt lausn frá störfum í hergagnaverksmiðjunni – en vinna í slíkri verksmiðju útilokaði að fólk fengi inni í hernum.

María Alexandrovna var loksins komin í herinn 17 ára gömul. Hún var send í skóla til að læra á sérstaka tegund talstöðvar. Hún var mjög spennit fyrir þessu verkefni. Henni var útvegaður samfestingur sem tilheyrði sérsevitum Sovétríkjanna. Hún fékk þjálfun á Mosin-Nagant-riffil og TT-33-skammbyssu og allt stefndi í að hún fengi hún að þjóna móðurjörðinni sem var hennar heitasta ósk.

„Ég var alls ekki hrædd. Aldrei,“ segir María Alexandrovna spurð um þessa viðsjárverðu tíma. „Ég fékk

þjálfun í herskóla þar sem við vorum búin undir að fara yfir víglínuna. Við vissum vel hvert við vorum að fara. Það var engin óvissa eða hræðsla, þannig séð. Ég ætlaði þrisvar að deyja fyrir föðurlandið, en mér bara tókst það ekki. En það var óskaplega mikil gleði þegar sigurinn kom,“ segir hún og vísar til þess að örlaganornirnar þjuggu svo um að hún fékk aldrei að fara í fremstu víglínu – þrátt fyrir að sækja það fast að fá tækifæri til þess og í þriggja mánuði hélt hún að ósk sín yrði uppfyllt. Hins vegar fylgdi hún með herdeild sinni í húmátt á eftir hernum sem keyrði áfram víglínuna og kom á þeirri leið í fæðingarsýna Smólensk, og varð vitni að hinna gífurlegu eyðileggingu sem þar var eftir átökin og hernámið. Á þeirri leið varð herdeild hennar fyrir loftárás Þjóðverja.

Á þessum tíma var stórsókn Sovétmanna í fullum gangi og hún fylgdi á eftir framvarðasveitunum til Minsk. Henni fannst hlutverk sitt sem loftskreytamanns hversdagslegt. Það dró aðeins úr vonbrigðum Maríu þegar hún sá Þjóðverjana sem höfðu verið teknir til fanga og gengu niðurlútir í fylkingum fram hjá sveitum Rauða hersins.

„Við vorum ofsalega glöð þegar Þjóðverjarnir höfðu verið sigraðir. En svo komu þessi vonbrigði og sára tilfinning yfir því að komast ekki almennilega í stríðið. Ég missti tvær vinkonur þar en komst sjálf af,“ segir María Alexandrovna en annar bræðra hennar, Þjotr, féll í stríðinu. Hann var 21 árs. Þjotr liggur í fjölda-gröf ásamt 6.000 hermönnum Rauða hersins nærri Sosnovskij. Hinn bróðir hennar, Daníil, særðist svo alvarlega að hann var leystur frá skyldum sínum sem hermaður.

Hún bætir því jafnframt við að hún beri engan kala til Þjóðverja í dag, ➔



ÉG ÆTLAÐI ÞRISVAR AÐ DEYJA FYRIR FÖÐURLANDIÐ, EN MÉR BARA TÓKST ÞAÐ EKKI. EN ÞAÐ VAR ÓSKAPLEGA MIKIL GLEÐI ÞEGAR SIGURINN KOM.



Fókusinn er á gló

● Veitingastaðurinn Gló afhjúpar sig



Gógó Starr er sönn drottning sem glóir

Ljósmynd/Guðmundur Þór

Það er ekki bara matur og næringin sem þú færst þar er þú líka fyllingurinn og gættu þess af stað. Stærst snérist þú til stulega tveide...

á rétta staði þú getur leiðberferðar sönn. Þú er af fólk til að sanna það s... gildi. Þú ka... þeim d...

Tímamót og hugrekki
Gló stóð á tímamótum bæði vegna stækkunar og fyrirhugadar útrásar til Kaupmannahafnar þar sem staður mun opna fljótlega. Auglýsingastofan Hvíta húsið sanna þessu átti á sinni St. Þess sem stendur fyrir óneitanlega hugr... það tal... enskí... drag... það er Gló: st... vinnur þar, vör... eru valdar inn til sölu, gæði matarins, námskeiðin sem fyrirtækið stendur fyrir, allt þetta er gert af einlægni.

Glóandi drottning
Ekki er nóg að finna hugmynd heldur þarf hún að vera framkvæmanleg. Leit hófst að einstaklingum sem

þú munt hafa loksins kyrt Fyrsta... vör... fin... þreif um borgars... þessum... liggur mik... og ígrundað vinna. Hvernig er viðlíka skilaboðum komið á framfæri svo megi skilja þau og meðtaka? Auglýsingastofan Hvíta húsið á veg og vanda af þeirri auglýsingaherferð sem Gló er að fara af stað með. Það er engu líkara en allt hafi fallið

➔ Þrátt fyrir allt. „Þeir eru eins og ég. Stundum hugsa ég hverjir foreldrar þeirra voru, þegar ég hitti þá. Þeir eru gott fólk og bera enga ábyrgð á því sem gerðist þá.“

Sér ekki hafið

María Alexandrovna segir líf sitt hafa verið gott. Fljótlega eftir stríð hitti hún verðandi eiginmann sinn Júrij Mitrofanov. Þau eignuðust dótturina Marínu, sem gekk í háskóla og lærði læknisfræði og útskrifaðist sem geðlæknir. Við hrun Sovétríkjanna breyttist líf fjölskyldunnar til hins verra, þau bjuggu þá í borginni Ríga í Lettlandi þar sem þeim fannst þau ekki lengur velkomin. Eftir stofnun Lettlands var þeim tilkynnt að fjölskyldan fengi ekki ríkisborgararétt. Kvöld eitt árið 1999 héldu þau fjölskyldufund og ræddu hvað þau ættu að gera. Maður Marínu vann fyrir erlent skipafélag og litlu skipti hvar þau myndu búa. Þau voru sammála um að þau vildu ekki lengur ala upp syni sína í Lettlandi. Það var á meðan þau veltu þessu fyrir sér að gamall vinur hringdi í þau. Sá var fluttur til Íslands og vildi að þau flyttu þangað, sem varð úr.

Þegar eiginmaður Maríu Alexandrovnu lést árið 2005 var ekkert sem hélt henni lengur í Lettlandi og hún fluttist til dóttur sinnar á Íslandi.

„Ég kann ekki tungumálið. Það eru svo fáir sem tala tungumálið mitt. Svo eru svo fáir herna á Íslandi á mínum aldri. Ég er því mikið ein,“ segir María spurð um hvernig henni hafi líðið á Íslandi. „Þegar við bjuggum í miðbænum gat ég farið í göngutúr þegar veður leyfði; það var hægt að fara niður á bryggju og tala við sjómennina. Stundum fékk ég í sodið hjá þeim. Svo fór ég stundum niður að tjörn, og í miðbænum voru ýmsar sýningar og

89

**KONUR VORU SÆMDAR
ÆÐSTA HEIÐURSMEKRI
SOVÉTRÍKJANNA.**

tónleikar. En herna upp frá finnst mér svoltið erfitt að vera. Í Ríga bjó ég við fljótið – þar gat ég tyllt mér á bekkina og spjallað við fólk á mínum aldri. Hér veit ég að hafið er nálægt, en ég sé það ekki,“ segir María Alexandrovna. Spurð hvort hún hugsi oft heim, er svarið einfalt. „Stöðugt.“

Það verður vart hjá því komist, verandi íslenskur, að spyrja Maríu hverju hún þakkar sinn háa aldur, sérstaklega í ljósi sögu hennar.

„Þessu er ömmustrákurinn minn alltaf að spyrja mig að. Foreldrar mínir hvorki reyktu né drukku. Pabbi og mamma fóru alltaf vel með sig og börnin sín, þó þau væru ströng. Við ólumst öll upp heilbrigð og hraust, þó systir mín hafi fengið skarlatssótt og dáið fimmtug. Reyndar hefur mig alltaf langað til að reykja og prófaði nokkrum sinnum. En í hvert einasta skipti leið mér svo illa að ég hætti við. Ég get ekki sagt að ég hafi aldrei smakkað vín – við fengum okkur stundum kampavín eða kirsuberjalikjör á stórhátíðum. En við drukkum aldrei á hverjum sunnudegi, hvað þá oft. Bróðir minn, sem er fjórum árum yngri en ég, drekkur samt og reykir svo sterkar sigarettur að nágranni hans kvartar stöðugt. Svo hverju get ég svarað?“ segir María Alexandrovna að lokum.

Konur í Rauða hernum

- Af stríðsþjóðunum voru Sovétríkin duglegust að nýta starfskraft kvenna í hernaði í seinni heimsstyrjöldinni. Líkt og í öðrum löndum unnu flestar konur í hergagnaíðnaði, landbúnaði og fylltu upp í störf sem menn höfðu yfirgefið til að berjast á vígstöðvunum. Rétt innan við milljón konur þjónuðu í Rauða hernum. Þær voru flugmenn, leyniskyttur, loftvarnahermenn, vélbyssuskýttur, í áhöfnum skriðdreka, loftskeytamenn, læknar, hjúkrunarfræðingar og partísanar. Áttatíu og níu konur voru sæmdar hinu æðsta heiðursmerki, hetja Sovétríkjanna.
- Eftir innrás Þjóðverja buðu þúsundir kvenna sig fram til þjónustu í Rauða hernum en flestum var hafnað. Eftir hið gifurlega mannfall fyrsta árið opnuðust leiðir fyrir konur í herinn. Yfirleitt voru þeim fengin störf aftan við víglínurnar til að geta losað karlmenn í átökin en margar börðust samhliða bræðrum sínum.
- Mörg afreka þeirra urðu fræg um Sovétríkin, til að mynda hlaut ein flugdeildin sem aðeins var mönnum konum viðurnefnið Næturnornirnar hjá Þjóðverjum. Þær flugu úreltum tvíþekjum. Af því að vélarnar voru úreltar flugu þær mest á nóttunni og áttu það til að drepa á vélunum á meðan þær flugu yfir víglínu Þjóðverja og sleppa sprengjum sínum fyrirvaralaust.
- Rauði herinn komst líka að því að konur voru vel til þess fallnar



Jökull og María hittust vegna hátíðarhalda rússneska sendiráðsins á Íslandi; með þeim tókst vinskapur og úr varð bók. MYND/MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

að gerast leyniskyttur. Þær voru þolinmóðar, þöldu vel að vera í erfiðri líkamlegri stöðu og agaðar. Lyudmila Pavlichenko var ein afkastamesta leyniskyttu Sovétríkjanna með 309 staðfest dráp.

- Konur sinntu mörgum verkum í sovéska hernum og lögðu sitt af mörkum til lokasígrinsins. Á sama tíma fyrirbauð Hitler það alveg að konur sinntu öðrum störfum en ritarastörfum í Þýska hernum. Að hans mati var það hlutverk kvenna að sinna heimilinu og ala börn.
- Framlag kvenna var þó sjaldan að fullu metið í Rauða hernum. Konur í yfirmannsstöðu áttu erfitt með að fá karlmenn til að hlýða skipunum sínum og

kynferðisleg áreitni var útbreidd. Karlkyns yfirmenn áttu það til að taka sér frillur og kölluð þær vígvalla-eiginkonur. Konur í stöðu undirmanna áttu erfitt með að komast undan ágangi sumra þeirra. Líkt og í flestum menningarsamfélögum þess tíma var það álitinn siðferðisbrestur kvenna að slík sambönd mynduðust í stað þess að skella skuldinni á karlmennina. Önnur ástarsambönd mynduðust á milli annarra hermanna og kvenna en það þurfti að fara leynt með þau sambönd.

Gísli Jökull Gíslason, Föðurlandsstríðið mikla og María. Austurvígstöðvarnar í seinni heimsstyrjöldinni. Vinnuhandrit, bls. 100

vildu taka þetta verkefni að sér og það var ekki verra að allir þeir bjuggu yfir sama hugrekki og gló. Herferðin snérist um. Góðtarr er dragdrottningin þín býr innra með Sigurði. Þeir Guðjónssynir eru þitt kalladur þín til Reykjavíkur. Það er að hafa niðri á Íslandi árið 1910. Hann er einn af stofnendum framkomu hópsins Draugur. Hópurinn lést stækkað verulega frá þáun og er nú rúmlega þrjátíu túsund koma reglulega fram. Hann hefur fundið þitt innra gló og er að rækta það. Þetta er fyrir alla þá sem rækta þú sem þau elska í lífinu þínu. Lit og finnið þú Kíktu á glo.is

eda stærðfræði, þá hvetur Gló einstaklinga til að umfalda það og rækta. **Skál fyrir alla** þrátt fyrir að Gló er starfsfólkið þetta hefur verið fyrirtækið og er það reginn. Gló er þar fyrirtækið það tekur vinnu og einstaklingur er ekki í tengingahúsi eða matsölustaður einhvers einsleits hóps. Á Gló er að finna margar týpur ef svo mátti segja, bæði í starfsfólki og í viðskiptavinum. Allir eru þeir sem eru að vinna fyrir inn um þetta gló. Þú getur fundið þitt



Dan... af... pinn. Þú eigið gló... Þú... Þetta... rækta það... þínu. Gefðu... þitt gló. glo.is og höfum... góða sögu að segja. **glo.is/mittglo**

gló

HVÍTA HÚSÍB / SÍA - 17-0727



Kristbjörg Kjeld í herbergi eitt í Þjóðleikhúsinu þar sem hún hefur átt sitt athvarf á sextíu ára leikferli og sett upp ófá andlit leikbókmenntanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Langar að verða frábær leikkona

Kristbjörg Kjeld á sextíu ára leikafmæli um þessar mundir en hún á að baki einstaklega glæstan feril. Kristbjörg segir að hún finni enn fyrir þörfinni til að læra og að draumurinn um að skapa eitthvað fallett haldi henni gangandi.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Kristbjörg Kjeld leikkona tekur á móti mér inni á herbergi eitt í Þjóðleikhúsinu þar sem hún hefur undirbúið sig fyrir leiksviðið og átt sitt athvarf í önn langra daga í ein sextíu ár. Það er þó hvorki að sjá né heyra á Kristbjörgu að hún eigi svo langan feril að baki enda sérdeilis ungle, röddin björt og andinn ungur. Það er kyrrð og ró í gamla leikhúsinu við Hverfisgötuna svona á þriðjudagsmorgni en þó gætir eilíttill spennu í loftinu enda frumsýningarvika hjá Kristbjörgu og samverkafólki hennar.

Ekki þannig maður

Fyrir dyrum stendur frumsýning á Húsinu, áður ósýndu verki eftir Guðmund Steinsson, eiginmann Kristbjargar, sem féll frá fyrir rúmum tuttugu árum. En aðspurð um verkið segir Kristbjörg að sér þyki alltaf dálítið óþægilegt að tala um leikritin hans Guðmundar enda standi þau henni nærri. „Guðmundur fjallaði mikið um yfirborðsmenskuna í sínum verkum. Að við meinum ekki alltaf það sem við segjum. Hann er að benda okkur á mikilvægi nándar og einlægni gagnvart hvert öðru í okkar daglega lífi. Mikilvægi þess að staldra við og sinna því sem skiptir máli. En það sem ég hef lært af því að leika í verkum Guðmundar er fyrst og fremst þessi mikla nákvæmni. Maður þarf

að vera svo nákvæmur með hans texta að það má engu skeika. Þetta er svo nákvæmlega byggt og það er svo mikil tónlist í þessu. Þannig að ef einhver fer ekki rétt með eða bregður út af, þá verður tónninn falskur.“

Húsið segir frá vel stæðum hjónum sem flytja inn í nýtt einbýlishús ásamt þremur sonum sínum. Þau njóta þess að sýna vinnu nýja og glæsilega heimilið en brátt kemur í ljós að í húsinu ráða öfl sem þau mega sín litils gegn. Fjarlægðin eykst milli fjölskyldumeðlima, óboðnir gestir gera vart við sig og heimilið virðist varnarlaust. Verkið er hlaðið áleitnum spurningum um samastað mannsins í nútímasamfélagi og þrátt fyrir að vera skrifað fyrir um fjörutíu árum á það erindi í dag. Kristbjörg segist muna ágætlega eftir þeim tíma þegar Guðmundur var að skrifa þetta verk. „Þetta var á þeim tíma þegar unga fólk var að gera uppreisn gegn ríkjandi gildismati. Sýningin okkar hér er því í þessari períóðu sextíu og átta kynslóðarinnar en hversu mikið hefur í raun breyst er svo umhugsunarefni.“

Það er líka umhugsunarefni af hverju Húsið hefur aldrei áður verið sett á leiksvið en Kristbjörg segir skýringuna í raun frekar einfalda. „Guðmundur átti frekar erfitt uppráttar sem leikskáld. Hann skrifaði öðruvísi og það var meiri eftirspurn eftir natúralisma og það var ekki fyrir Guðmund. Hann var alltaf trúur sínum hugmyndum og sinni nálgun og elti aldrei það sem var í tisku hverju sinni. Það var einfaldlega ekki í hans eðli að elta eftirspurnina,



„Við vorum ánægð og hamingjusöm hjón. Guðmundur var góður maður. Honum er best lýst þannig,“ segir Kristbjörg um hjónaband sitt og leikskáldsins Guðmundar Steinssonar.

manneskju og fyrir mig sem listakonu var þetta líka mikilvægt. Hann kenndi mér svo ótrúlega margt og við ræddum alltaf mikið um listina inni á heimilinu. Það varð ekki hjá því komist.“

Kristbjörg segir að þau Guðmundur hafi alla tíð ferðast mikið og að gaman og gleði hafi ríkt í hjónabandi þeirra. „Við vorum ánægð og hamingjusöm hjón. Guðmundur var góður maður. Honum er best lýst þannig. Hann var hlýr og yndislegur í alla staði. En á vissan hátt þá var hann líka frekar privat persóna, þó svo hann hafi haft afskaplega gaman af því að koma innan um fólk og þá var hann skemmtilegur og fyndinn. Mér fannst reyndar þegar ég var í útlöndum með honum að þá hafi hann verið frjálstari. Hann var oft þínu meira þvingaður hérna heima í fámenninu, en í útlöndum blómstraði hann, talaði við hvern sem var og var heimsmaður.“

Fyrir þann sem er heimsmaður í eðli sínu og gengur aðeins á brattann í sinni listsköpun getur efallitið verið dálítið þrjúgandi að búa við fámenni. Kristbjörg tekur undir að þetta geti verið tilfellið enda geti lítil samfélög eins og til að mynda leikhússamfélagið á Íslandi átt það til að vera dómhart. „Já, það er það sem er óþægilegt. Þetta er svo smátt í sniðum og í svona fámennu samfélagi er miklu erfðara fyrir listamann að koma með eitthvað sem er ekki alveg viðtekið. Sá hópur sem tekur við er svo fámennur, en í stærri samfélögum færðu nægilega stóran hóp til þess að það dugar þér til þess að fá rödd. Þannig finnur ➔



ÉG SAKNA GUÐMUNDAR Á HVERJUM DEGI.

HEF STUNDUM SAGT AÐ

MÉR FINNIST ÉG EKKI

HAFNA NEINN AÐ TALA VIÐ

EFTIR AÐ HANN FÓR.

hann hefði ekki getað það, því hann var ekki þannig maður.“

Saknar nándarinnar

Það er mildur blær kærleika og söknudar í rödd Kristbjargar þegar hún talar um Guðmund og tæpast hefur nokkur manneskja þekkt hann betur. Guðmundur og Kristbjörg giftu sig þegar hún var 27 ára, þá þegar búin að þekkja í nokkur ár. „Við giftum okkur 1962 en Guðmundur féll frá 1996. Svona langur tími mótar lífið og mótar mann sem manneskju. Ég sakna Guðmundar á hverjum degi. Hef stundum sagt að mér finnst ég ekki hafa neinn að tala við eftir að hann fór. Maður saknar þessarar nándar við aðra



9990.-



1999.- hver bók



990.-

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

BÓKA

MARKAÐURINN

Laugardalsvelli

SÍÐASTA HELGIN!

OPIÐ KL. 10 - 21 ALLA DAGA




690.-



690.-




990.-



990.-




3590.-



1999.-



990.-



490.-



4990.-

KOMIN AFTUR!



Kristbjörg Kjeld og Guðmundur Steinsson á einu af fjölmörgum ferðalögum þeirra hjóna í gegnum tíðina.

➔ Það sem er nýtt sér leið upp á yfirborðið til fólksins.“

Breyttir tímar í leikhúsinu

Kristbjörg minnst þess að Guðmundur hafi einmitt stundum skrifað um leikritunina í leikskrárnar. „Þegar Forsetaefnin voru frumsýnd hér í tíð Guðlaugs, þá talaði hann um að það væri svo nálægt vísindum að skrifa leikrit. Að þetta væri rannsókn á hegðun og mannlegu eðli. Það fór fyrir brjóstið á mörgum því í þá tíð var mikil upphafning á hinum mikla skáldskap og stundum voru leikrit hreinlega dæmd út frá einni setningu. En Guðmundur hugsaði alltaf út frá heildinni, það var eðli rannsóknarinnar, að leitast við að segja eitthvað, en það féll ekki öllum í geð.“

Árið 1979 var Stundarfríður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu og vinsældir verksins voru gríðarlegar. En Kristbjörg segir að þrátt fyrir vinsældirnar hafi ekki allir verið á einu máli. „Viðtökurnar voru vissulega góðar en sumir kvörtuðu undan því hversu hversdagslegur texti þetta væri, sem það vissulega er en það er meðvitað. Það liggur mikið undir og þar liggur styrkur þessa verks og það skýrir af hverju það náði til almennings. Fólk skynjaði líf sitt í þessu verki. Þetta verk snýst um sambandsleysið og að okkur vantar dýptina í okkar samfélag og að við þurfum að staldra við til þess að finna fyrir lífinu. Þetta er vissulega líka til staðar í Húsinu en áherslan er þar kannski meira á gildismatið og það talar ekki síður skýrt inn í okkar samtíma.“

Benedikt Erlingsson leikstýrir Húsinu í þessari uppfærslu við Þjóðleikhúsið og Kristbjörg ber honum ákaflega vel söguna. „Benedikt er hugrakkur leikstjóri og klár strákur.

Hann hefur dýpt, greind, sýn og hjarta. Þetta er búið að ganga vel og fólk hefur verið afskaplega ánægt, jákvætt og yndislegt og mér finnst það svo gaman því ég átti ekki alltaf því láni að fagna þegar verið var æfa leikrit Guðmundar að allir væru svona jákvæðir.“

Kristbjörg jatar að það hafi stundum verið erfitt að vinna í verkum Guðmundar á árum áður. „En ég var voða viðkvæm gagnvart þessu öllu saman. Tók þetta allt inn á mig af því að það var andstaða í sumum og það fannst mér erfitt án þess að ég vilji fara nánar út í þá sálma,“ segir Kristbjörg og brosir ljúflega.

Bara vinna

En ferill Kristbjargar hefur ekki einvörðungu verið innan Þjóðleikhússins. Allt frá því að hún lék burðarhlutverk í 79 af stöðinni, hefur hún tekið þátt í vexti og þroska íslenskrar kvikmyndagerðar og haft gaman af. „79 af stöðinni var tekin árið sem ég gifti mig og þetta voru mikil viðbrögð frá því að standa á sviði að leika fyrir framan myndavélarnar. Mér fannst ég rétt vera að byrja að fatta hvað þetta var en þá var búið að taka myndina og ég mátti fara heim og gat ekki nýtt það sem ég var að fatta,“ segir Kristbjörg og hlær. „En ég hef fengið að leika í nokkrum myndum og sjónvarpi síðan og haft gaman af. Mér finnst svo gaman að leika í kvikmyndum. Þetta er alltaf sama fagið en samt aðeins öðruvísi. Þú mátt ekki stækka upp eins og í leikhúsinu, verður að vera aðeins nær raunveruleikanum.“

En hvað er það sem heillar við að leika í kvikmyndum? „Núna eftir að ég er orðin meira fullorðin þá felur það í sér minni áreynslu. Af því að maður lærir búta og búta og svo



Kristbjörg segist aldrei hafa upplifað sig sem þekktu konu í íslensku samfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

kemur þetta saman en ef maður er í sæmilega stóru hlutverki á sviði þá verður maður að halda dampi hvað sem tautar og raular og því fylgir mikið álag. Það má ekkert klikka. Ekki það að mér finnst aldurinn ekki há mér hið minnsta enda svo gæfusöm að vera við góða heilsu. Mér finnst þetta alltaf jafn gaman.“

Kristbjörg nýtur greinilega hverrar stundar, hvort sem er í leikhúsi eða í kvikmyndum, en hvernig skyldi hún hafa kunnað því að vera þjóðþekkt leikkona í áratugi? „Ég hef eiginlega aldrei þælt í því. Það er svona seinni árin sem mér finnst stundum að fólk taki eftir mér og það er allt í lagi. Ég læt bara sem ég sjái það ekki. En núna þegar ég er búin að vera í sjónvarpi þá er meira um að fólk komi til mín og það er þá helst til þess að þakka mér fyrir enda er fólk afskaplega elskulegt. Mér þykir vænt um það.“ En Kristbjörg hefur á þessum langa leikkonuferli aldrei upplifað sig sem þekktu konu í samfélaginu. „Nei, aldrei nokkurn tíma. Never. Þetta er bara vinna.“

Þörfin fyrir að læra

Það hefur efalítið gengið á ýmsu á löngum ferli og þá kemur líka óhjákvæmilega upp þessi hugsun um hversu löngum tíma hún hefur í raun varið í þessu húsi í þjónustu við leiklistina. „Það er bara líf mitt. Þetta er mitt líf því ég hef verið viðlödandi þetta hús frá því ég var liðlega tvítug. Allt þetta fólk sem ég hef kynnst og unnið með og ekki síst lært af á þessum árum.“

Engu að síður var það eiginlega fyrir tilviljun að ég fór út í leiklistina. Ég var spennt fyrir þessu og átti vin-



ÞETTA ER BÚIÐ AÐ GANGA VEL OG FÓLK HEFUR VERIÐ AFSKAPLEGA ÁNÆGT, JÁKVÆTT OG YNDISLEGT OG MÉR FINNST ÞAÐ SVO GAMAN ÞVÍ ÉG ÁTTI EKKI ALLTAF ÞVÍ LÁNI AÐ FAGNA ÞEGAR VERIÐ VAR ÆFA LEIKRIT GUÐMUNDAR AÐ ALLIR VÆRU SVONA JÁKVÆÐIR.

konu sem var að hvísla í áhugaleikfélagi í Hafnarfirði og orðaði það við hana að það væri nú gaman að vera með. Svo forfallaðist einhver leikkona og ég fékk að vera með en var nú bara fimmtán ára. Þarna hitti ég Flosa Ólafsson sem var þá kominn inn í leiklistarskólann og hann spurði mig hvort ég ætlaði ekki að sækja um. Ég var nú hálf feimin við það því mér fannst Þjóðleikhúsið svo hátt uppi að það hvarflaði ekki að mér en Flosi var nú á öðru máli. Ég var að vinna á skrifstofu á Hreyfli á Hlemmi þegar þetta var og Flosi kom stundum í heimsókn og í eitt skiptið kom hann og spurði ákveðinn: „Ertu

búin að sækja um?“ Nei, ég var auðvitað ekkert búin að því og þá sagði hann: „Geturðu lánað mér símann?“ Svo hringdi hann í Ævar Kvaran þarna fyrir framan mig og sagði við hann: „Það er hérna stelpa sem vill endilega komast inn í leiklistarskólann, geturðu undirbúið hana undir inntökupróf?“ Þetta var bara svona. Þannig að ég fór og tók inntökupróf og komst inn og hef eiginlega verið hér síðan. Fór að leika á öðru ári í skólanum 1957 fyrir sextíu árum.“

Kristbjörg segist hafa notið þess láns að halda svo alltaf þessari sterku námsþörf sem hún fann fyrir í æsku. „Ekki síst vegna þess að mér fannst ég aldrei kunna neitt. Þannig að ég var alltaf að fara á námskeið og í ferðir til þess að sjá eitthvað nýtt en svo er þetta bara leit alla ævi. Það er afskaplega gaman að læra nýja hluti og ég hef enn þessa þörf sem betur fer. Annars væri þetta ekkert gaman og þessi þörf er minn drifkraftur. Mig langar rosalega mikið til þess að verða góð leikkona. Það hefur alltaf verið mín æðsta ósk.“

Nú er ekki annað hægt en að staldra við þar sem Kristbjörg hefur verið vægast sagt mjög góð leikkona í áratugi en hefur samt þessa sterku þörf fyrir að verða betri. „Já, en mig langar til þess að verða allveg frábær,“ segir Kristbjörg og skellihlær sínum bjarta hlátri og fer dálítið hjá sér. „Þegar maður verður vitni að góðri list þá er það dásamleg tilfinning. Þegar ég sé eitthvað gott í leikhúsinu þá hugsa ég – guð minn góður, þetta gæti ég aldrei. En þessi drifkraftur að skapa eitthvað fallegt er það sem heldur manni lifandi. Annars væri ekkert gaman að þessu.“

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur



tannlæknar mæla með GUM tannvörum

... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

IceCare
bin helstu

- allar upplýsingar á www.icecare.is

Allt fyrir hótel & veitingahús

Kynningar:
Svefn og heilsa
Amíra
IKEA
Allt fyrir hótél

Garri
Margt smátt
Þvottahús A. Smith
Ásbjörn Ólafsson

Gluggar og garðhús
Olís/Rekstrarland
Geiri

11. MARS 2017



Svefn og heilsa hefur selt fjölmörg hótélrum til nýrra hótela undanfarið og segja Sigurður og Elísabet reynsluna hafa verið mjög góða. MYND/EYÞÓR

Hótelgestir vilja gæðarúm

Hótel og gistiheimili velja í auknum mæli gæðarúm fyrir viðskiptavinum sína, segja hjónin Sigurður Matthíasson og Elísabet Traustadóttir hjá Svefni og heilsu. Sala rúma til hótela og gistihúsa hefur aukist mjög vegna fjölgunar ferðamanna undanfarið.

Straumur ferðamanna til landsins hefur aukist geysilega undanfarið misseri. Hótel og gistiheimili spretta upp víða og þar með eykst þörfin fyrir góð hótélrum. Það vita þau hjónin Sigurður og Elísabet, eigendur Svefn og heilsu, af eigin raun enda hefur eftirspurnin eftir hótélrum frá þeim aukist mikið. „Í okkar rekstri er mesta aukningin í sölu á rúmunum og dýnum til hótela og gistihúsa og sá þáttur er orðinn töluverður í okkar rekstri þó sala til einstaklinga sé samt sem áður langstærsti kjarninn í okkar verslun,“ segir Sigurður.

En hvaða kröfur þurfa hótélrum að uppfylla? „Hótel og gistiheimili eru í auknum mæli að velja gæðarúm fyrir viðskiptavinum sína,“ svarar Elísabet og bætir við að samkvæmt skoðanakönnunum meðal hótelgеста séu það yfirleitt rúmin sem skipti mestu máli hvað

gæði hóteldvalarinnar varðar. „Á tímum tölvaldar, þar sem fólk getur skoðað TripAdvisor og aðrar ferðamannasíður, er það í raun viðskiptavinurinn sem gerir þær kröfur að rúmin séu góð,“ segir hún.

Góðir dómur hótelgеста
Svefn og heilsa hefur selt fjölmörg hótélrum til nýrra hótela undanfarið og segja Sigurður og Elísabet reynsluna hafa verið mjög góða. „Við fáum mjög góða dóma hjá viðskiptavinum sem gista á þessum hótélum og gistiheimilum og í nokkrum tilfellum endum við á að selja dýnur til þessara einstaklinga,“ segir Sigurður sem bendir á að sum af hótélunum og gistiheimilunum auglýsi sérstaklega að þau séu með dýnur frá Svefni og heilsu.

Framhald á síðu 2 ➔

„Á tímum tölvaldar, þar sem fólk getur skoðað TripAdvisor og aðrar ferðamannasíður, er það í raun viðskiptavinurinn sem gerir þær kröfur að rúmin séu góð.“



Eigendur Svefn og heilsu, Sigurður og Elísabet, ásamt Matthildi Fanneyju Jónsdóttur verslunarstjóra. MYND/EYÞÓR

Framhald af forsiðu➔

Gæði og verð fara saman

Svefn og heilsa er gamalgróid fyrir-tæki en eigendur þess byrjuðu að flytja inn rúm árið 1991 og eru nú rúmlega 25 árum síðar með stærstu markaðshlutdeildina á Íslandi í þessum geira.

Elísabet segir gæði vörunnar skipta þau hjónin hvað mestu máli enda hugi flestir viðskipta-vinir þeirra fremur að gæðum en verði. „Flestir vita að rúmið er það sem þeir nota langmest og lengst af öllum hlutum heimilisins. Þó er alltaf best þegar verð og gæði fara saman sem er raunin hjá okkur,“ segir hún glaðlega.

Mörg gæðamerki

Svefn og heilsa býður upp á fjölmörg gæðamerki. „Við leggjum mesta áherslu á heilsudýrnar frá Bodyprint og Fylds, einnig stillanlegu rúmin frá Reverie. Síðan erum við með heilsudýrnur sem við látum sérframleiða fyrir okkur sem heita Valhöll, Saga, Freyja, Þór og Memory Deluxe,“ telur Sigurður upp. Elísabet bætir við að þau bjóði upp á ýmis góð merki í mjúkvörum. „Til dæmis HEFEL sem er það allra besta sem við höfum kynnst í sængurverum. Þá eru Vandyck góðir í flestum mjúkvörum en lökin frá þeim eru sérstaklega góð.“ Þau benda á að dýnunum fylgi 5 ára ábyrgð og þá sé boðið upp á eldvarnarbólstrun sem henti vel fyrir hótél.



Svefn og heilsa býður upp á fjölmörg gæðamerki í rúnum og dýnum.

Góðar heilsudýrnur

„Allar okkar heilsudýrnur eru svæðaskiptar. Það þýðir að axlasvæðið er mjúkt, mjóbaksvæðið er stífara og miðjúsæðið er millistíft. Svæðaskiptar heilsudýrnur gefa betri stuðning við axlir og mjóbak og styðja í heild miklu betur við líkamann,“ útskýrir Sigurður.

Hann segir Valhöll vinsælustu heilsudýrnuna fyrir hótél. „Hún er sjösvæðaskipt og 30 cm þykk. Hægt er að snúa henni og er hún því mjög endingargóð. Valhöll er einnig með steypa kanta og stálkanta og hægt er að festa tvær dýrnur saman með Velcro til að mynda hjónarúm,“ segir Sigurður og bendir á að botnarnir séu gríðarsterkir og henti því vel fyrir hótél. „Ég væri mjög ánægður með að lenda á slíkri dýnu á 5 stjörnu hóteli,“ segir hann og brosir.

Nánari upplýsingar á www.svefn.is



Hilmar B. Jónsson matreiðslumeistari man tímana tvenna í hótél- og veitingahúsarekstri á Íslandi. MYND/EYÞÓR

Þegar bylting varð á veitingahúsum

Hilmar B. Jónsson matreiðslumeistari þekkir vel til allra breytinga á hótélum og veitingastöðum í gegnum tíðina enda hefur hann verið lengi í bransanum. Hann segir að margt hafi breyst eftir 1980.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Hilmar segir að matur á íslenskum veitingahúsum hafi verið fábrotinn á fyrri hluta síðustu aldar. Nánast ómögulegt var að fá ferskt grænmeti. „Það var lítið flutt inn af hráefni til landsins. Ef ég bauð upp á grænmeti fyrstu tíu árin mín sem kokkur kom það úr dós nema kannski kartöflur, rófur og gulrætur á haustin. Sömuleiðis var mjög erfitt að fá nautakjöt,“ segir hann. „Miklar breytingar urðu eftir 1980 þegar gjaldeyris-höftum var aflétt. Fólk fór að ferðast meira og gat fengið riflegri gjaldeyri en áður. Þeir sem fóru í ferðalög fyrir þennan tíma tóku gjarnan mat með sér til Spánar en notuðu peninginn sem fékkst í bankanum til að kaupa gjafir handa ættingjum. Þegar losnaði um þessi höft fóru Íslendingar að prófa veitingahús í útlöndum og smekkurinn breyttist. Það voru engin kreditkort á þeim tíma. Þar að auki var nám í matreiðslu eft til muna og skólinn skilaði miklu betri matreiðslumönnum. Það skilaði sér inn á veitingahúsin,“ segir Hilmar.

Þegar kennslan batnaði jókst

á íslenskir matreiðslumenn leituðu sér framhaldsmenntunar í útlöndum. „Þeir réðu sig til vinnu erlendis og komu síðan með nýjungar með sér heim,“ segir Hilmar. „Þá fóru veitingamenn að bjóða meira en kjötsúpu eða lambalæri á veitingahúsum eða lax á sumrin. Vöruúrvalið jókst jafnt og þétt. Matseðillinn hafði verið ákaflega einfaldur og matreiðslan einhæf. Fyrsti veislumaturinn sem ég man eftir var hamborgarhryggur. Þegar Hótél Loftleiðir kom til sögunnar var boðið upp á kalt borð sem varð mjög vinsælt. Á þessum árum þegar ég var að byrja í kokkinum kom allt kjöt í heilum eða hálfum skrokkum. Við úrbeinuðum allt sjálfir og allur skrokkurinn var notaður. Í dag geta menn keypt það kjöt sem þeir vilja eftir númerum í katalog,“ segir Hilmar. „Ég held að Gestgjafinn sem ég byrjaði að gefa út á þessum árum hafi líka haft áhrif.“

Hann rifjar upp að á sjöunda áratugnum voru nokkur hótél opnuð í Reykjavík; Hótél Saga árið 1962, Hótél Holt árið 1965 og Loftleiðir árið 1966. Það var mikil breyting. „Hins vegar verða ekki almennar breytingar á matseðlum veitingahúsa fyrr en á níunda áratugnum. Þá verður bylting. Eini fiskurinn sem var á boðstólum á

íslenskum veitingahúsum var lax í þrjú mánuði og síðan lúða. Þorskur og ýsa sáust ekki á matseðli á þessum árum. Ég man eftir að einstaka sinnum buðum við upp á nýja rauðsprettu en vissum ekki að við vorum að bjóða skarkola sem er ekki sami fiskurinn. Fiskurinn var því seldur undir fölsku nafni. Ef hægt var að fá nautakjöt þá var logandi piparsteik mjög vinsæl en hún var flamberuð fyrir framan gestinn. Einnig var nauta-tornado vinsælt en það var bara mjög erfitt að fá góða nautasteik á þessum árum. Grillaður humar kom ekki á matseðil fyrr en Ib Wessman kom með hann á Naustinu. Humarinn hafði verið notaður í beitu,“ segir Hilmar og bendir á gríðarlega breytingu í matargerð á síðustu 20 árum. „Það hefur margt breyst og matur á veitingahúsum hér á landi er með því besta sem gerist í heiminum. Ásóknin í matreiðslunám hefur þrefaldast á stuttum tíma en því miður er skólinn alltaf fjársveltur og getur ekki endurnýjað nauðsynleg tæki,“ segir Hilmar sem hefur nóg að gera við að dæma í matreiðslukeppnum víða um heim. „Ég er nýkominn heim frá Dubai þar sem ég smakkaði 208 fiskrétti á fjórum dögum. Svo er ég á leið til Vietnam á nokkurs konar Food and Fun hátíð,“ segir hann.




HÓTELREKSTUR

— ALLT Á EINUM STAD —



SÆNGURVERASETT



HANDKLÆÐI



LÖK



HLÍFDARDÝNUR



RÚMÁBREIÐUR



BORÐDÚKAR



SÁPUR



HÓTELVÖRUR



SLOPPAR OG INNISKÓR

SÍÐUMÚLI 1 | 108 REYKJAVÍK | Sími 788-2070 & 787-2070 | HOTELREKSTUR@HOTELREKSTUR.IS

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Söluumaður auglýsinga:
Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Veffang:
Visir.is

Hágæða rúmföt og handklæði

Heildverslunin Zanex ehf. selur hágæða sængurföt og handklæði til hótela og gistiheimila. Hjá Zanex er mikið lagt upp úr gæðum og góðum verðum. Stærstu hótélkeðjur í heimi velja Best Bedlinen in the World sængurföt og Ecomnit handklæði sem Zanex býður upp á hér á landi.

Guðrún Brynjúlfsdóttir rekur heildverslunina Zanex ásamt fjölskyldu sinni. Fyrirtækið var stofnað árið 2004. Í fyrstu var fyrirtækið nokkurs konar dekurverkefni fyrir Guðrúnu sem var að rísa upp úr veikindum og vildi komast út á vinnuarkaðinn. Fjölskyldan fann þó fljótlega að mikil þörf var á vönduðum sængurfötum fyrir hótél og gistaðaði. Reksturinn hefur undið upp á sig og umsvifin aukist til muna. Núna býður fyrirtækið upp á vönduð handklæði og badmottur, sloppa, inniskó, rúmföt, sængur og koddá.

Gæði i gegn

„Við vildum vera með hágæða vörur sem endast vel og fara vel í þvotti,“ segir Guðrún. „Við verslum aðallega við tvö fyrirtæki, Best Bedlinen in the World sem framleiðir eingöngu hágæða sængurfatnað og Hartdean Ltd í Bretlandi sem framleiðir Ecomnit handklæði í þremur þykktum sem henta mjög vel fyrir hótél. Sængurfötin frá Best Bedlinen in the World endast mjög vel og þau má sjóða og leggja í klór. Í sængurfötunum er 300 þráða damask-efni en einnig erum við með 500 þráða silkibómull. Þau má bæði sjóða og leggja í klór. Sængurfötin koma í nokkrum litum.“

Pola suðu og klór

„Ecomnit handklæðin fást í þykktum 450, 550 og 650 GSM en það er gæðavottun, eins og þeir vita sem þekkja til. Þessi handklæði eru 40% fljótari að þorna en önnur handklæði og eru úr 100% bómull. Það dregst ekki til í þeim, þau eru sérstaklega styrkt á kóntunum og halda lögun sinni þrátt fyrir að þola 90 gráðu heitt vatn og þurrkara auk þess sem þau þola klór. Ég get full-yrst að þau endast tvisvar til þrisvar sinnum lengur en mörg önnur handklæði,“ segir Guðrún.

„Vegna þess hversu breska pundið er hagstætt gagnvart íslensku krónunni getum við boðið þessar vörur á einstaklega hagstæðu verði. Ég hef fundið að hótél eigendur vilja bjóða gestum sínum upp á góð sængurföt og handklæði,“ segir Guðrún. „Við erum stolt yfir að geta boðið upp á svona hágæða vörur,“ bætir hún við.

„Við höfum fengið mjög góð viðbrögð frá eigendum hótela og gistiheimila sem koma til okkar aftur og aftur,“ segir Guðrún. „Einnig hefur aukist að eigendur snyrti- og hárgreiðslustofa komi til okkar og velji þessar vörur. Handklæðin og slopparnir henta mjög vel hjá þeim sem bjóða upp á spa og heilsurækt.“

„Ég læt sérsauma lök fyrir okkar úr 250 þráða bómull. Þau eru saumuð í riflegri stærð þannig að þegar þau hafa verið þvegin passa þau vel á rúm,“ segir Guðrún og bætir við að hún hafi verið orðin þreytt á hversu mikið lökin hlupu í fyrsta þvotti. „Það vandamál er úr sögunni hjá okkur.“


Mjög góð viðbrögð

„Við höfum fengið mjög góð viðbrögð frá eigendum hótela og gistiheimila sem koma til okkar aftur og aftur,“ segir Guðrún. „Einnig hefur aukist að eigendur snyrti- og hárgreiðslustofa komi til okkar og velji þessar vörur. Handklæðin og slopparnir henta mjög vel hjá þeim sem bjóða upp á spa og heilsurækt. Við erum með vörur á lager og getum afgreitt strax.“

Zanex er heildverslun og selur beint til hótela og gistiheimila. Zanex er til húsa í Armúla 23. Einstaklingar hafa sýnt vörunni mikinn áhuga og varð það til þess að fjölskyldan opnaði verslunina Amíra í Armúla 23 sem selur hágæða sængurföt og handklæði auk annarra skemmtilegra hluta til heimilisins. Verslunin er einnig á netinu, www.amira.is.




Ecoknit-handklæðin eru unnin úr sérstaklega vand- aðri bómull.



Falleg og vönduð rúmföt frá Best Bedlinen in the World. Rúmfötin þola vel suðupvott og halda sér vel.

Love your EcoKnit®

Viðskiptavinir um heim allan nota EcoKnit®



Grand Hyatt Manila, April 2017

Okada Manila, May 2017

- 40% minni rafmagnsnotkun!
- 40% fljótari að þorna!
- Dregst ekki til í þeim!
- Minni kolefnisblástur
- Merktu fyrirtækið þitt umhverfisvænt
- Upplagt fyrir spítala
- Upplagt fyrir Spa



Zanex ehf

Ecoknit handklæðin fást í þykktum 450, 550 og 650 GSM en það er gæðavottun, eins og þeir vita sem þekkja til. Þessi handklæði eru 40% fljótari að þorna en önnur handklæði og eru úr 100% bómull.

Metfjöldi ferðamanna í febrúar

Aldrei hafa fleiri verið á faraldsfæti en einmitt nú og ekkert lát er á vinsældum Íslands.

Ísland hefur heldur betur slegið í gegn sem áfangastaður ferðamanna. Útlit er fyrir að á þessu ári komi meira en 2,4 milljónir ferðamanna til landsins sem er meiri fjöldi en nokkru sinni fyrr. Í fyrra var heildarfjöldi þeirra erlendu ferðamanna sem sóttu landið heim tæplega 1,8 milljónir. Það er aukning um 39% frá árinu 2015 þegar fjöldi ferðamanna var 1,3 milljónir.

Bretar stærsti hópurinn

Lengi vel var sumarið vinsælasti tíminn til ferðalaga til landsins en það hefur breyst hratt undanfarin ár. Í síðasta mánuði fóru um 148 þúsund erlendir ferðamenn frá

landinu, samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og eru það um 47% fleiri en á sama tíma í fyrra. Aldrei áður hafa jafnmargir ferðamenn komið til landsins á þessum tíma.

Bretar og Bandaríkjamenn eru um helmingur þessara gesta. Þeir fyrrnefndu voru tæp 32% en þeir síðarnefndu um 20%. Þar á eftir komu Kínverjar, Frakkar, Þjóðverjar og Kanadamenn.

Fjórfoldast á fimm árum

Fjöldi ferðamanna hefur nær fjórfoldast í febrúar á fimm ára tímabili. Fjöldi ferðamanna frá Norður-Ameríku hefur nær sexfoldast og frá Mið- og Suður-Evrópu meira en þrefaldast. Fjöldinn frá Bretlandi hefur þrefaldast á þessum tíma.

Flestir ferðamenn kjósa að gista á hótélum og gistiheimilum en íbúðaleiga eða íbúðaskipti sækja í sig verðið. Nokkuð er um að ferðamenn gisti í tjöldum, hálendis-skálum, bændagistingu og sumarhúsum yfir sumarið. Árið 2015 var 1.831 gististaður með starfsleyfi frá sýslumanni, þar af voru 480 með veitingaleyfi.

Gistinætur á hótélum sem eru opin allt árið voru 281.400 í janúar sem er 43% aukning miðað við janúar 2016. Gistinætur erlendra gesta voru 89% af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum en þeim fjölgaði um 47% frá sama tíma í fyrra á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 17%.



Aldrei hafa jafnmargir ferðamenn komið til landsins í febrúar og í ár. Helmingur er Bretar og Bandaríkjamenn.

Flestar gistinætur á hótélum í janúar voru á höfuðborgarsvæðinu eða 206.500 sem er 30% aukning miðað við janúar 2016. Um 73% allra gistinátta voru á höfuðborgarsvæðinu. Næstflestar voru gistinætur á Suðurlandi eða um 34.500. Erlendir gestir með flestar gistinætur í janúar voru Bretar með 87.000, Bandaríkjamenn með 64.700 og Kínverjar með 16.600, en íslenskar gistinætur í janúar voru 29.600.

Flestir ferðamenn kjósa að gista á hótélum eða gistiheimilum.

Afgreiðslubúnaðarpakki

Vortilboð: **295.900** Kr. m/vsk

Öllum pökkum fylgir ókeypiss númerakerfi á meðan birgðir endast





Góð eldhúsaðstaða rúmast vel á nokkrum fermetrum ef skipulagið er gott.



Það skiptir máli að innrétta fyrirtæki þannig að það sé aðlaðandi fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavinum.

Starfsfólk fyrirtækjaþjónustu IKEA þekkir vöruúrvalið vel og gefur góð ráð við val á húsbúnaði fyrir gistiheimilið.



Yfirsýn sem sparar tíma og fjármuni

Gistirýmum og veitingastaðum hefur fjölgað undanfarin ár. Í harðnandi samkeppni skiptir máli að innrétta fyrirtæki þannig að það sé aðlaðandi, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.



IKEA er staður fyrir þá sem reka veitingastað eða vilja innrétta morgunverðarsal á gistiheimili.

Þegar á að hefjast handa vefst það þó fyrir mörgum að taka fyrstu skrefin og þar getur Fyrirtækjaþjónusta IKEA einfaldað lífið, hvort sem verið er að breyta og bæta eða byrja frá grunni. Vöruúrvalið er slíkt að í mörgum tilfellum þarf alls ekki að leita annað.

Reynsla og þekking einfaldar viðskiptavinum verkið

Tíminn er dýrmætur og honum jafnvel betur varið í annað en að velja húsbúnað, sækja og skipuleggja. Þetta veit starfsfólk fyrirtækjaþjónustunnar. „Við höfum aðstoðað fjölmarga við að innrétta gístaðstöðu. Það hafa þá aðallega verið gistiheimili og lítil hótél, og þar höfum við öðlast mikla og góða reynslu,“ segir Guðrún Hlín Þórarinsdóttir, starfsmaður fyrirtækjaþjónustunnar. „Eins hafa rekstraraðilar veitingastaða leitað til okkar og þar getum við aðstoðað með allt

frá húsgögnum í setustofu, eldhúsi og borðsal til borðbúnaðar og skreytinga.“ Guðrún Hlín segir þarfir viðskiptavina afar munnandi, sumir séu að gera upp fyrri aðstöðu en aðrir séu jafnvel að opna nýtt fyrirtæki og þá sé í mörg horn að líta.

Starfsfólk fyrirtækjaþjónustunnar veitir ráðgjöf og heldur utan um ferlið og innkaupin. Sú þjónusta sparar viðskiptavinum sporin við að skipuleggja hvað þurfi, finna vörurnar og koma þeim á áfangastað. „Það einfaldar þeim ferlið því við skráum niður og höldum utan um viðskipti hvers og eins,“ segir Guðrún Hlín. „Þannig gleymist ekki neitt og við höfum það mikla þekkingu á vöruúrvali og þjónustu IKEA að við getum komið auga á þegar eitthvað má betur fara í skipulagningunni eða vörusamsetningu. Þetta eru fjölmörg vörumer þegar upp er staðið og þá er auðvelt að missa sjónar á ýmsu sem skiptir máli.“ Þannig



Guðrún Hlín Þórarinsdóttir hjá fyrirtækjaþjónustu IKEA segir persónulegt samband við viðskiptavinum skipta mjög miklu.

fái viðskiptavinir betri yfirsýn yfir útgjöldin og spari líka tíma, sem virðist af skornum skammti hjá flestum. Umfang fyrirtækjaþjónustunnar hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár, og starfsfólki hefur fjölgað úr einum starfsmanni í sex á örfáum árum. „Það er góðs viti að þeir sem koma til okkar, leita yfirleitt til okkar aftur og það er gaman að fá að fylgjast með viðskiptavinum sem hafa verið hjá okkur í mörg ár vaxa og dafna á því tímabili. Þá er ekki laust við að manni finnst maður eiga svoltið í þeim,“ segir Guðrún Hlín.

Fjölbreytt flóra fyrirtækja

Fyrirtækjaþjónustan aðstoðar alls kyns fyrirtæki við innréttingu húsnæðis en gistiheimili og veitingastaðir hafa verið í meirihluta undanfarin misseri. „Við höfum komið að því að innrétta og standsetja gistirými af öllum stærðum og gerðum. Íbúðahótelum hefur til dæmis fjölgað mikið og þá er

alengt að við hönnum eldhúsaðstöðu sem uppfyllir öllu helstu skilyrði sem eldhús þarf að uppfylla, en rúmast á örfáum fermetrum,“ segir Guðrún Hlín. „Þarfinnar eru misjafnar. Við sinnum hverju fyrirtæki með það í huga og getum bent fólk á leiðir eða vörur sem það hefði mögulega ekki komið auga á sjálf. Það er þetta persónulega samband sem skiptir máli til að við náum að sinna verkefninu vel og að viðskiptavinurinn sé ánægður með útkomuna.“

Gott samstarf og fri ráðgjöf

Viðskiptavinum stendur önnur þjónusta IKEA einnig til boða eins og samsetning, heimsending o.fl., gegn gjaldi. Annars er ráðgjöf Fyrirtækjaþjónustunnar og teikniþjónusta innréttinga ókeypis. „Viðskiptavinurinn tekur einfaldlega fyrsta skrefið með því að hafa samband við okkur og þaðan hefum við samstarf sem byggist á þörfum viðkomandi.“

Hafa trú á mikilvægi Vakans

Gæða- og umhverfiskerfið Vakinn er ætlað fyrirtækjum í ferðaþjónustu hér á landi. Í dag hafa um 90 ferðaþjónustufyrirtæki uppfyllt skilyrði Vakans og er Fosshótel Lind í Reykjavík eitt þeirra.

Starri Freyr
Jónsson

starri@365.is



Vakinn er gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu sem hefur það markmið að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund undir handleiðslu og um leið að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi. Um leið er Vakinn gott verkfæri fyrir þátttakendur til að skoða og bæta rekstur og starfshætti innan fyrirtækisins og efla um leið gæði og fagmennsku gagnvart gestum og starfsfólki að sögn Öldu Þrastardóttur, verkefnastjóra hjá Ferðamálastofu. „Gæðakerfið var innleitt árið 2012 þannig að ekki er lengur hægt að tala um nýtt kerfi heldur miklu frekar gæðakerfi sem hefur náð að festa sig í sessi og skilað raunverulegum árangri.“

Ferðamálastofa stýrir verkefninu en það er unnið í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar og Nýsköpunarmiðstöð auk þess sem Ferðamálastofa Íslands komu að því áður en þau voru lögð niður árið 2016.

Hún segir að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafi sjálf kallað eftir einhvers konar gæðaflokkun fyrir greinina en slíkar hugmyndir höfðu verið uppi lengi. „Það var því mikið fagnadaðefni þegar ákveðið var af hinu opinbera að farið yrði í gerð slíks gæðakerfis hér á landi. Fyrirmyndin að útfærslunni er hins vegar nýsjálfenskennd aðlöguð íslenskum aðstæðum.“

Þátttakendum fjölga

Vakinn er því ætlaður öllum þeim sem starfa í ferðaþjónustu á Íslandi. Honum er skipt í tvo hluta; annars vegar stjórnuflokkun fyrir gisti- staði og hins vegar gæðaflokkun fyrir alla aðra þjónustu segir Alda. „Umhverfiskerfið er valkvætt. Fyrirtæki í afþreyingu þurfa að uppfylla ákveðið hlutfall almennra gæðaviðmiða auk sértækra gæðaviðmiða sem tengjast starfssviði hvers fyrirtækis. Í gistingunni eru síðan stjórnuflokkar frá einni upp í fimm stjörnur. Þar segir heildarstigafjöldi til um það í hvaða stjórnuflokki viðkomandi gististaður lendir út frá aðbúnaði og þjónustustigi.“

Hún segir Vakann hafa farið hægar af stað en vonir stöðu til en í dag séu þau stolt af því að segja að þátttakendur séu orðnir 90 talsins og hátt í 80 fyrirtæki eru í ferli. „Þegar Vakanum var ýtt úr vör árið 2012 var ekki fyrir séður þessi hraði vöxtur sem orðið hefur í greininni. Náttúra, gæði, fagmennska og samvinna eru gildi íslenskrar ferðaþjónustu. Við viljum að áfangastaðurinn Ísland sé þekktur fyrir slík gildi og þá er Vakinn gott tæki til þess. Þátttaka í gæðakerfi getur skipt sköpum og verið mikilvægt hjálpartæki til þess að skapa samkeppnisforskot og sérstöðu á markaði, bæði fyrir fyrirtækin sem taka þátt og áfangastaðinn í heild. Samtakamátturinn er mikilvægur þegar kemur að því að ná háleikum markmiðum og við höfum mikla trú á mikilvægi Vakans og hlutverki hans í því að íslensk ferðaþjónusta megi vaxa rétt og dafna vel í framtíðinni.“



Alda Þrastardóttir er verkefnastjóri hjá Ferðamálastofu og Bjarni Ara er hótellstjóri Fosshótel Lindar.

MYND/ANTON BRINK



Allar upplýsingar um gæðaviðmiðin og kerfið sjálft er að finna á heimasíðu Vakans, www.vakinn.is, auk þess sem það starfsfólk Ferðamálastofu sem starfar við Vakann, er ávallt tilbúið að svara öllum spurningum og veita ráðgjöf.

Gestir skipta öllu máli

Tónlistarmaðurinn góðkenni Bjarni Ara tók við starfi hótellstjóra á Fosshótel Lind í ágúst 2016 en áður hafði hann starfaði í ráðstefnudeild á Grand hótel Reykjavíkur. Hann segir stjórnendur hót-

elsins hafa mikinn áhuga á að auka gæði þjónustunnar, vera vakandi og að tryggja viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu. „Það gerum við meðal annars með því að taka þátt í Vakanum. Þetta snýst á endanum allt um viðskiptavininn og að hann sé ánægður og öruggur í húsakynnum okkar. Svo er líka svo ánægjulegt að hafa ánægða gesti og fá staðfestingu frá þeim og Vakanum um að við séum á réttri braut. Ef eitthvað er að þá er okkur bent á það og þá fáum við tækifæri til að laga það.“

Ferlið var þannig að fulltrúi frá Vakanum kom til þeirra og gerði úttekt sem sneri að nær öllum þáttum starfseminnar. „Uppfylla þarf ýmis gæða- og umhverfisviðmið. Sumir þessara þátta voru í fullkomnu lagi hjá okkur en svo voru aðrir þættir sem við þurftum að laga. Það vakti líka athygli mína þegar við fórum í gegnum þetta verkefni að það eru ekki bara ég og starfsfólk okkar sem þurfum að tileinka okkur vinnubrögð Vakans heldur einnig gestir okkar, þannig að þetta er samvinna.“

Hjálpar mikið

Hótelíð fékk svo brons-viðurkenninguna á síðasta ári. „Forveri minn, Erna Dís Ingólfssdóttir, vann ötulllega að því verkefni. Þegar kom að árlegri úttekt í byrjun þessa árs kom það í minn hlut að vinna þá vinnu með Vakanum sem var ákaflega skemmtilegt og fræðandi.“

Bjarni er ekki í vafa um að viðurkenningin hjálpi hótelinu mikið á allan hátt. „Það er markaðslegur ávinningur fyrir fyrirtæki okkar að vera í Vakanum og fá staðfestingu á því að við séum að vinna að gæða- og umhverfismálum af fagmennsku. Við getum uppfyllt væntingar gesta okkar betur með þessari viðurkenningu og rekið fyrirtækið með betri hætti. Þannig göngum við stolt og keik til vinnu á hverjum degi og höfum það að leiðarljósi að það eru gestir okkar sem skipta öllu máli. Að þeim liði vel hjá okkur, fá frábæra þjónustu og fari ánægðir heim að dvöl lokinni. Þátttaka okkar í Vakanum skiptir höfuðmáli í þessu sambandi. Það er gott að eiga Vakann að.“

Þjónustar stóra sem smáa gistiðila

Allt fyrir hótél er heildsala sem sérhæfir sig í ýmsum vörum fyrir hótél, veitingastaði og sjúkrahöfnum. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í tæplega ár og er Ellen Dröfn Björnsdóttir eigandi fyrirtækisins og eini starfsmaður þess. „Ég býð upp á alla vöruflokkana sem litil og stór hótél þurfa á að halda, einnig gistiheimili, veitingahús og þá aðila sem leiga út íbúðir. Ég skipti við trausta erlenda og íslenska birgja og ef spurt er um vörur sem ég hef ekki verið með áður þá bæti ég þeim í vöruúrvalið.“

Meðal þeirra vara sem Allt fyrir hótél býður upp á fyrir hótél og gistiheimili er mikið úrval af sængurfatnaði, lökum, dúkum, handklæðum og allar gerðir af líni. „Ég kaup einungis inn vandað lín með miklum gæðum sem er gott að meðhöndla, línið er alltaf vinsælasta varan mín. Einnig býð ég upp á gott úrval af ýmsum badvörum, t.d. sápum í mörgum gerðum og áfyllingum. Ég hef mikið úrval af smávörum fyrir

hótelherbergin, svo sem tannburstasett og inniskó.“

Mikið úrval

Einnig hefur Ellen Dröfn séð um að sauma og setja upp gardínur og gluggalausnir. Hún býður upp á hurðamerkingar, raftæki, merktar herbergislyklakippur, myndir á vegg og annað í herbergin. „Þannig að úrvalið er svo sannarlega mikið fyrir hin ýmsu rekstrarform gistiþjónustunnar.“

Meðal nýjustu verkefna fyrirtækisins er að útvega myndir í herbergi fyrir hótél á Norðurlandi og finna fallegar hurðamerkingar í hostel. „Einnig var ég á klára uppsetningu á gardinum í móttöku á hóteli sem er verið að taka allt í gegn.“

Bjartsýn á framhaldið

Auk þess að bjóða gott úrval af vörum fyrir hótél og gistiheimili býður fyrirtækið líka upp á úrval vara fyrir veitingahús. „Þar má m.a. nefna dúka, servéttur, bordrenninga, áklæði yfir stóla og borð,

tuskur og viskastykki auk fatnaðar fyrir starfsfólk. Einnig hef ég gott tengslanet við fyrirtæki sem hafa lausnir við endurnýjun og endurhönnun veitingastaða.“


Með lítilli yfirbyggingu hefur henni tekist að halda öllum kostnaði í lágmarki. „Fyrir vikið get ég boðið upp á bestu verðin til viðskiptavina minna. Ég er bjartsýn á framhaldið og á næstu árum ætla ég að halda áfram að bjóða upp á bestu þjónustuna, bestu verðin og bestu vörurnar.“

Nánari upplýsingar á www.afh.is/ www.alltfyrirhotel.is og Facebooksíðu fyrirtækisins Allt fyrir hótél.



Ég er bjartsýn á framhaldið og á næstu árum ætla ég að halda áfram að bjóða upp á bestu þjónustuna, bestu verðin og bestu vörurnar.





HARPAN / KOLBRAUTIN

VIÐURKENNDAR OG VANDAÐAR HEILDARLAUSNIR

Fastus býður upp á vandaðar heildarlausnir frá virtum og viðurkenndum framleiðendum fyrir hótél, mótuneyti, veitingastaði og þvottahús. Sérfræðingar Fastus búa yfir 20 ára reynslu í skipulagningu og samsetningu á störeldhúsum.

Hafðu samband við okkur og við aðstoðum þig við að finna réttu lausnina fyrir þig!



KOPAR



FOSSHÓTEL HÖFÐATORGI



LEIFSSTOÐ



GRILLMARKAÐURINN

Garri býður grænar lausnir

Garri aðstoðar hótél og veitingahús um land allt við að ná árangri með sérhæfðum lausnum. Fyrirtækið býður upp á matreiðslunámskeið, grænar lausnir og eina flottustu hreinlætislínu á landinu.

Garri er einn fremsti birgir landsins þegar kemur að matvælum og umbúðum. Á síðustu árum hefur Garri auk þess bætt við hreinlætislausnum og hreinlætisvörum og þannig stórbætt þjónustu sína við íslensk fyrirtæki að sögn Hreins Elíasonar, markaðsstjóra Garra. „Við höfum meðal annars staðið fyrir fræðandi námskeiðum um árabíl í samvinnu við þekkt vörumerki eins og Cacao Barry, SOSA, Capfruit, Ardo og Vandemoortele svo einhver séu nefnd. Þannig höfum við til dæmis haldið mjög vinsæl súkkulaðinámskeið, fagkennslu í sushigerð, námskeið í bakstri og meðhöndlun á vörum sem gefa viðskiptavinum okkar forskot á markaði. Fleiri hundruð fagaðilar sækja námskeið okkar ár hvert.“

Hann segir að fagfólk geti alltaf leitað til Garra þar sem sérfræðingar fyrirtækisins séu ávallt reiðubúnir til að ráðleggja við matseðlagerð, kynna nýjar og spennandi aðferðir, hagkvæmar lausnir til vinnusparnaðar og annað sem nýtist viðskiptavinum beint í starfsemi sinni. „Í starfslíði okkar eru m.a. matreiðslumenn, matreiðslumeistarar, bakarar og sérfræðingar í hreinlætislausnum. Þetta eru aðilar sem staðið hafa að rekstri veitingahúsa og stóreldhúsa með góðum árangri. Fyrir viknið getum við veitt dýrmæta þjónustu og það er okkur mikil ánægja að geta haft jákvæð áhrif á líf og starfsemi viðskiptavina okkar.“

Umhverfisvitund mikilvæg
Hreinn bendir á að Garri leggi áherslu á að bjóða vörur sem geri fyrirtækjum og stofnunum kleift að vera umhverfismedvitund og styðja við stefnu sína í þeim málum. Þá sé einnig velkomið að hafa samband og fá ráðgjöf um sértækar lausnir. „Í röðum okkar eru sérfræðingar sem eru tilbúnir til að aðstoða með lausnir sem gera fyrirtæki aðlaðandi og í takt við tímann.“

Grænar lausnir
Undanfarin ár hafa starfsmenn Garra markvisst tekið mið af auknum ferðamannastraumi til landsins og stefnt að því að vera með nýjungar í vöru og þjónustu sem uppfylla kröfur markaðarins. „Aukin fjölbreytni kallar á nýjar lausnir og við erum tilbúnir til að mæta þeim. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að aukin meðvitund ferðamanna um umhverfisvernd kallar eftir grænni þjónustu. Fólki vill í auknum mæli geta valið vistvænar lausnir þegar það ákveður kaup sem er mjög jákvæð þróun og við viljum taka þátt í henni.“

Hreinlæti er undirstaðan
Hreinlæti og snyrtileg ásýnd er mikilvægt öllum fyrirtækjum í rekstri hvort sem það er persónulegt hreinlæti eða þrif í iðnaði. „Við erum komin með eina flottustu hreinlætislínu á landinu, bæði í hreinlætisefnum og salernispappír fyrir allar tegundir fyrirtækja. Vörumerki okkar eru fremst í flokki á heimsvísu og framleiðendurnir eiga það sameiginlegt að vera umhverfismedvitaðir með umhverfsvottaðar vörur. Það er mjög jákvæð þróun



Garri hélt nýlega námskeiðið Ný sýn á frosið grænmeti, ávexti og kryddjurtir í samvinnu við Ardo.

Aukin fjölbreytni kallar á nýjar lausnir og við erum tilbúnir til að mæta þeim. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að aukin meðvitund ferða manna um umhverfisvernd kallar eftir grænni þjónustu. Fólki vill í auknum mæli geta valið vistvænar lausnir þegar það ákveður kaup sem er mjög jákvæð þróun og við viljum taka þátt í henni.

Hreinn Elíasson, markaðsstjóri Garra



ad eiga sér stað sem samræmist gildum Garra hvað varðar samfélagsábyrgð og virðingu fyrir náttúrunni. Við erum því afar stolt af að geta boðið viðskiptavinum okkar slíkar vörur og þjónustu.“

Góð upplifun
Það er þægileg tilfinning fyrir rekstraradila og veitir viðskiptavinum góða upplifun að geta boðið upp á góða hreinlætisaðstöðu. Það eykur líkur á að gestir komi aftur og mæli með staðnum segir Hreinn. „Það þarf ekki að vera aukinn kostnaður við það



Heildverslunin Garri er á Lynghól 2 í Reykjavík.

ad veita góða upplifun þannig að vel búin salernisaðstaða er skynsamleg fjárfesting sem nýtist bæði viðskiptavinum og starfsfólki. Garri og verslunin Besta bjóða fyrirtækjum og sveitarfélögum trausta og skilvirka þjónustu og síðast en ekki síst frábærar vörur. Besta er sérverslun sem Garri rekur og sérhæfir sig í hreinlætisvörum. Verslunin er á Grensásvegi 18 í Reykjavík en þar er veitt fagleg þjónusta þar sem starfsfólk með mikla reynslu og sérþekkingu veitir ráðgjöf um þrif og hreinlæti.“

Traust, lausnamiðuð þjónusta
Fyrirtækið Garri var stofnað árið 1973 og hefur því veitt þjónustu í yfir fjörutíu ár. Frá fyrstu tíð hefur áherslan verið á hágæða matvæli fyrir stóreldhús ásamt hagkvæmum og skilvirkum lausnum á sviði hreinlætis. „Hjá okkur er hægt að kaupa allt á einum stað sem skilar sér í hagræðingu og tímasparnaði,“ segir Hreinn. „Allir aðilar innan hótél- og veitingageirans og ferðaþjónustunnar geta því nýtt sér vörur og lausnir fyrir starfsemi sína. Ef um er að ræða óskir um sérhæfðar lausnir þá eru

starfsmenn Garra ávallt reiðubúnir að starfa með viðkomandi í leit að hentugum lausnum.“




Allar nánari upplýsingar má finna á www.garri.is og í síma í síma 5 700 300.



Hreint land fagurt land



Hótelrúmföt og handklæði fyrir ferðapjónustuna



Allt lín fyrir: Hóтелиð • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb
Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Víkapiltinn
- Hótelstjórnandann



EDDA
HEILDVERSLUN

Starfsmannafatnaður og hótelvörur í úrvali

Margt smátt hefur sérhæft sig í auglýsinga- og gjafavörum fyrir fyrirtæki og félagasamtök í á þriðja áratug. Úrval starfsmannafatnaðar og hótelvörungs fer vaxandi í takt við aukna eftirspurn.

Fyrir rúmum tveimur árum tókum við yfir rekstur Tanna sem hafði séð hótél- og veitingageiranum fyrir ýmiss konar merktum starfsmannafatnaði. Við það jókst sú hlíð starfseminnar til mikilla muna,“ segir markaðsstjórinn Árni Esra Einarsson.

Margt smátt býður upp á fatnað fyrir kokka, þjóna, móttökustarfsmenn og ræstingafólk á hótél- og veitingahúsum. „Þá erum við með ýmiss konar hótelvörning eins og handklæði, þvottapoka, sloppa og inniskó. Sömuleiðis glasamottur, penna, hótelfána og annað sem tengist starfseminni en allt er hægt að sérmerkja eftir óskum hvers og eins.“

Hann segir starfsmenn Margt smátt hafa orðið vara við stóru aukna eftirspurn eftir gæða- bómullarvörum fyrir gesti hótela og gististaða og helst það í hendur við aukinn fjölda ferðamanna. „Við ákváðum að bregðast við og bjóða upp á sérstaka hótellínu. Við seljum til smærri og stærri hótela og bændagistinga um allt land. Þetta er orðið um fimmtán prósent af veltunni og fer vaxandi.“

Að sögn Árna leggur Margt smátt áherslu á persónulega þjónustu, gæði og hagstætt verð. Vörurnar eru til á lager og eru því afgreiddar fljótt og vel.

Sjá nánar á margtsmatt.is.



Úrval starfsmannafatnaðar hjá Margt smátt jókst til muna þegar fyrirtækið tók yfir rekstur Tanna. MYND/EYÞÓR



Margt smátt hefur svarað stóru aukinni eftirspurn eftir bómullarvörum fyrir gesti á hótél- og gisti- stöðum.



Starfsmannafatnaðurinn er af ýmsu tagi og ættu allir að geta fundið fatnað við hæfi.



Vörurnar eru til á lager og því afgreiddar fljótt og vel.

Við seljum til smærri og stærri hótela og bændagistinga um allt land. Þetta er orðið um fimmtán prósent af veltunni og fer vaxandi.





LAUGARDAGUR 11. MARS 2017

Helgin



Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufraeðingur stýrir málþingi þar sem spurt er: Getur berjarækt orðið arðvænleg búgrein á Íslandi?
[helgin →2](#)

Mælir heilshugar með Bio-Kult Cyan

Icecare kynnr Bio-Kult Pro-Cyan sem er hápróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás og vinnur gegn þvagfærasýkingum.

Margar konur þjást af þvagfæraþægindum og er algengt að það sé af völdum E. coli-bakteriunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjást af þvagfæraþægindum fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfæraþægindi einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. „Ég hef verið með krónísk óþægindi í blöðrunni í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til

dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig,“ segir Guðlaug Jóna Matthíasdóttir.


Henni var ráðlagt að fara á meðhöndlandi kúr í tólf mánuði en hún var ekki alveg tilbúin til þess. „Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro-Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum og fann ég

Framhald á síðu 2 →

Blue Berry töflurnar

„Ég hef notað Blue Berry töflurnar frá New Nordic, undanfarna þrjá mánuði og finn mikinn mun á augunum,“ segir Anna Daníelsdóttir.

„Áður fyrr var ég mjög oft þurr í augunum og einnig rauðeygð, þar sem þurrkurinn olli því að ég varð viðkvæmari í augunum. Mér finnst líka að sjónin hafi lagast og mér líður mun betur í augum effir að ég byrjaði að taka Blue Berry töflurnar“.



“Nauðsynlegt til að viðhalda eðlilegri sjón, Blue Berry töflurnar innihalda Lutein, A vítamín, Zink og Kopar. Góð vítamínblanda fyrir augun”

Aðeins 1 tafla á dag.



LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuögleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Hefur tröllatrú á berjaræktinni

Vangaveltur um arðbæra berja- og ávaxtarækt á Íslandi fara fram á Hótel Sögu á morgun.

Ragnheiður Tryggvadóttir

heida@365.is



Við höfum tröllatrú á þessu. Eftir að tók að hlýna hér á Íslandi síðustu ár höfum við getað ræktað ávexti og ber utan-húss. Berjaneysla hefur stóruáhrif hér á landi og þarna gætu leynst tækifæri fyrir athafnasama bændur," segir Guðrún Helga-dóttir garðyrkjufraeðingur.

Guðrún stýrir málþingi sem fram fer á morgun, þar sem spurt er: Getur berjarækt orðið arðvænleg búgrein á Íslandi?

„Okkur langar að vekja athygli á þessum möguleika sem aukabúgrein," segir Guðrún. „Á málþingið mætir Leif Blomqvist, nokkurs konar „seleb“ í ávaxta- og blómaheiminum og Íslendingum að góðu kunnur. Leif rekur garðyrkjustöð norðarlega í Finnlandi og helgar líf sitt ræktun á harðgerðum tegundum ávaxtatrjáa og berjarunnum, fyrir norðlægum aðstæðum. Leif ferðast um heiminn og leitar uppi nýrki af gömlum tegundum. Það er mjög spennandi fyrir okkur hér á Íslandi. Á málþinginu talar hann meðal annars um nýjungar sem margar gætu gengið vel hjá okkur.“

Guðrún segir litla tilrauna-starfsemi í berjaræktun hér á landi. Möguleikarnir séu þó margir.

„Við ræktum tiltölulega fáar sortir af þeim tegundum sem þó pluma sig vel við íslenskar aðstæður,



Guðrún Helga-dóttir stýrir málþingi um berjarækt á Hótel Sögu á morgun. „Þarna gætu leynst tækifæri fyrir athafnasama bændur.“ MYND/VILHELM

rífsber, sólber og stíkilsber til dæmis. Innan einnar tegundar geta verið allt að þrjátíu mismunandi sortir eða klónar sem gefa mismikið magn af berjum, stærri ber og mismunandi bragð. Berjablátöppur og hunangsviður má til dæmis segja að séu vannýttar tegundir hér á landi. Þó hafa einhverjir verið duglegir við

tilraunir og því munu Jón Kristófer Arnarson og Jón Þórir Guðmundsson segja frá sinni reynslu en Jón Þórir á til dæmis frægan ávaxtagarð í fjöru á Akranesi.”

Málþingið er á vegum Garðyrkjufélagsins í samvinnu Garðyrkjufélags Íslands, Bændasamtök Íslands og Garðyrkjuskóla Lbhí.

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum Tilvalið fyrir fjölskyldur!



FRÁBÆR KÍNVERSKUR VEITINGASTAÐUR Í MEIRA EN 30 ÁR

Krakkar að 5 ára aldri borða frítt 5-12 ára börn 1.200kr.

HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00

Verð kr. 2.100



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



Kinahofid

Kínahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022



www.kinahofid.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridoringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarisdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Framhald af forsiðu ➔

fljótlega að það virkadi mjög vel gegn þessum króníska vanda mínum. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri," segir Guðlaug ánægð.

Heilbrigða þvagrás

Orsakir óþæginda í þvagrás geta verið nokkrar, meðal annars utan-aðkomandi áhrif á þarmaflórana, breyttur lífsstíll, auklið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkennin eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur á þvagini. Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum.

Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvagini. Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið visindalega prouð og staðfest, og á hún að tryggja heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk gerlanna og A-vítamins í Bio-Kult Pro-Cyan er



Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri.

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig til að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en alltaf er mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hefst. Börn mega líka nota Bio-Kult Pro-Cyan en þá er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fulloröna.



HÁFJALLAKVÖLD

Í TÍLEFNI 90 ÁRA AFMÆLIS FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

12. MARS Í ELDBORG KL. 20:00

FORSETI ÍSLANDS ÁVARPAR GESTI
1000 KRÓNA AÐGANGSEYRIR. ALLUR
ÁGÓÐI AF HÁFJALLAKVÖLDINU RENNUR TIL
VINA ÞÓRSMERKUR OG TIL UPPBYGGINGA
GÖNGUSTÍGA Í ÞÓRSMÖRK OG GOÐALANDI.



STÓR-
STJÖRNUR
Í HÁFJALLA-
HEIMINUM!

PETER HABELER *A life time climbing*

GERLINDE KALTENBRUNNER

Passion 8000 – Dream of a Lifetime

ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON & TÓMAS GUÐBJARTSSON

Hálendisperlur á Íslandi

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.COM



FJALLA
KOFINN



Sannkölluð safnaveisla

Árleg safnaveisla verður á Suðurnesjum um helgina en þar má finna óvenju mikið úrval áhugaverðra og skemmtilegra safna.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Söfn á Suðurnesjum taka höndum saman um helgina og bjóða í níunda sinn upp á sameiginlega dagskrá undir heitinu Safnahelgi á Suðurnesjum. Ókeypiss er inn á öll söfnin í dag og á morgun og um leið á þá dagskrá sem er í boði á hverjum stað nema annað sé tekið fram.


Áð sögn Valgerðar Guðmundsdóttur, menningarfulltrúa Reykjanesbæjar, hefur markmiðið frá upphafi verið að kynna fyrir landsmönnum hin fjölbreyttu söfn og sýningar sem sveitarfélögin á Suðurnesjum bjóða upp á. „Segja má að þetta sé liður í menningarferðaþjónustu svæðisins. Því er upplagt fyrir íbúa næsta nágrennis, t.d. höfuðborgarinnar, að renna í

bíltúr hingað suður um helgina og upplifa þau fjölmörgu skemmtilegu söfn og sýningar sem verða í boði.“

Dagskráin er afar fjölbreytt að sögn Valgerðar. Boðið er upp á bæði nýjar og eldri sýningar á söfnunum, tónleika, fyrirlestra og margs konar fleiri upptömur. „Söfn, safnvísar og sýningar nálgast á annan tuginn og fjölbreytni safnanna er í raun einstök á ekki stærra svæði. Það eru alltaf nýjar sýningar í söfnunum á hverju ári og einnig koma ný söfn og safnvísar við sögu. Listasafnið er t.d. með mjög áhugaverða sýningu núna og svo má nefna að í Garðinum eru tvö ný einkasöfn til sýnis þar sem áhugamenn eru að safna alls kyns gripum.“

Eitthvað fyrir alla

Meðal þeirra sýninga og viðburða sem verða í boði um helgina nefnir Valgerður t.d. að náttúran verði áberandi í Þekkingarsetri Suður-



nesja og í Gestastofu Reykjanesjarðvangsins í Duus Safnahúsum. „Í Duus Safnahúsum eru átta sýningar-salir með fjölbreyttum sýningum um sögu, listir og náttúru.“

Gestir geta kynnst sögunni frá því fyrir landnám og til okkar tíma, margvislegum atvinnuháttum, listum og náttúru. „Sjósókn og vinnsla sjávarafans er t.d. kynnt á þremur söfnum í þremur ólíkum bæjarfélögum; í Kvikunni í Grindavík, Byggðasafninu í Garði og Bátasafninu í Duus Safnahúsum.“

Bókasafn Reykjanesbæjar mun bjóða upp á Söguöngu um Bítla-



Valgerður Guðmundsdóttir er menningarfulltrúi Reykjanesbæjar.



bæinn Keflavík og sýning til heiðurs Björgvini Halldórssyni verður í Rokksafninu í Hljómahöllinni. „Ekki má gleyma Slökkviliðsminjasafni Íslands í Safnamiðstöðinni í Ramma og Pokemon-sýningu

Boðið verður upp á fjölbreytt úrval safna á Suðurnesjum um helgina.

sem verður í Bókasafni Sandgerðis auk þess sem boðið er upp á tvær ljósmyndasýningar í Vogunum. Einnig má nefna að nú um helgina hefst Menningarvika Grindavíkur þar sem boðið verður upp á fjölda viðburða og sýninga, t.d. í Guðbergsstofu, Jarðorkusýninguna í Kvikunni og listsýningar á Bókasafninu, Salthúsinu o.fl. stöðum.“

Sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum hafa unnið sameiginlega að undirbúningi dagskrárinnar en verkefnið er stutt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Dagskrána í heild má finna á safnahelgi.is.



FRÁBÆRT VIÐSKIPTATÆKIFÆRI

Golfklúbbur Reykjavíkur leitar eftir nýjum rekstraraðila að veitinga- og veislupjónustu golfskálans í Grafarholti.

Um er að ræða kaup á núverandi rekstri GR-Veitinga sem fer með allan veitingarekstur staðarins.

Góð velta - mikil tækifæri.

Nánari upplýsingar veitir Haukur í síma 546-1100 eða á haukur@investis.is



NA

NORÐURÁL

Nóg að gera hjá Norðuráli

Við óskum eftir að ráða þrjú öflugra liðsmenn: verkefnastjóra og tvo sérfræðinga á fjármálasviði. Verkefni eru áhugaverð og krefjandi í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

Verkefnastjóri á umhverfis- og verkfræðisviði

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórn í fjárfestingarverkefnum
- Undirbúningur og greining verkefna
- Tímastjórnun, kostnaðar- og gæðaeftirlit
- Ýmis konar skýrslugerð og upplýsingagjöf

Starfsstöð á Grundartanga

Sérfræðingur í hagdeild

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Áætlanagerð og rekstrarspár
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga
- Kostnaðareftirlit
- Yfirferð á mánaðar- og ársuppgjörum
- Skýrsluskil
- Þátttaka í ýmsum umbótaverkefnum

Starfsstöð í Reykjavík

Sérfræðingur í bókhald

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Samræming og framfylgni eftirlitsþátta og skil á upplýsingum til innri endurskoðanda
- Þátttaka í ýmsum umbótaverkefnum
- Afstemmingar og uppgjör
- Færsla á bókhaldi

Starfsstöð á Grundartanga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verkfræði eða sambærileg menntun
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði
- Reynsla af verkefnastjórnun, helst úr iðnaðarumhverfi
- Öryggis- og umhverfisvitund
- Góðir samskipta- og skipulags-hæfileikar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun með áherslu á reikningshald eða fjármál
- Framhaldsmenntun eða reynsla af vinnu á endurskoðunarstofu er kostur
- Mjög góð Excel þekking
- Góðir samskipta- og skipulags-hæfileikar
- Góð kunnátta í ensku og íslensku

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af SAP æskileg
- Mjög góð Excel þekking
- Góðir samskipta- og skipulags-hæfileikar
- Góð kunnátta í ensku og íslensku

Upplýsingar veitir **Sigrún Helgadóttir**, framkvæmdastjóri starfsmanna- og innkaupasviðs, í síma **430 1000**. Sótt er um á nordural.is. Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaðar gætt.

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars**.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.



Sérfræðingur í stefnumótun og skipulagsgerð



Starfið er á sviði stefnumótunar og þróunar, sem er eitt fjögurra fagsviða á Skipulagsstofnun. Meðal helstu verkefna sviðsins er gerð landsskipulagsstefnu auk þróunar upplýsinga-, gagna- og gæðamála stofnunarinnar. Stórt verkefni sem fellur þar undir er þróun og innleiðing stafræns skipulags.

Umsóknarfrestur

27. mars

Starfssvið

- Vinna að landsskipulagsstefnu og framfylgdarverkefnum hennar.
- Vinna að upplýsinga- og gagnamálum, svo sem rafrænni stjórnslu og stafrænu skipulagi.
- Þátttaka í öðrum greiningar- og stefnumótunarverkefnum.
- Þátttaka í gerð leiðbeininga og þróun verklags.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4703

Menntun og hæfniskröfur

- Meistaragráða sem nýtist í starfi, svo sem skipulagsfræði, landfræði, umhverfisfræði eða verkfræði.
- Reynsla af stefnumótun og greiningu tölfræðilegra upplýsinga.
- Þekking og reynsla af vinnslu landupplýsinga (GIS).
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Frumkvæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætla og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

Eigum við samleið?

Ef þú hefur gaman að því að vinna með fólki og að vinna fyrir fólk, þá er Allianz á Íslandi að leita að öflugum söluráðgjöfum. Í boði er fjölbreytt og spennandi starf þar sem ekki er gerð krafa um reynslu á tryggingamarkaði en lífsreynsla er mikils metin. Starfið er unnið í verktöku og hentar konum jafnt sem körlum.

Umsækjendur þurfa að hafa hreint sakavottorð og óflekkað mannorð í fjármálum.

Umsókn

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent.
www.capacent.is

Við tryggjum fólk

Allianz

capacent

Fljótshérað

Stjórnendastöður



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Fljótshérað auglýsir starf félagsmálastjóra sveitarfélagsins laust til umsóknar. Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélagsins, undir hana fellur barnavernd, félagsþjónusta- og öldrunarmál og málefni fatlaðra.

Félagsmálastjóri

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4719

Helstu verkefni

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Fagleg forysta, gæðamál og þróun þjónustunnar.
- Stefnumótun og samningagerð.
- Þátttaka við undirbúning og eftirfylgd funda þeirra nefnda sem koma að sviðinu.
- Upplýsingagjöf.
- Samskipti við notendur, ráðuneyti og hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur

Allar upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur er að finna á vefslóð starfsins á vef Capacent.

Fljótshérað auglýsir starf skipulags- og byggingarfulltrúa laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi en viðkomandi verður einn af sex deildastjórum sem heyra beint undir bæjarstjóra í skipuriti Fljótshéraðs.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4715

Helstu verkefni

- Framkvæmd skipulags- og byggingamála.
- Mælingar, úttektir og skráning fasteigna.
- Yfirferð uppdráttar og afgreiðsla umsókna.
- Yfirferð skipulaga og eftirfylgni með málsmeðferð.

Sveitarfélagið Fljótshérað varð formlega til sem stjórnsýslueining 1. nóvember árið 2004. Íbúar þáverandi sveitarfélaga á Fljótshéraði, nema íbúar í Fljótshreppi, höfðu þá í kosningum samþykkt að sameina þrjú sveitarfélög af fjórum, sem þá voru, í eitt og var nafnið Fljótshérað valið sem heiti þess. Eftir sameiningu sveitarfélaganna varð til stærsta sveitarfélag landsins, landfræðilega séð, en Fljótshérað er um 9 þúsund ferkílómetrar af stærð og þar búa um 3500 manns. Sveitarfélagið samanstendur af gjöfulu strjálbýli, þar sem landbúnaður ræður ríkjum, og þéttbýli þar sem atvinnulífið einkennist af margvíslegri þjónustustarfsemi. Fögur náttúra og gott veðurfar einkennir Fljótshérað öðru fremur.

Umsóknarfrestur

27. mars

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Sérfræðingur í opinberum fjármálum



Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að sérfræðingi til að sinna spennandi verkefnum á sviði opinberra fjármála. Starfið felst í áætlanagerð opinberra fjármála og þátttöku í gerð fjármálastefnu stjórnvalda, fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps. Í starfinu felst mikil greiningar- og stefnumótunarvinna í samstarfi við lykil aðila í opinberum fjármálum.

Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað. Innleiðing laga um opinber fjármál stendur yfir sem fela í sér verulegar breytingar og tækifæri. Skrifstofan sem starfið tilheyrir gegnir leiðandi hlutverki í breytingunum og mun sérfræðingurinn taka virkan þátt í þeim.

Á skrifstofu opinberra fjármála eru 10 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 80 starfsmenn, flestir háskólamenntaðir.

Umsóknarfrestur

27. mars

Starfssvið

- Þátttaka í gerð fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps.
- Þátttaka í samstarfi vegna áætlanagerðar sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja.
- Kostnaðargreiningar, gagnavinnsla og þróun reiknilíkana.
- Framsetning upplýsinga og kynning á stöðu opinberra fjármála fyrir innlendum og erlendum aðilum.
- Upplýsingaöflun og áætlanagerð um markmið og horfur í opinberum fjármálum, meðal annars í samstarfi við önnur ráðuneyti við undirbúning fjárlagafrumvarps.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4702

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða sem nýttist í starfi, t.d. í hagfræði, verkfræði eða sambærilegu.
- Góð hæfni og reynsla af greiningarvinnu og þróun reiknilíkana.
- Mjög góð almenn tölvufærni, einkum í Excel.
- Kunnátta til að miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun og góð samskiptahæfni.
- Starfið krefst skipulagshæfni, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er nauðsynlegt. Góð enskukunnátta er skilyrði og Norðurlandamál kostur.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur yfirumsjón með gerð fjármálastefnu og árlegrar fjármálaáætlunar fyrir hið opinbera. Það undirbýr fjárlagafrumvarp á grundvelli laga um opinber fjármál og samhæfir starf í öðrum ráðuneytum vegna þess.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.



BAUHAUS óskar eftir öflugum starfsfólki

Hjá Bauhaus erum við alltaf með viðskiptavininn í fyrsta sæti þar sem markmiðið er að veita sem besta þjónustu. Til að mæta mikilli aukningu viðskiptavina í verslun leitum við nú að kröftugu starfsfólki til að slást í hópinn.

Ertu brosandur og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af afgreiðslustörfum?

Sölumaður í fyrirtækjþjónustu Bauhaus

Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund og samskiptafærni. Einstaklingar á öllum aldri með reynslu úr byggingariðnaði eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Útstillingarhönnuður

Starfið felur í sér skipulag og framkvæmd breytinga á verslun í samræmi við vöruframboð, útstillingar, uppsetningu á vörum, hillukerfum o.fl. Umsækjendur þurfa að hafa menntun og/eða reynslu á sviði útstillinga eða hönnunar. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir metnaði, áráðni og jákvæðni.



Upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Rio Tinto



Rafvirki

Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa, til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- » Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á rafbúnaði
- » Bilanagreining á framleiðslubúnaði
- » Almenn viðgerðarvinna
- » Samskipti við framleiðsludeildir

Menntun – og hæfniskröfur:

- » Sveinspróf í rafvirkjun
- » Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- » Góðir samskiptahæfileikar
- » Almenn tölvuþekking
- » Reynsla af rafvirkjavinnu í iðnaðarumhverfi og háspennubúnaði er kostur

Nánari upplýsingar veita Stefán

Þór Ragnarsson og/eða Ágúst Helgi Jóhannesson í síma 560 7000.

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út atvinnuumsókn á vef fyrirtækis

www.riotinto.is.

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2017.

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuáferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af. Okkar gildi eru: ábyrgð, heilindi, virðing og samvinna.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotinto.is



BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.



BAUHAUS óskar eftir öflugum starfsfólki

Hjá Bauhaus erum við alltaf með viðskiptavininn í fyrsta sæti þar sem markmiðið er að veita sem besta þjónustu. Til að mæta mikilli aukningu viðskiptavina í verslun leitum við nú að kröftugu starfsfólki til að slást í hópinn.

Ertu brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af afgreiðslustörfum?

Sölumaður í fyrirtækjþjónustu Bauhaus

Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund og samskiptafærni. Einstaklingar á öllum aldri með reynslu úr byggingariðnaði eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Útstillingarhönnuður

Starfið felur í sér skipulag og framkvæmd breytinga á verslun í samræmi við vöruframboð, útstillingar, uppsetningu á vörum, hillukerfum o.fl. Umsækjendur þurfa að hafa menntun og/eða reynslu á sviði útstillinga eða hönnunar. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir metnaði, áráðni og jákvæðni.



Upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að þjóna íslensku samfélagi með veitingu stofnframlaga, lána og greiningum á húsnæðismarkaði til þess að stuðla að stöðugleika og auka möguleika almennings á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.



Mannauðs- og fræðslustjóri

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða mannauðs- og fræðslustjóra. Hlutverk mannauðs- og fræðslustjóra er að efla og þróa mannauð Íbúðalánasjóðs, samskipti og starfsumhverfi starfsmanna. Mannauðs- og fræðslustjóri starfar á skrifstofu forstjóra og situr jafnframt í framkvæmdastjórn.

Starfssvið

- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni hennar í anda stefnu Íbúðalánasjóðs
- Stuðla að traustri fyrirtækjamenningu sem byggir á gildum sjóðsins – frumkvæði, ábyrgð, samvinna
- Ráðgjöf við stjórnendur við innleiðingu árangurs- og ánægjumælikvarða á sviði mannauðsmála og innleiðingu breytinga innan sjóðsins
- Ábyrgð á gerð, kynningu og framkvæmd fræðsluáætlunar
- Ráðgjöf til stjórnenda um fræðslu- og endurmenntunaráætlun starfsmanna og stjórnenda
- Ráðgjöf til starfsmanna og stjórnenda vegna þjálfunar- og starfsþróunarmála
- Yfirumsjón með þróun og framkvæmd reglubundins frammistöðumats fyrir starfsmenn og stjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er skilyrði sem og framhaldsmenntun, sem æskilegt er að sé á sviði stjórnunar-, vinnusálfræði eða mannauðsmála
- Haldgóð reynsla af stefnumiðaðri mannauðs-stjórnun, starfsþróunarverkefnum og breytinga-stjórnun er kostur
- Leiðtogaþæfni og frumkvæði í vinnubrögðum
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og árangursmiðuð nálgun verkefna



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem

sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars nk.

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Breiðablik var stofnað árið 1950 og byggir því á gömlum grunni. Í dag er Breiðablik eitt stærsta íþróttafélag landsins með vel yfir 2.000 iðkendur í 10 mismunandi deildum, þ.e. knattspyrna, körfubolti, sund, skíði, frjálsar, hjólréiðar, skák, lyftingar, karate og taekwondo. Breiðablik sér um rekstur Smárans, Fífunnar og stúkunnar við Kópavogsvöll.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á www.breidablik.is

Fjármálastjóri

Íþróttafélagið Breiðablik óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa sem hefur þekkingu og reynslu af fjármálum og rekstri. Leitað er að stjórnanda sem hefur áhuga á félagsstarfi.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Daglegur rekstur mannvirkja í umsjón félagsins og starfsmannahald því tengdu
- Umsjón með uppgjöri, reikningshaldi og fjárreiðum deilda sem og félagsins í heild
- Umsjón með fjárhagsáætlunum
- Innkaup á rekstrarvörum
- Samningar við verktaka
- Skipulagning og undirbúningur stærri viðburða sem haldnir eru í mannvirkjum félagsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af reikningshaldi, uppgjörum og gerð fjárhagsáætlana
- Færni og geta til að stilla upp rekstrarreikningi og efnahagsreikningi
- Þekking á rekstri
- Reynsla af rekstri félagasamtaka er kostur
- Stjórnunarreynsla
- Góð almenn tölvukunnátta
- Samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Viðskiptalausnir Markaða

Markaðir annast þjónustu er snýr að fyrirtækjaráðgjöf, viðskiptavakt, eignastýringu, sölu og miðlun verðbréfa, gjaldeyris og afleiða. Viðskiptalausnir Markaða leita að metnaðarfullum og samviskusömum liðsmanni í sinn hóp. Deildin, sem er ein af fimm deildum sviðsins, er til stuðnings í daglegum rekstri sviðsins en meðal verkefna deildarinnar eru áætlanagerð og utanumhald með rekstri sviðsins, uppsetning og viðhald verklags og verkferla, þróun nýrra vara, val á kerfum og tæknilausnum og innleiðing þeirra.

Menntun og færni

- » Háskólamenntun í viðskiptafræði/hagfræði/verkfræði
- » Góð íslensku- og enskukunnátta
- » Geta til að koma frá sér efni í rituðu og töluðu máli
- » Þekking á helstu vörum og vöruflokkum sem snúa að starfsemi Markaða
- » Tæknileg færni og útsjónarsemi

Helstu verkefni

- » Aðkoma að þróun og hönnun á kerfislausnum
- » Innleiðing kerfa og verklags
- » Viðhald og uppfærsla á ferlum Markaða
- » Þjónustumál

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Eyrún Anna Einarsdóttir, forstöðumaður Viðskiptalausna, (eyrun.a.einarsdottir@landsbankinn.is) og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri (bergthora.sigurdardottir@landsbankinn.is).

Umsókn merkt *Viðskiptalausnir Markaða* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.



Jafnlaunaúttekt
PwC



CONSULAR ASSISTANT

(SUMMER TIME/TEMPORARY PART-TIME)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Consular Assistant í tímabundið hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til **17 mars, 2017**.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a temporary part time position of Consular Assistant. The closing date for this position is **March 17, 2017**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov



Viltu vinna fyrir okkur allar?

Landsnefnd UN Women leitar að öflugum framkvæmdastjóra/stýru

Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf í lifandi umhverfi. Framkvæmdastjóri er talsmaður UN Women á Íslandi og því er mikilvægt að viðkomandi hafi þekkingu og áhuga á mannúðarmálum og málefnum félagsins.

Starfssvið


- Ábyrgð á stjórnun, fjámálum og rekstri félagsins
- Ábyrgð á fjárflynum og skipulagning viðburða
- Þátttaka í alþjóðlegu starfi félagsins og samskipti við aðalskrifstofu UN women
- Að tala máli félagsins og vera tengiliður við opinbera aðila, fjölmiðla, fyrirtæki, styrkþega og aðra samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri kostur
- Leiðtogaþæfileikar, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni
- Framtíðarsýn um áframhaldandi uppbyggingu fjárflyunar
- Reynsla af mannúðarstarfi og alþjóðlegu samstarfi ótvíræður kostur
- Góð tungumálakunnátta, hæfni í mannlegum samskiptum og tjáningu í ræðu og riti

Umóknarfrestur er til og með 20. mars n.k. og skal sækja um starfi á heimasíðu Capacent, capacent.is.
Með umsókn um starfið skal fylgja starfsferilisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?



SÖLUHÖNNUÐUR

Marel leitar að metnaðarfullum einstaklingi til starfa við hönnun á vinnslulausnum fyrir alifuglaiðnað. Lausnirnar eru unnar í samstarfi við verkefnasölumenn í alþjóðlegu sölu- og þjónustuneti Marel.

Starfssvið:

- Hönnun kerfislausna sem byggja á tækjum og búnaði frá Marel, sérhæfðum fyrir alifuglaiðnað.
- Teiknivinna, verðlagning, rýni verkefna og eftirfylgni í hönnun.
- Samskipti við verkefnastjóra og hönnuði.
- Samskipti við viðskiptavini.

Viðkomandi þarf að geta ferðast erlendis vegna starfsins.

Hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, tæknifræði eða öðru tækninámi.
- Þekking og reynsla af notkun teikniforrita (AutoCad).
- Skipulagshæfni og geta til að vinna undir álagi.
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði, þekking á öðrum tungumálum er kostur.
- Vinnslupekking úr alifuglaiðnaði er kostur.
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini er kostur.
- Góðir samskiptahæfileikar og skilningur á mismunandi menningarumhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2017. Sótt er um starfið rafrænt á marel.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurpáll Jónsson, sigurpall.jonsson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífíð gott, lögð er áhersla á heilsuefningu starfsfólks m.a. með góðu mótuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.





STÖRF HJÁ VIGDÍSTARSTOFNUN

Laus eru til umsóknar starf viðburða- og kynningarstjóra og markaðs- og rekstrarstjóra.

Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum – Háskóli Íslands.

VIÐBURÐA- OG KYNNINGARSTJÓRI Helstu verkefni:

- Skipulagning viðburða, kynning og umsjón með þeim.
- Umsjón með kynningarmálum, m.a. samskipti við fjölmiðla.
- Umsjón með heimasíðu og umfjöllun um viðburði á félagsmiðlum.
- Samstarf og þjónusta við starfsmenn, m.a. um alþjóðlegt samstarf.
- Umsjón með ritun og útgáfu ársskýrslu.
- Vinna við viðburði s.s. ráðstefnur, málþing og fundi.
- Vinna að markaðsmálum í samvinnu við stjórnir og forstöðumenn stofnana, rekstrarstjóra og starfsfólk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 20. mars og er æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst, sjá nánar á Starfatorgi. Frekari upplýsingar veitir Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í síma 525 4209, netfang: auhau@hi.is.



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Móttökuritari og aðstoð

óskast á læknastofu. 50% starf fyrir og eftir hádegi.

Umsóknir sendist á: box@frett.is

Cleaning and babysitting

2-4 hours daily - late in the afternoon.

Please send an application at: box@frett.is

Ræsting og barnaþóssun: 2-4 klst. í lok vinnudags

Umsóknir sendist á: box@frett.is

ATVINNA

AP-Prif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.

Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á gerda@ath-thrif.is merkt „ATVINNA“



AP-PRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ

NEED A JOB?

AP-Prif is looking for people to hire.

Must speak english or icelandic.

Preferably between 20–40 years of age.


Driving license and clean criminal record is required.

Please send application via email at gerda@ath-thrif.is titled "Job".



AP-PRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ



CCP IS HIRING!

Director of Financial Planning & Analysis

The person will lead and manage the FP&A team of CCP which act as the analytical engine of the company to provide insights and support optimal business decision making. This role reports to the CFO.

Please apply at ccpgames.com/jobs





Ertu leiðtogi fram tíðarinnar?



Viltu starfa í hröðu og metnaðarfullu umhverfi?



Tekur þú breytingum og áskorunum fagnandi?



Hefur þú brennandi áhuga á tækni?



Viltu leiða og vinna með fólki?

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi leiðtoga í starf forstöðumanns hugbúnaðarþróunar á upplýsingatækni sviði bankans.

Arion banki hefur einsett sér að vera fremsti stafræni bankinn á Íslandi. Við vinnum markvisst að því að auka aðgengi að stafrænni bankaþjónustu hvar og hvenær sem er með snjöllum og skapandi lausnum.

Upplýsingatækni sviðið er breytingarafl í vegferð bankans inn í framtíðina. Við erum snörp og lausnamiðuð, höfum framúrskarandi tækniþekkingu og vinnum þétt með samstarfsfólki okkar um allan bankann.

Hugbúnaðarþróun þróar, samþættir og viðheldur lausnum með stafræna stefnu bankans að leiðarljósi ásamt því að þróa sterkar grunnstoðir sem framtíðarlausnir bankans byggja á.

Starfssvið forstöðumanns hugbúnaðarþróunar

- Kemur að mótun og útfærslu stafrænnar stefnu bankans
- Er leiðandi í kerfishögun bankans til framtíðar
- Vinnur þétt með leiðtogum viðskiptaeyinga bankans við tæknileg úrlausnarefni
- Byggir upp marksækið og tæknilega öflugt þróunarteymi
- Setur markmið og fer fyrir leiðtogum teyma sem þróa, viðhalda og samþætta tæknilausnir bankans
- Þróar aðferðafræði og verklag við hugbúnaðarþróun með því markmiði að hámarka afköst, gæði og viðskiptalegan ávinning verkefna

Hæfni og eiginleikar

- Leiðtogahæfni, drifkraftur og reynsla af stefnumótun og breytingastjórnun
- Reynsla af stjórnun upplýsingatækniþróunar hjá stærri fyrirtækjum
- Brennandi áhugi og þekking á upplýsingatækni og þróun
- Samskiptafærni og samvinna
- Háskólanám á meistarastigi í tölvunar-, verkfræði eða tengdri grein

Upplýsingar veita Raket Ottarsdóttir framkvæmdastjóri, sími 444 8471, netfang raket.ottarsdottir@arionbanki.is og Brynja B. Gröndal mannauðsstjóri, sími 444 6386, netfang brynja.grondal@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 21. mars. Sótt er um á arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í huginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og árið 2015 hlutum við Jafnlaunavottun VR.

Saman látum við góða hluti gerast.

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

ATVINNA

MCRENT ICELAND EHF, HÚSBÍLALEIGA,
AUGLÝSIR EFTIR STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖRF

ÞRIF Á BIFREIÐUM

Um er að ræða lausar stöður í inni- og útiþrifum.

Hæfniskröfur:

Bílpróf er nauðsynlegt,
reynsla af þrifum er kostur.

Lágmarksaldur er 17 ár.

AFGREIÐSLA

Starfið felur einkum í sér almenna þjónustu við
viðskiptavinum fyrirtækisins, kennslu á tæki og
skjalafrágang.

Hæfniskröfur: Rík þjónustulund, tölvukunnátta,
tungumálakunnátta, bílpróf og áhugi
á ferðaþjónustu.

Lágmarksaldur er 20 ár.

Við sækjumst eftir duglegu fólki af báðum kynjum í skemmtileg og krefjandi störf,
frá mars/apríl til loka október 2017, með möguleika á fastri ráðningu.

Ítarleg kennsla fer fram áður en starfsfólk hefur störf að starfsstöð okkar,
Smiðjuvöllum 5 a, Reykjanesbæ.

Umsókn sendist með upplýsingum um starfsferil (CV) og mynd á: iceland@mcrent.is.
Umsóknin skal berast fyrir lok mars 2017.

Nánari upplýsingar eru veittar með tölvupósti: iceland@mcrent.is.



Smiðjuvöllum 5 a // 230 Reykjanesbær // Sími: 578-6070

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum
fram tíðarstarfsmanni í afgangi og
þjónustustörf.

Þarf að geta byrjað sem fyrst.
Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið
larus@skorri.is
fyrir 20. mars 2017.



Aðstoðarmaður á iðjuþjálfadeild

Laus er til umsóknar 100% staða aðstoðarmanns á iðjuþjálfadeild frá 1. júní 2017 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Við leitum að einstakling með áhuga á handverki, góða
tölvukunnáttu, notalega nærveru og ríka þjónustulund.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármála-
ráðherra auk stofnanasamnings SFR og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bára Sigurðardóttir
forstöðuiðjuþjálfari í síma 585-2153 baras@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 26. mars 2017

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á
heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu

Staðsetning Borgarlínu og auknar byggingarheimildir innan áhrifasvæða hennar

Breytingar á svæðisskipulagi:

Lögð er fram til kynningar verkefnislýsing vegna breytinga á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að festa legu samgönguása fyrir Borgarlínu og að skilgreina viðmið um uppbyggingu á áhrifasvæðum.

Breytingar á aðalskipulögum:

Lögð er fram til kynningar sameiginleg verkefnislýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, Hafnarfjarðar 2013-2025, Kópavogsbæjar 2012-2024, Mosfellsbæjar 2011-2030, Reykjavíkurborgar 2010-2016 og Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að staðsetja legu Borgarlínu, helstu stöðva og skilgreina heimildir til uppbygginga á áhrifasvæðum.

Gögn:

Verkefnislýsingar eru aðgengilegar á eftirfarandi stöðum:

- Skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogi og á vefsíðunni www.ssh.is/svaedisskipulag
- Bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og á vefsíðunni www.gardabaer.is
- Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður og á vefsíðunni www.hafnarfjordur.is
- Skrifstofu Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 200 Kópavogur og á vefsíðunni www.kopavogur.is
- Bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ og á vefsíðunni www.mosfellsbaer.is
- Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og vefsíðunni www.reykjavik.is
- Bæjarskrifstofu Seltjarnarnes, Austurstönd 2, 170 Seltjarnarnes og á vefsíðunni www.seltjarnarnes.is
- Skrifstofu Kjósarhepps, Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbær og á vefsíðunni www.kjos.is

Frestur til athugasemda:

Verkefnalýsingar eru í kynningu frá 10. mars til og með 25. apríl 2017. Athugasemdir og ábendingar verða að vera skriflegar og þurfa að berast skrifstofu SSH eða á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.



Þingflokkur Pírata auglýsir eftir aðstoðarmanni

Þar sem núverandi aðstoðarmaður okkar er að hverfa til annarra starfa leitum við að fjölbreyttum einstaklingi til þess að taka þátt í áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum með okkur í þingheiminum.

Um er að ræða krefjandi starf þar sem engir tveir dagar eru eins. Við leitum að 11. þingmanni Pírata sem getur verið skipulagður í óreiðunni, sýnt frumkvæði, haft yfirsýn yfir starfsemi þingsins og samfélagsmálefni líðandi stundar.

Umsóknarfrestur er til 24. mars og þarf viðkomandi að geta hafið störf eigi síðar en 1. maí n.k.

Starfskjör eru samkvæmt reglum Alþingis.

Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- Menntun og reynslu sem nýtist starfi á vettvangi Alþingis, t.d. lögfræðimenntun, almannatengsl eða verkefnastjórnun
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Hjarta sem slær fyrir grunnstefnu Pírata
- Staðgöða þekkingu á íslensku samfélagi, stjórnsýslu og stjórnmálum
- Reynslu af almennum rekstri og færni til þessa að annast bókhald þingflokksins og samskipti við skrifstofu Alþingis
- Skipulagshæfileika og getu til þess að samhæfa stóru myndina í störfum þingflokksins
- Góða almenna tölvukunnáttu og færni í WordPress
- Þekkingu á fjölmiðlun
- Reynslu af ræðuskrifum

Umsóknir merktar Starf aðstoðarmanns skal senda á netfangið jonh@althingi.is fyrir 24. mars n.k. ferilskrá að hámarki tvær blaðsíður ásamt stuttri greinargerð (hámark ein blaðsíða) um hvers vegna þú ert rétti einstaklingurinn fyrir okkur. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sérfræðingur í markaðsmálum

Við leitum að metnaðargörnum einstakling sem hefur brennandi áhuga á markaðs- og kynningarstarfi. Í boði er lifandi og skemmtilegt starf með afar fjölbreyttum verkefnum.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Andrédsson, forstöðumaður markaðsmála og forvarna í síma 440 2022.

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI:

- Með áhuga á samskiptum, markaðssetningu og þjónustu
- Með skipulagshæfileika og getu til að starfa sjálfstætt
- Með góða íslenskukunnáttu og færni í rituðu máli
- Með færni í samskiptum og framkvæmdagleði
- Reynsla af markaðs- og kynningarstörfum er kostur
- Með háskólamenntun sem nýtist í starfi

STARFIÐ FELUR Í SÉR:

- Mótun og framkvæmd markaðsaðgerða
- Greining á markaðstækifærum og framkvæmd aðgerða
- Samskipti við auglýsingastofu og samstarfsaðila
- Vinna við markaðssetningu á samfélagsmiðlum
- Umsjón og stjórnun viðburða
- Gerð kynningarefnis og innri markaðssetning

Verkefnastjóri í forvörnum

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða nýja nálgun á forvarnastarf félagsins. Spennandi starf við að þróa og kynna forvarnir á einfaldan, nútímalagan og fræðandi hátt.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Andrédsson, forstöðumaður markaðsmála og forvarna í síma 440 2022.

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI:

- Með hæfni í samskiptum og áhuga á kynningarstarfi
- Sem hefur frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Sem á auðvelt með að koma fram
- Með áhuga á forvörnum og öryggi fólks
- Sem hefur ástríðu fyrir að miðla upplýsingum
- Með góða íslenskukunnáttu og færni í rituðu máli

STARFIÐ FELUR Í SÉR:

- Mótun og framkvæmd á forvarnastarfi félagsins
- Að koma fram á opinberum vettvangi sem talsmaður forvarna
- Samstarf við starfsfólk og mótun skilaboða um forvarnir í markaðs- og kynningarstarfi
- Samskipti við stærri viðskiptavinum á fyrirtækjemarkaði um öryggismál
- Samskipti við fjölmiðla vegna forvarna

Þjónustustjóri á Akureyri

Við leitum að kraftmiklum og félagslyndum einstaklingi með áhuga á sölu og þjónustustjórnun. Í boði er fjölbreytt starf í samstilltum hópi starfsfólks sem veitir framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf.

Nánari upplýsingar veitir Baldvin Ólafsson, útibússtjóri á Akureyri í síma 440 2374.

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI:

- Með þjónustulund og metnað til að ná árangri
- Með hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt hugarfar
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Með haldgóða menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu og þjónustu á svæðinu er kostur

STARFIÐ FELUR Í SÉR:

- Ábyrgð á þjónustuverkefnum útibúsins
- Faglega ráðgjöf og þjónustu vegna trygginga og tjóna
- Greiningu á þörfum viðskiptavina
- Uppbyggingu viðskiptatengsla á svæðinu

Ráðgjafi slysatjóna

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til starfa í persónutjónadeild félagsins. Í boði er krefjandi framtíðarstarf þar sem samstilltur hópur vinnur saman að því að veita afburða þjónustu til viðskiptavina.

Nánari upplýsingar veitir Valborg Sveinsdóttir, forstöðumaður persónutjóna í síma 440 2284.

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI:

- Með hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt hugarfar
- Með þjónustulund og metnað til að ná árangri
- Sem hefur haldgóða menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla úr heilbrigðisþjónustu eða tryggingastarfsemi er kostur

STARFIÐ FELUR Í SÉR:

- Ráðgjöf og þjónustu í persónutjónum
- Samskipti við viðskiptavinum og umboðsmenn þeirra
- Skráningu, vinnslu og uppgjör mála
- Virka þátttöku í umbótaverkefnum

Umsóknir skal fylla út á www.capacent.is, umsóknarfrestur er til og með 19. mars.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Pétursdóttir, thora.petursdottir@capacent.is.

SJÓVÁ

CAFE PARIS

STOFNAÐ 1993

OPNAR Á NÆSTU VIKUM eftir gagngerar endurbætur.

Af því tilefni óskum við eftir duglegu og kraftmiklu fólki með brennandi áhuga á mat, drykk og veitingamennsku í eftirfarandi störf:

- ∞ Vaktstjóri í eldhús – fagmenntun í matreiðslu er skilyrði
- ∞ Starfsfólk í eldhús
- ∞ Vaktstjóra í veitingasal – fagmenntun í framreiðslu er skilyrði
- ∞ Almenna þjóna
- ∞ Uppvaskara

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á cafeparis@cafeparis.is merkt „Starf á Cafe Paris“.

Umsjón með ráðningum hafa Atli Ottesen vegna eldhússtarfa og Sigurlaug Guðmundsdóttir vegna þjónustarfa.



GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili
Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma
óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

Bílstjóra- og lagerstörf 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum
um umsækjanda sendist á netfangið

vinna@ger.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg
fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.



HÚSGAGNA
HÖLLIN



DORMA
LITTA DRÖGUMIN VÆTTAÐ

SKEMMTILEG STÖRF FYRIR FRAMÚRSKARANDI FÓLK

VÖRU- OG VERKEFNASTJÓRI

Við leitum að kraftmiklum aðila til þess leiða okkar mikilvægustu vöruþróunarverkefni, sem eru grundvöllurinn að metnaðarfullum vexti fyrirtækisins. Starfið felur í sér náð samstarf við okkar stærstu viðskiptavini, krefst skilnings á þörfum þeirra og hvernig hægt er að uppfylla þær tæknilega.

Vöru- og verkefnastjórar bera ábyrgð á allri vöruþróun Creditinfo, þ.m.t. framtíðarsýn, forgangsröðun, kröfugerð og verkefnastýringu.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tölvunarfræði
- Góðir samskiptahæfileikar, sjálfstraust og frumkvæði
- Reynsla af vöru- eða verkefnastýringu í upplýsingatækni er mikill kostur
- Þekking á fjármála- eða tryggingastarfsemi er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ingvar S. Birgisson, forstöðumaður vöru- og verkefnastýringar, ingvar@creditinfo.is

SÉRFRÆÐINGUR Í GAGNAVINNSLU

Við leitum að einstaklingi með góða greiningarfærni til þess að koma inn í gagnavinnsluteymið okkar. Gögnin eru grundvöllur starfseminnar og okkar helsta ástríða.

Viðkomandi mun sinna gagnavinnslu tengdum fjölmiðla- og fjárhagsupplýsingum.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Mikill áhugi á gögnum og gagnavinnslu
- Skipulagsfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Kraftur og vilji til að gera sífellt betur

Nánari upplýsingar veitir Laufey Jónsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og lögfræðisviðs, laufey@creditinfo.is

SÉRFRÆÐINGUR Í SÖLU OG ÞJÓNUSTU

Við leitum að drífandi einstaklingi með brennandi áhuga á sölumennsku.

Helstu verkefni eru sala og þjónusta til smærri viðskiptavina. Starfsmaður mun skipuleggja söluherferðir og taka þátt í mótun á sölufelrum Creditinfo.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Metnaður og vilji til þess að ná markmiðum
- Reynsla af sölustörfum er kostur

Nánari upplýsingar veitir Laufey Jónsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og lögfræðisviðs, laufey@creditinfo.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á atvinna@creditinfo.is merkt því starfi sem sótt er um.
Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2017

Canada

CONSULAR ASSISTANT

The Embassy of Canada in Reykjavik is looking for a temporary consular assistant to support the Consular section of the Embassy.

Closing date for applications is the 26th of March 2017.

Further details can be found at

<http://www.canadainternational.gc.ca/iceland-islande/>

Snyrtistofa til sölu

Vel tækjum búin snyrti- og fótaaðgerðastofa á höfuðborgarsvæðinu í eigin húsnæði til sölu.

Stofan hefur fimm sérútbúin herbergi með samtals sex starfstöðvum ásamt góðri móttöku og anddyri.

Stofan starfar með vel þekktari snyrti- og meðferðarlínu.

Áhugasamir sendið fyrirspurnir á gauik@hotmail.com

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar Aðalfundur

Aðalfundur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar verður haldinn þriðjudag 28. mars 2017, kl 16:00 í húsnæði Starfsendurhæfingarinnar að Flatahrauni 3, efri hæð.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Stjórnin



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf. óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.

LIND FASTEIGNASALA

Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND

FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

FLOKKSTJÓRI

Dekkjahöllin óskar eftir að ráða dugmikinn einstakling í starf flokkstjóra á Akureyri.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þjónusta í sal
- Móttaka viðskiptavina og reikningagerð
- Aðstoð við útdelingu verkefna og eftirfylgni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í bílaþjónustu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkstjórn kostur

Umsóknir skulu berast í gegnum umsóknareyðublað á dekkjahollin.is eða í tölvupósti á thorgeir@dekkjahollin.is Nánari upplýsingar veitir Þorgeir í síma 460 3000



Framúrskarandi fyrirtæki

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

Draupnigötu 5
460 3000
dekkjahollin.is

FORSETI VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

Háskóli Íslands leitar að öflugum stjórnanda og leiðtoga fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið sem er eitt af fimm fræðasviðum háskólans.

Forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs starfar í umboði rektors. Hann er æðsti yfirmaður og akademískur leiðtogi fræðasviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess. Með forseta fræðasviðs starfar öflugt teymi stjórnanda og sérfræðinga.

FORSETI FRÆÐASVIÐS BER M.A. ÁBYRGÐ Á:

- Útfærslu og framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs
- Fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem undir það heyrir
- Gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu
- Starfsmannamálum
- Öflugri liðsheild og faglegu samstarfi
- Tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins

UMSÆKJENDUR SKULU HAFA:

- Akademískt hæfi sem og þekkingu og reynslu á háskóla- og/eða rannsóknnaumhverfi
- Leiðtogahæfileika
- Metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn
- Ríka samskiptahæfni
- Reynslu af stjórnun og stefnumótun

Ráðið verður í starfið til fimm ára, áætlað er að ráða í starfið frá 1. júlí 2017. Heimilt er að framlengja ráðningartímann um allt að fimm ár til viðbótar án auglýsingar og í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor að fenginni umsögn sérstakrar nefndar um ráðninguna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir skulu berast í rafrænu formi á netfangið starfsumsoknir@hi.is, merkt HI17030045. Umsóknargögn sem ekki eru send í rafrænu formi skulu berast til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Sæmundargötu 6, 101 Reykjavík. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ásta Möller, sviðsstjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands, netfang astam@hi.is, sími 525-4355. Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2017.

Hægt er að sækja um starfið og fá nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: http://www.hi.is/adalvefur/forseti_von

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókn- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn starfa í fóstum störfum við skólann og um 2.200 eru lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 13.000. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

FORSTÖÐUMAÐUR TÆKNISVIÐS DIRECTOR OF TECHNICAL OPERATIONS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÖFLUGAN LEIÐTOGA Í STARF FORSTÖÐUMANNNS TÆKNISVIÐS

Forstöðumaður sviðsins ber ábyrgð á öllum rekstri þess og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Undir tæknisvið fellur öll vinna við viðhald á flugvélum félagsins, skipulagning á skoðunum, viðgerðir og ísetning rafeindatækja, innkaup varahluta og umsjón með tæknilager ásamt skrifstofuhaldi.

Starfið

- Daglegur rekstur tæknisviðs
- Yfirumsjón með starfsmannamálum sviðsins, þjálfun og upplýsingamiðlun
- Yfirumsjón með öllu viðhaldi og eftirliti með flugvélum félagsins
- Samskipti og samningagerð við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Virk þátttaka í stefnumótun
- Áætlanagerð
- Ábyrgð á að lögum og reglugerðum, handbókum og verkferlum sé framfylgt

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi s.s. flugvéla- verkfræði, tæknifræði og/eða menntun í flugvirkjun
- Marktæk reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af og/eða þekking á flugrekstri
- Faglegur metnaður og hæfni til að miðla upplýsingum
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Jákvætt hugarfar og leikni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til 22. mars 2017

Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, óskast fyllt út á vef félagsins www.flugfelag.is/umsokn
Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Þórðardóttir mannauðsstjóri, ingig@flugfelag.is

islenska.is: FLU 83738 03/17



**Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi**
www.hagvangur.is



Umboðsmaður Alþingis

Skrifstofumaður - Lögfræðingur

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða í tvö störf.

Skrifstofumaður:

Leitað er að einstaklingi til að sinna almennum skrifstofustörfum og aðstoð við meðferð mála hjá embættinu.

Lögfræðingur:

Leitað er að einstaklingi í krefjandi starf á sviði lögfræði við úrlausn verkefna hjá embættinu.

Nánari upplýsingar um störfin, þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda og hvert beri að senda umsóknir eru á heimasíðu embættisins: www.umbodsmadur.is og www.starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.

Þörungaverksmiðjan óskar að ráða fólk til verksmiðjustarfa

Unnið er á vöktum við framleiðslu á lífrænt vottuðu mjöli. Gerðar eru strangar kröfur um öryggi og gæði. Réttindi og hæfni til að nota vinnuvélar eru kostur.

Störfin geta hentað hvort sem er konum eða körlum á öllum aldri.

Hafið samband við Bjarna í síma 849 7080 eða sendið okkur línu á info@thorverk.is



Um Þörungaverksmiðjuna

Þörungaverksmiðjan rekur þurrkverksmiðju á Reykhólum, þar sem þang og þari eru þurrkuð í mjöl í háum gæðaflokki. Bæði framsleiðsla og hráefnisöflun fyrirtækisins hafa lífræna vottun. Meginhluti framleiðslunnar er seldur á erlendum mörkuðum, þar sem hún er m.a. nýtt í framleiðslu í lyfja- og snyrtivöruiðnaði auk framleiðslu á fódurbæti, áburði og fleiru.



Eftirlit með mengandi starfsemi

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni í tíma- bundið starf sérfræðings til háls árs, sem hefur áhuga á að vinna við eftirlit með mengandi starfsemi með hag almennings og verndun umhverfis að leiðarljósi.

Í boði er starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu við aðrar sérfræðistofnanir.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is

Áhugaverð störf hjá Samgöngustofu



Starfsmaður í notendapjónustu upplýsingatæknideildar

Samgöngustofa leitar að starfsmanni í notendapjónustu upplýsingatæknideildar. Helsta verkefni er dagleg notendaaðstoð við starfsmenn stofnunarinnar sem felur m.a. í sér aðstoð í síma, uppsetningu tölvu- og hugbúnaðar auk annarra fjölbreyttra verkefna. Tilvalið fyrir einstakling sem vill læra nýja hluti, er stundvís, góður í mannlegum samskiptum og sýnir frumkvæði. Starfshlutfall er 100%. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir **Birgir Gunnarsson**, hópstjóri upplýsingatæknideildar, í síma 480 6000.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð þekking á Microsoft stýrikerfum og hugbúnaði
- Góð þekking á tölvum og tengdum búnaði og hæfni til bilanagreininga
- Microsoft prófgráður eru kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Frumkvæði og góð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Góð íslensku og enskukunnátta

Skjalastjóri

Samgöngustofa leitar að deildarstjóra skjalastjórnunar á rekstrarsviði Samgöngustofu. Í deildinni starfa að jafnaði þrjú starfsmenn í fullu starfi. Leitað er að öflugum aðila með mikla þekkingu og reynslu af skjalamálum til að stýra deildinni og leiða verkefni. Starfshlutfall er 100%. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir **Dagný Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs í síma 480 6000.

Helstu verkefni

- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við skjalastjórn fyrir stofnunina í heild
- Gerð skjalavistunar- og grisjunaráætlunar ásamt eftirfylgni
- Umsjón með rafrænu skjalastjórnunarkerfi Samgöngustofu
- Umsjón með frágangi skjalasafns
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu fyrir starfsfólk um skjalamál og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Póstdreifing, skönnun erinda og skráning í málaskrá
- Útgáfa, samræming og utanumhald eyðublaða

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum er krafa
- Þekking á OneSystem skjalakerfinu er kostur
- Góð almenn tölvufærni er skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund, sjálfstæði og jákvæðni

Í boði eru fjölbreytt og spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Hjá Samgöngustofu hlakka um 140 öflugir starfsmenn til þess að þú bætist í hópinn. Lagt er upp með jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mótuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála sem annast eftirlit með flugi, siglingum og umferð. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri.

Frekari upplýsingar um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar www.samgongustofa.is

Umsóknarfrestur er til 27. mars 2016

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöður.

Samgöngustofa

FORSTÖÐUMAÐUR ÓSKAST Á HEIMILI FATLAÐS FÓLKS Í GARÐABÆ

Garðabær óskar eftir að ráða í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks í Garðabæ. Um er að ræða 100% starfshlutfall og verður ráðið í starfið sem fyrst eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Helstu verkefni:

- Veitir heimilinu forstöðu
- Áætlanagerð og ábyrgð á rekstri
- Ábyrgð á skipulagi innra starfs
- Ábyrgð á starfsmannamálum og samskiptum við aðstandendur og aðra samstarfsaðila
- Leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði þroskajálfunar eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Reynsla af starfi á heimili fatlaðs fólks
- Góð færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017.

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Sólveig Steinsson í síma 5258500 eða með því að senda tölvupóst á solveigst@gardabaer.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, er hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Húsvörður í Kópavogsskóla
- Skólaliði í Hörðuvallaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla

Velferðasvið

- Stuðningsaðili í liðveislu
- Forstöðumaður í Örva starfsþjálfun

Eingöngu er hægt að sækja um störf rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Verkefnastjóri við uppbyggingu Háskólagarða

Verkefnastjóri mun hafa umsjón með framkvæmdum við byggingu nýrra Háskólagarða við Háskólann í Reykjavík. Um er að ræða 390 íbúðir sem verða byggðar á lóð háskólans auk þjónustukjarna. Undirbúningur við útboð á fyrsta áfanga stendur yfir og áætlað er að hefja framkvæmdir um mitt sumar.

STARFSSVIÐ

- Gerð verk-, kostnaðar- og framkvæmdaáætlana og eftirfylgni með þeim, í samráði við verktaka og stjórnendur HR.
- Samskipti og samstarf við verktaka og hönnuði, þar með talið varðandi val á efnum, tækjum og innréttingum, eftirlit með framvindu, utanumhald teikninga og fleira.
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð fyrir stjórnendur HR og aðra hagsmunaaðila.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða byggingafræði.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun framkvæmda.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Reynsla af því að stýra framkvæmdum eða sambærilegu verkefni/starfi.
- Þekking á verktakastarfsemi er kostur.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í samskiptum.
- Góð enskukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ingunn Svala Leifsdóttir (ingunnsvala@ru.is), framkvæmdastjóri rekstrar, og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs (sigridureg@ru.is).

Umsókn ásamt starfsferilskrá og afriti af viðeigandi prófskránum skal skilað á vef háskólans radningar.hr.is/storf fyrir **22. mars 2017**. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akadémískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík móttast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3600 í fjórum deildum og starfa um 240 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.



Skaftárhreppur

Laus störf í Skaftárhreppi

Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfssvið Hjúkrunarforstjóra

- Veitir heimilinu forstöðu og ber ábyrgð á daglegum rekstri þess
- Skipuleggur starfið og hefur faglega forystu á sviði hjúkrunar og umönnunar á heimilinu

Menntunar og hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að hafa réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af rekstri og stjórnun á sviði öldrunarmála
- Viðkomandi þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum og geta unnið sjálfstætt og skipulega

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með 16 hjúkrunarrými, 2 dvalarrými og 1 dagdvalarrými. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2017.

Umsóknir sendist til sveitarstjóra Skaftárhrepps, Skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Umsóknir má einnig senda á netfangið sveitarstjori@klaustur.is.

Nánari upplýsingar veitir:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri, sími: 487 4840, netfang: sveitarstjori@klaustur.is eða

Á Kirkjubæjarklaustri er gott mannlíf, þar búa um 130 manns en íbúar Skaftárhrepps eru um 480 talsins. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verslun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal.
Veðurfar og náttúrufergurð Skaftárhrepps er rómað.

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum framtíðarstarfsmanni í afgreiðslu og þjónustustörf.

Þarf að geta byrjað sem fyrst. Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið larus@skorri.is fyrir 20. mars 2017.

» Ráðningaþjónusta

Vaktstjóri

Ísbúð á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa. Vinnutími er frá kl. 10:00/11:00 til kl. 16:00 - 18:00 eftir nánara samkomulagi. Möguleiki er á vinnu um kvöld og helgar ef óskað er.

» Starfssvið


- Almenn afgreiðsla
- Umsjón með vaktarskipulagi
- Umsjón með starfsfólki í fjarveru verslunarstjóra
- Önnur störf

» Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Góðir skipulagshæfileikar
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAÞJÓNUSTA



LANDSPÍTALI ... KOMDU MEÐ!

LANDSPÍTALI AUGLÝSIR LAUSAR TIL UMSÓKNAR EFTIRFARANDI STÖÐUR;

MANNAUÐSMÁL - KJARAÞRÓUN

Landspítali vill ráða til starfa verkefnastjóra í kjarapróunarteymi. Teymið er til ráðgjafar um kjarapróun, vinnur að gerð og innleiðingu stofnanaáætlana og situr í samstarfsnefndum með fulltrúum stéttarfélaganna fyrir hönd Landspítala.

Reynsla af mannaúðsmálum, starfi innan stéttarfélags eða öðru sambærilegu starfi er æskileg.

NÁMSSTÖÐUR DEILDARLÆKNA

Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í öldrunarlækningum við Landspítala. Um fullt starf og nám er að ræða og eru stöðurnar veittar til eins árs en möguleiki er á skemmri eða lengri ráðningu.

Starfsnámið er fjölbreytt og tekur til allra þátta öldrunarlækninga til sérnáms eða viðhaldsmenntunar í heimilis- og lyflækningum auk fleiri greina. Möguleiki er á starfsþjálfun í öldrunarlækningum sem viðbótarsérgrein við heimilis-lækningar skv. nýrri reglugerð.

AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI

Laust er til umsóknar starf aðstoðardeildarstjóra á öldrunarlækningadeild L4 Landakoti. Deildin er sérhæfð meðferðar- og endurhæfingardeild sem er opin alla daga ársins.

Við viljum ráða framsækinn og metnaðarfullan hjúkrunarfræðing með brennandi áhuga á hjúkrun aldtraða, stjórnun ásamt gæða- og umbótastarfi.

KERFISFRÆÐINGUR

Þjónustumiðstöð HUT sinnir m.a. þjónustu við tölvunotendur á einum fjölmennasta og fjölbreyttasta vinnustað landsins. Þjónustan er veitt í gegnum síma en stór hluti starfsins er unninn með notendum á vettvangi.

Við viljum ráða jákvæðan og lausnamiðaðan kerfisfræðing með áherslu á notendabjónustu á heilbrigðis- og upplýsinga-tæknideild Landspítala. Þekking á heilbrigðisstarfsemi eða sjúkraskrákerfum er kostur.

VERKEFNASTJÓRI

Sérhæfð endurhæfingardeild auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra/ aðstoðarmanns deildarstjóra á sérhæfðri endurhæfingardeild. Deildin er 10-11 rúma sólarhrings legudeild sem sinnir meðferð sjúklinga með geðrænan vanda og fjölskyldum þeirra.

Leitað er eftir öflugum liðsmanni í fjölbreytt, krefjandi og skapandi starf á frábærum vinnustað.

FLEIRI STÖRF ERU Í BOÐI

Hjúkrunarfræðingur á móttöku svæfingardeildar við Hringbraut.

Kíktu á starfasíðu Landspítala www.landspitali.is/mannaudur og á Facebook www.facebook.com/storfalandspitala



Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teyjum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismening, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannaúðs og stöðugar umbætur.

Yfirproskapjálfi óskast

Íbúðarkjarninn Sæbraut 2 Seljarnarnesi óskar að ráða yfirproskapjálfa til starfa sem fyrst.

Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf yfirproskapjálfa á heimili fatlaðs fólks. Um er að ræða 90-100% starf og er starfið laust nú þegar.

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða aðstoð með velferð og lífsgæði íbúa að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Verkstjórn, gerð þjónustuáætlana, eftirfylgd þeirra og samræming faglegs starfs
- Persónulegur stuðningur og ráðgjöf við íbúa
- Er staðgengill forstöðumanns
- Tekur þátt í samstarfi við tengdar stofnanir og aðstandendur í samráði við forstöðumann

Menntun, reynsla og hæfni:

- Proskapjálfa menntun og starfsleyfi sem þroskapjálfi
- Reynsla af starfi með einhverfu fólki er æskileg
- Reynsla af skipulagi faglegs starfs
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfestur er til og með 26. mars 2017

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásrún Jónsdóttir, forstöðuproskapjálfi, í síma 869 0775 eða með því að senda tölvupóst á asrun.jonsdottir@seltjarnarnes.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Seltjarnarnes á www.seltjarnarnes.is – Störf í boði. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.

seltjarnarnes.is



Jafnaðingurinn
PóC
2008



SELTJARNARNESBÆR

Hárgreiðslustofa í Hafnarfirði til sölu

Flott stofa með 4 vinnustöðvar.
Gott aðgengi. Traustur leigusamningur.

Áhugasamir sendi á markmid2016@gmail.com

Kaupandi/ur geta hafið störf strax
Góður tími framundan

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík - deildarstjóri keramikdeildar

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir 50% starf deildarstjóra keramikdeildar laust til umsóknar.

Skólinn er sjálfseignarstofnun, rekinn af félagi starfandi myndlistarmanna og hönnuða. Markmið skólans er að efla grunnmenntun í sjónlistum og miðla sem best þekkingu í verklegum og fræðilegum þáttum. Skólinn býður upp á fjölbreytt námskeið í keramíki fyrir börn og fullorðna nemendur en stærsta verkefnið innan keramikdeildar er keramikbrautin, tveggja ára fagháskólanám í keramíki sem byggir á hugmynda- og hönnunarvinnu, verktækni og listrænni útfærslu. Deildarstjóri stjórnar öllu faglegu starfi innan deildarinnar; skipuleggur skólaárið, ræður kennara og hefur umsjón með nemendahópnum.

Við leitum að metnaðarfullum myndlistarmanni eða hönnuði með háskólamenntun í leirlist, víðtæka efnis- og fagþekkingu, góða innsýn í það sem efst er á baugi í faginu, öflugt tengslanet, ríka skipulagsgáfu og brennandi áhuga á skólastarfi. Ennfremur er æskilegt að viðkomandi hafi kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsókn þarf að fylgja ítarlegt yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem framtíðarsýn umsækjanda og forsendur umsóknar koma fram. Umsóknir skulu vera skriflegar og þurfa að berast skrifstofu skólans, Hringbraut 121, 101 Reykjavík, fyrir kl. 17:00 föstudaginn 31. mars 2017. Nýr deildarstjóri tekur formlega við deildinni í byrjun ágúst en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Frekari upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík, skolastjori@mir.is



Bílabúð Benna óskar eftir starfsmanni í ástandsskoðanir og forgreiningar á bílum.

Ástandsskoðanir og forgreiningar á bílum

Helstu verkefni:

- Ástandsskoðanir
- Bilanagreiningar
- Viðgerðaráætlanir
- Greining á varahlutabörð

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og nákvæmni í vinnubrögðum

Um er að ræða starf í nýrri forgreiningarstöð Bílabúðar Benna. Bílabúð Benna er umboðs- og þjónustuaðili á Íslandi fyrir Opel, Chevrolet, SsangYong og Porsche.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elías Jóhannesson, verkstjóri þjónustuverkstæðis í síma 590 2000 eða í netfanginu elias@benni.is.

Umsókn ásamt ferilskrá, merkt ástandsskoðun, sendist í síðasta lagi mánudaginn 27. mars, á netfangið: elias@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.



HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM TIL FRAMTÍÐARSTARFA

Fagmannaverslun Kjalarvogi

Viljum ráða reynslumikinn aðila til vinnu á plötusög í timbursölu

Helstu verkefni eru sögun á timbri, borðplötuvinnsla, kantlímingar o.fl.

Hæfniskröfur

- Trésmíðamenntun eða reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Reynsla af trésmíðaverkstæði mikill kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

Viljum ráða þjónustulundaðan aðila í starf gjaldkera

Helstu verkefni eru útskrift reikninga og almenn afgangsgreiðsla viðskiptavina timbursölu

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

Áhaldaleiga Skútuvogi

Viljum ráða röska starfsmann til starfa í áhaldaleigu

Helstu verkefni eru útleiga og umhirða tækja og verkfæra auk þjónustu við viðskiptavini

Hæfniskröfur

- Þekking á verkfærum og tækjum æskileg
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni og þjónustulund

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking

Umsóknir berist fyrir 20. mars n.k. og sendast til atvinna@husa.is

vinsamlega takið fram hvaða starf sótt er um

ATVINNA

AP-Prif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára. Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á gerda@ath-thrif.is merkt „ATVINNA“



Skeiðarási 12
210 Garðabæ

NEED A JOB?

AP-Prif is looking for people to hire. Must speak english or icelandic. Preferably between 20–40 years of age. Driving license and clean criminal record is required.

Please send application via email at gerda@ath-thrif.is titled "Job".



Skeiðarási 12
210 Garðabæ



Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir eftir stjórnanda í stöðu forstöðumanns upplýsingatæknimála hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með og þátttaka í úrvinnslu upplýsingatækniverkefna
- Umsjón með og þátttaka í uppbyggingu og viðhaldi upplýsingatæknikerfa
- Innleiðing og viðhald á kerfishlutum Office365
- Viðhald og framþróun á innri og ytri vefsíðum HSN
- Umsjón með endurnýjun og viðhaldi á tækjabúnaði HSN
- Önnur tilfallandi og sérhæfð verkefni

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Krafa um 3 til 5 ára starfsreynslu af sambærilegu starfi ásamt góðum meðmælum, reynsla af stjórnun æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

Starfshlutfall er 100% og er veitt skv. nánara samkomulagi - **Umsóknarfrestur** er til og með 27.03.2017. Staðsetning starfs er á starfssvæði HSN á Norðurlandi.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is eða á síðunni <http://www.starfatorg.is/>

Nánari upplýsingar veitir:

Guðmundur Magnússon – guðmundur.magnusson@hsn.is og Þórhallur Harðarson - thorhallur.harðarson@hsn.is

Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 1. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi annarra en Sjúkrahússins á Akureyri og nokkurra hjúkrunar- og dvalarheimila. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri. Á upptökusvæðinu búa um 35.000 manns og starfsmannafjöldi er rúmlega 520 talsins. Heildarvelta HSN er um 5,4 milljarðar króna.



PAVING THE ROAD TO CLOUD

DO YOU WANT TO PLAY A PIVOTAL PART IN OUR ASCENT? ARE YOU AN EXPERIENCED STRATEGIC THINKER WITH KILLER ORGANIZATION SKILLS AND A CAN-DO ATTITUDE?

WE'RE SEARCHING FOR A **VICE PRESIDENT OF MARKETING** WHO WILL TAKE OUR PRESENCE TO THE NEXT LEVEL

We are a growing international company working with powerful and cutting-edge technology. We offer the unique opportunity to work in an exciting and dynamic work environment with the biggest technology companies in the world and some of the best people in the industry! We promote a positive and nurturing work environment where your ideas are valued and your career growth is encouraged.

The VP of Marketing is responsible for leading all internal and external marketing initiatives, developing and implementing our marketing strategy, assuring our marketing goals are in line with company goals, and serving as an essential member of our management team.

Other responsibilities include:

- Protect the company's brand, maintain its appearance, and elevate its presence.
- Develop core messaging, compelling content and high-impact marketing collateral.
- Generate leads and effectively use marketing automation tools to enhance that effort.
- Develop and maintain strong relationships with strategic partners to maximize joint marketing and PR opportunities.

Qualifications include:

- University degree in a related field with minimum 3 years of marketing-related experience.
- Strong project management skills with an affinity for consistently producing high-quality work and yield.
- Excellent organizational and time-management skills, and a strong ability to prioritize competing deadlines.
- Exceptional English language skills (verbal and written).

More detailed information on the responsibilities and qualifications can be found at www.qstack.com/careers.

Greencloud ehf.

Kringlan 5, 105 Reykjavík

Tel. +354-4150200

www.qstack.com



HVERAGERÐISBÆR Blómstrandi bær

Umhverfisfulltrúi í blómstrandi bæ

Starfsvið:

- * Umsjón með nýframkvæmdum og viðhaldi á sviði grænna svæða og stjórnun umhverfismála
- * Eftirlit með aðkeyptum verklegum framkvæmdum á umhverfissviði
- * Umsjón með endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og starfsemi gámasvæðis
- * Gerð fjárhags-, verk- og framkvæmdaáætlana
- * Undirbúningur og umsjón með útboðum og mat á tilboðum
- * Yfirumsjón með rekstri og þróun starfsemi áhaldahúss
- * Umsjón með Vinnuskóla Hveragerðisbæjar

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með menntun sem hentar í starfið og/eða víðtæka reynslu og þekkingu á umhverfismálum. Áhersla er lögð á ríka þjónustulund og vilja til verka, skipulögð vinnubrögð og útsjónarsemi, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk samskiptahæfni og getu til að vinna í samhentum hópi. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af stjórnun og stjórnsýslu, auk leiðtogaþæfni og styrks í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þurfa jafnframt að vera vel tölvulæsir.

Í boði er áhugavert starf í barnvænu umhverfi, en Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.500 íbúa. Um er að ræða framúrskarandi góðar samgönguleiðir (aðeins 30 mín. akstur til Reykjavíkur), öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, leikskólar, grunn- og framhaldsskólar, sem og tónlistarskóli eru innan seilingar. Íþrótt- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útvísvist í fallegu umhverfi. Launakjör vegna ofangreinds starfs verður skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir nánari upplýsingar um starfið í s: 588-3031 alla virka daga frá kl. 13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is, sjá nánar www.stra.is.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Sjá nánar heimasíðu www.hveragerdi.is





Verzlunarstjóri óskast

InnX skrifstofuhúsgögn ehf leitar að öflugum verzlunarstjóra

Starfssvið:

- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Byggja upp og viðhalda viðskiptasamböndum
- Samskipti við erlenda birgja
- Taka þátt í stefnumótun sölustarfs
- Umsjón með heimasíðu

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu störfum
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Áhugi á hönnun og húsgögnum
- Góð tölvukunnátta, þekking á pCon.planner er kostur

Gott tækifæri fyrir réttan aðila.

Vinnutími 9-17 virka daga.

Umsókn með ferilskrá og umsóknarbréfi sendist á innx@innx.is fyrir 20 mars.

InnX er framsækið fyrirtæki á skrifstofuhúsgagnamarkaði



ATVINNA

AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI ÓSKAST Í VERSLUN OKKAR SKEIFUNNI

Leitum að jákvæðum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.

Spennandi og krefjandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi. Góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan aðila.

Ath. umsækjandi þarf að vera yfir tvítugt.

Starfslýsing:

- Sjá um pantanir
- Verðbreytingar og fara yfir bæklinga
- Fylla á og sjá um að deildir séu í lagi

Vinsamlegast sendið ferilskrá á bjorn.vilhjalmsson@rfl.is eða fyllið út umsókn á staðnum. Umsóknarfrestur er til 26. mars.



HVALFJARÐAR SVEIT



Skólastjórar Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Við leitum að framfarasinnum, skapandi og farsælum leiðtogum til að stýra öflugum skóla.

Til umsóknar eru eftirfarandi stjórnunarstöður í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar:

- Staða skólastjóra grunnskólasviðs – Heiðarskóli
- Staða skólastjóra leikskólasviðs – Skýjaborg

Skólastjórar grunnskóla- og leikskólasviðs, ásamt aðstoðar-skólastjórum á hvoru sviði, mynda skólastjórn í sameinuðum leik- og grunnskóla. Skólastjórar bera ábyrgð hvor á sínu sviði ásamt því að viðhalda og þróa áfram öflugt samstarf á milli skólasviða í sameiginlegri skólastjórn.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2017.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Fagleg forysta í skólastarfi.
- Virk þátttaka í þróun, eflingu og skipulagi skólastarfs.
- Samstarf við sveitarstjórn og aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara/grunnskólakennara og starfsreynsla er skilyrði umsóknar á því skólastigi sem sótt er um.
- Leiðtogaþæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum í skólastarfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er æskileg.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræða er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi, sveiganleika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SNS og KÍ.

Umsóknarfrestur er til 27. mars 2017.

Umsóknir skal senda til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranes, eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Nánari upplýsingar um starfið veita: **Skúli Þórðarson** sveitarstjóri skuli@hvalfjardarsveit.is, **Daníel Ottesen** formaður fræðslu- og skólafundar daniel.ottesen@hvalfjardarsveit.is og **Gunnar Gíslason** ráðgjafi gg@akmennt.is

Umsóknnum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem m.a. komi fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er 130 barna skóli sem starfræktur er á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Leikskólinn Skýjaborg er í Melahverfi með 40 börn og grunnskólinn Heiðarskóli er við Leirá með um 90 nemendur. Við skólann starfa um 40 starfsmenn. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta starfshætti og teymisvinnu. Í leikskólastarfi er byggt á hugmyndum um nám í gegnum leik og kenningum Deweys um reynslunám. Unnið er eftir uppbyggingarstefnu í grunnskóla, áhersla er á byrjendalæsi og bæði skólasvið taka þátt í grænánaverkefni. Sérstakt verkefni hefur verið í gangi með notkun spjaldtölva í skólastarfi í leik- og grunnskóla. Með því vill skólinn vera leiðandi í að nýta nýjustu upplýsingatækni í námi og kennslu. Skólinn vel búinn tækjum og aðstaða hin besta.

Vörupróun og framleiðsla

ICEWEAR óskar eftir að ráða starfsmann í vörupróun og framleiðslustjórn á fatnaði og smávöru framleiddum erlendis.

Starfssvið

- Umsjón með vörupróun og framleiðslu, frá hugmynd hönnuða til framkvæmdar
- Túlka hugmyndir fyrir birgja með gerð tækniskjala (teikning, graddering og efnislistar)
- Skipulagning á framleiðsludagatali í samstarfi við hönnunar- og söludeild
- Samskipti og fundir með birgjum innanlands og erlendis
- Eftirfylgni með pöntunum og gæðaeftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Klæðskeramenntun og/eða tæknimenntun á sviði fataþróunar æskileg
- Reynsla af störfum í fataiðnaði og vörupróun skilyrði
- Góður skilningur á sniðagerð, fatasamum og fataefnum skilyrði
- Góð almenn tölvuþekking, sérsaklega Illustrator og Excel
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki, nákvæmni og hæfni til að vinna undir álagi
- Gott vald á ensku og íslensku

Umsókn ásamt ferilskrá merkt „Vörupróun“ sendist á netfangið umsokn@icewear.is fyrir 21. mars 2017.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður öllum svarað með tölvupósti. Umsóknnum er ekki svarað í síma.

Icewear var stofnað 1972. Fyrirtækið rekur sauma- og þrúnastofu í Vík í Mýrdal og saumastofu í Reykjanesbæ. Þá rekur Icewear heildsölu og 10 verlanir á Íslandi sem selja framleiðsluvörur fyrirtækisins. Icewear fatnaður er einnig seldur í verzlunum í Evrópu og Norður Ameríkur. Hjá Icewear starfa 175 manns.



Við óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu.

Vinnutími er frá kl 12 til 18:30.
Framtíðarstarf.

Umsóknir sendist á bjornsbakari@bjornsbakari.is

Merkt ATVINNA.



CONSULAR ASSISTANT

(SUMMER TIME/TEMPORARY PART-TIME)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Consular Assistant í tímabundið hlutastarf. Umsóknarfrestur er til **17 mars, 2017**.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a temporary part time position of Consular Assistant. The closing date for this position is **March 17, 2017**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov



Eftirlitsmaður fasteigna

Eignaumsjón leitar að ábyrgðarfullum aðila til að sinna húsumsjón í fjöleignarhúsum fyrir samstarfsaðila Eignaumsjónar

Starfsvið:

Starfið felst í umhirðu og eftirliti með fjöleignarhúsum, bílageymslum, bílastæðum og lóðum þeirra auk eftirlits með búnaði og kerfum viðkomandi fasteigna. Eftirlitsmaður fasteigna mun jafnframt sinna minniháttar viðhaldi og viðgerðum á húseignum eftir þörfum.

Hæfniskröfur:

Eru að umsækjendur hafi reynslu af húsumsjón, s.s. alhliða viðhaldi og smíðum. Kostur er ef iðn- eða tæknimenntun er fyrir hendi. Áhersla er lögð á góða tölvukunnáttu, samskiptahæfni, reglusemi, dugnað, frumkvæði og fagmennsku í hvívetna. Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila. Eignaumsjón leggur til bifreið í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir nánari upplýsingar um starfið í s: 588-3031 alla virka daga frá kl. 13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is, sjá www.stra.is.

Eignaumsjón er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög húseigna og býður heildarlausnir í rekstri fjöleignarhúsa bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Félagið hefur umsjón með daglegum rekstri fjölmargra hús- og rekstrarfélaga, og kemur faglega að lausn ótal mála sem koma upp í fjölbýlum og fjöleignarhúsum. Markmið félagsins er að gera rekstur húsfélaga markvissari og ódýrari, auðvelda störf stjórna og spara tíma þeirra sem að húsfélaginu standa.

Sjá nánar heimasíðu www.eignaumsjon.is



VERSLUNARSTJÓRI

ÖFLUGUR LIÐSMAÐUR ÓSKAST TIL AÐ TAKA AÐ SÉR VERSLUNARSTJÓRN Í ANNARRI AF VERSLUNUM ÚTILÍFS

Starfið felst í stjórnun á líflegum vinnustað þar sem allt byggist á ánægjulegri upplifun allra viðskiptavina. Verslunarstjóri þarf því að vera skipulagður, samvirkur, heiðarlegur, jákvæður, lipur í mannlegum samskiptum og þjónustulundaður.

HÆFNISKRÖFUR:

Tölvukunnátt og menntun sem nýtist í starfinu.
Reynsla af sölustörfum og stjórnun.
Áhugi á íþróttum og útivist.

UMSÓKNIR OG FRESTUR:

Áhugasamir sendi starfsúmsókn ásamt ítarlegri ferilskrá til Harðar Magnússonar, hordurm@utilif.is, fyrir 17. mars.

ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA OG ÚTIVISTAR.

Fyrirtækið rekur í dag tvær stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Kringlunni og Smáralind.

Útillif er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á líðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útillif fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengi í starfi hjá Útillif er framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

ÍSMAR LEITAR AÐ NÝJUM LIÐSMANNI!

VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGI Á BYGGINGASVIÐI

Starfssvið: Áhersla á sölu og þjónustu við viðskiptavinum okkar varðandi BIM lausnir og útsetningatæki frá Trimble. Önnur verkefni er varða fjölbreyttar lausnir sem fyrirtækið býður.

Viðkomandi þarf að búa yfir góðri samskiptahæfni, frumkvæðni og þjónustulund auk tæknilegrar getu.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á jon@ismar.is fyrir 25. mars n.k.

Ísmar var stofnað 1982 og sérhæfir sig einkum í tæknilegum lausnum fyrir framkvæmdageirann, allt frá hönnun til framkvæmda. Hjá fyrirtækinu starfar einvalalið með langa starfsreynslu og mikla þekkingu. Meðal þekktara umboða Ísmar má nefna Trimble, FLIR, Motorola, Honeywell og FlaktWoods.



ISMARICELAND - WWW.ISMAR.IS

SÍÐUMÚLA 28
108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100



Radisson Blu 1919 hótél óskar eftir að ráða bókara í 50% framtíðarstarf



Helstu verkefni:

- Umsjón með bókhaldi félagsins.
- Móttaka og skráning reikninga, færsla í bókhaldi og afstemmingar.
- Innra eftirlit.
- Önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Menntun / starfsreynsla sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskipta eða rekstrar.
- Frumkvæði, sjálfstraust og öguð vinnubrögð.
- Góð bókhalds og Excel-kunnátta er skilyrði.
- Góð þekking á Navision er skilyrði.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. - Umsóknir skal senda á netfangið Solveig.gudmundsdottir@radissonblu.com.

Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið sambandið við Sólveigu J. Guðmundsdóttur í síma 599-1011 eða skiljið eftir skilaboð hjá gestamóttöku í síma 599-1000.



Umboðsmaður Alþingis

Skrifstofumaður - Lögfræðingur

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða í tvö störf.

Skrifstofumaður:

Leitað er að einstaklingi til að sinna almennum skrifstofustörfum og aðstoð við meðferð mála hjá embættinu.

Lögfræðingur:

Leitað er að einstaklingi í krefjandi starf á sviði lögfræði við úrlausn verkefna hjá embættinu.

Nánari upplýsingar um störfin, þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda og hvert beri að senda umsóknir eru á heimasíðu embættisins: www.umboðsmaður.is og www.starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.



Eftirlit með mengandi starfsemi

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni í tíma-bundið starf sérfræðings til hálfis árs, sem hefur áhuga á að vinna við eftirlit með mengandi starfsemi með hag almennings og verndun umhverfis að leiðarljósi.

Í boði er starf í frjógu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu við aðrar sérfræðistofnanir.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

Stakfell fasteignasala óskar eftir sölumönnum

Stakfell er rótgróin fasteignasala með öflugum liðsheild. Okkur vantar duglega og drifandi sölumenn. Glæsileg og vönduð vinnuástaða í boði á besta stað í Reykjavík. Viðkomandi mun starfa með öflugum hópi starfsmanna sem eru vel menntaðir og hafa mikla reynslu af sölustörfum.

Um er að ræða starf með árangurstengdum launum þar sem tekjur geta verið mjög góðar í samræmi við vinnuframlag og frammistöðu sölumanns. Viðkomandi þarf að vera löggiltur fasteignasali eða hyggjast hefja nám til öflunar slíkra réttinda á næstunni.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl n.k.

Ferilskrá ásamt kynningarbréfi berist á netfangið stefan@stakfell.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn hdl. lögg.fasteignasali í síma 535-1000 eða 895-2049.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

Ford



SÖLUMAÐUR FORD BIFREIÐA

Brimborg leitar að öflugum og metnaðarfullum sölumanni í Ford-teymið. Um er að ræða fjölbreytt, skemmtilegt og spennandi starf við sölu á frábærum bílum í góðum hópi, enda er Ford frábær.

Við leitum að manneskju sem hefur gaman að því að umgangast fólk, reynslu af sölumennsku og með framhaldsskóla- eða iðnmenntun. Umsækjendur þurfa að hafa gilt bílpróf, góða þekkingu á bílum, góða tölvuþekkingu og hafa gott vald á íslensku og ensku.

Sæktu um og fáðu nánari upplýsingar á brimborg.is fyrir 20. mars næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hóperðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsgöðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

Pörungaverksmiðjan óskar að ráða fólk til verksmiðjustarfa

Unnið er á vöktum við framleiðslu á lífrænt vottuðu mjóli. Gerðar eru strangar kröfur um öryggi og gæði. Réttindi og hæfni til að nota vinnuvélar eru kostur.

Störfín geta hentað hvort sem er konum eða körlum á öllum aldri.

Hafið samband við Bjarna í síma 849 7080 eða sendið okkur línu á info@thorverk.is



Um Þörungaverksmiðjuna

Þörungaverksmiðjan rekur þurrkerksmiðju á Reykhólum, þar sem þang og þari eru þurrkuð í mjöl í háum gæðaflokki. Bæði framsleiðsla og hráefnisöflun fyrirtækisins hafa lífræna vottun. Meginhluti framleiðslunnar er seldur á erlendum mörkuðum, þar sem hún er m.a. nýtt í framleiðslu í lyfja- og snyrtivöruiðnaði auk framleiðslu á fódurbæti, áburði og fleiru.



GRUNNSKÓLI
GRINDAVÍKUR

VIRÐING - VELLÍÐAN - VIRKNI

Grunnskóli Grindavíkur auglýsir eftir kennurum í eftirtaldir kennarastöður á næsta skólaári:

- Stöður umsjónarkennara á yngsta, mið- og elsta stigi.
- Kennsla í íslensku, stærðfræði, dönsku og náttúrufræði á elsta stigi.
- Íþróttakennari
- Sérkennari
- Textílkennari
- Tónmenntakennari

Umsóknarfrestur er til 31. mars en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með tæplega 500 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að vera virðingur fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í framtíðarsýn skólans kemur fram að skólinn er lærdóms-samfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu.

Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar.

Sjá nánar á heimasíðu skólans:

<http://www.grindavik.is/grunnskolin>.

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is.

Nánari upplýsingar veita Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri og Guðbjörg M. Sveinsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 420-1200.



RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR FORD

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Ford að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólalapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga og einstaka laugardaga frá 11.30-16.15.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sæktu um á brimborg.is fyrir 20. mars.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hóperðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsgöðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Grænatún

Grænatún er þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja um 65 börn. Leikskólinn er í nálægð við Fossvogsdal sem býður upp á skemmtilega útivist allt árið. Helstu áherslur eru virkt nám barnsins þannig að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálf. Leikurinn er þungamiðjan en einnig er rík áhersla lögð á hinar daglegu þarfir. Þá er unnið markvisst með vináttu, hreyfingu, læsi og stærðfræði. Heimasíða: <http://grænatun.kopavogur.is/>. Einkunnarorð skólans eru: Leikur og gleði

Ráðningartími og starfshlutfall

- Um er að ræða fullt starf.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 2. maí 2017 eða eftir samkomulagi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða leikskólafræðum æskileg
- Reynsla af starfi í leikskóla skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri mikilvæg
- Forystuhæfileikar og góð samskiptahæfni skilyrði
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá leikskólum Kópavogs þurfa að skila sakavottorði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Ólafsdóttir leikskólastjóri sigridurola@kopavogur.is og sími: 8917888.

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2017.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

VERKEFNASTJÓRI RÁÐSTEFNUR OG STÆRRI VIÐBURÐIR

MEET in REYKJAVÍK (Ráðstefnuborgin Reykjavík) óskar eftir að ráða öflugan einstakling sem verkefnastjóra til að vinna að tilboðsgerð fyrir stærri ráðstefnur og vinna með Ambassadorum Meet in Reykjavík. Markmið MEET in REYKJAVÍK er að auka vægi Reykjavíkur/Íslands sem áfangastað fyrir alþjóðlegar ráðstefnur, fundi, hvataferðir og viðburði fyrir hönd breiðs hóps aðildarfyrirtækja og er starfið mikilvægur þáttur í starfsemi.

Í STARFINU FELST:

- Tilboðsgerð og eftirfylgni í tengslum við stærri ráðstefnur, fundi og viðburði
- Að finna ráðstefnur, fundi og viðburði í gegnum alþjóðlega gagnagrunna t.d. hjá ICCA International Congress and Convention Association
- Að finna og hvetja aðila héraðs til samvinnu við að bjóða í ráðstefnur, fundi og viðburði
- Að útbúa fagleg tilboð í stærri ráðstefnur, fundi og viðburði ásamt eftirfylgni
- Móttaka fulltrúa alþjóðlegra samtaka í tengslum við undirbúning stærri verkefna

HÆFNISKRÖFUR ERU:

- Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi er kostur
- Mikil skipulagsfærni og að geta unnið undir álagi og sinnt mörgum viðfangsefnum samtímis
- Mikil færni í íslensku og framúrskarandi enskukunnátta í tali og riti
- Góða tölvukunnátta er nauðsynleg og reynsla af uppsetningu gagna á tölvutæku formi (þekking á t.a.m. Indesign, Microsoft Publisher, Photoshop og/eða Illustrator er kostur)
- Reynsla af ráðstefnu- og fundarþjónustu er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg

Athygli er vakin á að starfið krefst frumkvæðis, metnaðar, útsjónarsemi, og á stundum vinnuframlags utan hefðbundins vinnutíma.

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að senda umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf til MEET in REYKJAVÍK á netfangið: info@meetinreykjavik.is

Nánari upplýsingar um starfið veita

Hildur Björg Bæringsdóttir sími: 5276667, hildur@meetinreykjavik.is og

Þorsteinn Örn Guðmundsson sími: 696 9621, thorsteinn@meetinreykjavik.is

Sóltún 26
105 Reykjavík
Sími: 527 6666

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau

Ert þú að leita að spennandi tækifæri innan upplýsingatækninnar?

Við viljum bæta við þekkingu og erum að leita að SharePoint sérfræðingi sem viðbót í okkar góða hóp starfsfólks.

SharePoint sérfræðingur: Ráðgjöf, Arkitektúr, Innleiðingar

Starfssvið

- ▶ Þarfagreining, aðlögun og ráðgjöf í SharePoint
- ▶ Ráðgjöf við útfærslur og verkáætlanir
Spái í spil og bolla, tek heim eða símaspá frá kl.14. Mjög góð reynsla. Kristín s. 897 9002

Rafvirkjun
RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Bjöldum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Hljóðfæri



Harmonikur og harmónikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 35 þús. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC F. FOREIGNERS - ENSKA - ENGLISH
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENSKA f. Fullorðna I,II,III, ENGLISH f. Adults: Byrja/Start: 3/4, 1/5, 29/5, 26/6, 21/8, 11/9: Morgna/Síðd/ Kvöld - Morn/Aftern/Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5 nem/students - www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan- IceSchool. Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Til sölu

Einstakt tækifæri • Til sölu



Porsche 911 Turbo
• AWD • Tiptronic
• Full Carbon • Aerokit
• Tölvuuppfærsla
• Sérsmíðað þúst
• 530 hestöfl • ofl.ofl.

Verulega áhugasamir geta haft samband í síma **822 4060**



Heimilið

Dýrahald

Nordic Gold & UniQ
fóður á 20% afslætti

út mars mánuð á
www.UniQ.is



Til leigu

Útleiguhús fyrir ferðaþjónustu



25-30 fm sumarhúsið
tilbúinn til niðurstæðingar á
undirstöðum.
Fullkláraðir að innan.

Nánari upplýsingar í síma
899 0913 eða reisum@simnet.is
www.reisum.is

Til sölu



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Vaxandi Ferðaþjónusta Frábært tækifæri.

Til sölu er vefsíða sem tengd er ferðaþjónustu sem hægt er að panta ferðir með ferðaþjónustuaðilum. Flug hvert sem er í heiminum, bílaleigur og gistingu. Reksturinn er tilbúinn og allt til alls. Tilvalið sem viðbót við aðra starfsemi eða byggja upp sem sér rekstur.

Allar nánari upplýsingar eru að fá hjá Fyrirtækjasölunni
Suðurverri í síma 516 0000 eða fyrirtaeki@fyrirtaeki.is

Húsnæði

Húsnæði óskast

LEIGUÍBÚÐ ÓSKAST

Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu
þjóðanna vantar til leigu íbúð
með 3 svefnherbergjum á
höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin
þarf að vera búin nauðsynlegum
húsgögnum og heimilistækjum.
Leigutími er frá 23. apríl til 15.
október 2017.

Nánari upplýsingar
í s:5696069 / thi@os.is.

REGLUSAMT PAR MEÐ
SMÁBARN ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐ

Reglusamt par með eins árs gutta
óskar eftir 2-3 herbergja íbúð til
leigu á RVK svæðinu. Við erum bæði
í fastri vinnu, með örugga innkomu
og meðmæli frá fyrri leigusala.
Upplýsingar í síma 7783914
(Guðmundur) og 7877535 (Fanney)

Sumarbústaðir



Flottur sumarhúsið.
5 km frá Akureyri.
Flott útsýni yfir Akureyri.
4 svefnherbergi, 93fm.
Heitur pottur.
Leigutekjur síðustu 12mán
rúmar 5 milljónir.
Leó 897 5300 • Orlofshus.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

MOSFELLSBAKARÍ -
HÁALEITISBRAUT, RVK.

Óskum eftir þjónustulunduðu,
hressu og samvirkusömu fólki
til að vinna með okkur í verslun
okkar að Háaleitisbraut, RVK.
Vinnutími er virka daga frá 07:00-
13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra
hverja helgi annann daginn.
Umsækjendur þurfa að tala góða
íslensku.

Umsóknareyðublöð á
staðnum eða á netinu, slóðin
er www.mosfellsbakari.is/
atvinnu-umsokn/

SMÍÐA.IS

óskar eftir að ráða smíði til hinna
ýmsu smíðastarfa. Uppl. í s. 899
7262 og smida@smida.is

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir
að ráða 2 kokka sem geta eldað asiú
mat. Uppl. [Sukhothai.sukhothai@
yahoo.com](mailto:Sukhothai.sukhothai@yahoo.com)

Óska eftir röskri og vandvirkri að
þrifa 2ja herb. íbúð. Sv. 104 Uppl. í s.
588 6221

Atvinna óskast

PROVENTUS
STARFSMANNABJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til
fjölbreytilegra

starfa um lengri eða skemmri
tíma.

Nánari upplýsingar
í síma 551 5000 eða

sendið fyrirspurn á netfangið
proventus@proventus.is

Tilkynningar

Einkamál

SÍMADÖMUR 908 1666

Við erum mjög heitar, langar til að
heyra í þér. 100% trúnaður.

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið

Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska II

Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska III

Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV

Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30



Námskeiðin hefjast 13 og 14 mars.
Verð á mann 25.500.-

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: [Spanskuskólinn Háblame](https://www.facebook.com/Spanskuskólinn Háblame)

Skemmtanir



HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 11. mars
17:20 Arsenal - Lincoln City

Sunnudaginn 12. mars
15:50 Liverpool - Burnley

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Hljómsveitin Klettur



Allir velkomnir

Rúnar Þór,
Björgvín Gísla,
Rúnar Vilbergs
og Siggí Árna
spila um helgina, föstudag
kl. 23-02 (opið til 03)
og laugardag kl. 00-03

Gullnámur

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd,
litun og plökkun á augabrúnir
á aðeins 5.500.-

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: [Facebook.com/snyrti-og-nuddstofan-smart](https://www.facebook.com/snyrti-og-nuddstofan-smart)

STÓRKAUP

BIRGÐAVERSLUN

STÓRKAUP BÝÐUR UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF
REKSTRARVÖRUM FYRIR HÓTEL OG VEITINGASTAÐI.



Butterfly rækjur
58-66 stk. í pakka, 1kg
2.999kr/pk



Kjúklingspjót, Satay
50 stk. í pakka, 1,5kg
5.299kr/pk



Piccolinis smápizzur
3 teg. 40stk. í pakka.
1.999kr/pk



Nautalund
Innfluttar, frosnar.
3.999kr/kg



Makkarónur,
6 teg í pakka, 72 stk
5.999kr/stk



Mackintosh's
2,0kg, takmarkað magn.
2.699kr/stk



Mini brownies
96 í pakka.
2.699kr/stk



TILBOÐ
Mini hamborgarar, 120 stk,
með brauði, sósu og osti
15.000kr/pk



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF DUNI DÚKUM OG SERVÍETTUM.

Faxafen 8 - Sími 567 9585 - www.storkaup.is - storkaup@storkaup.is

Eldsvoðar breyta miðbænum

Hótel Ísland brann í febrúar 1944 í einum mesta eldsvoða sem þá hafði verið í Reykjavík síðan í brunanum mikla árið 1915 í miðbænum.

Hótel Íslands stóð á horni Austurstrætis og Aðalstrætis þar sem nú er Ingólfstorg. Húsið var byggt árið 1882 og þótti afar glæsilegt. Nokkrir eigendur voru að húsinu á upphafsárum þess en árið 1928 eignaðist Alfréd Rosenberg hótelið. Hann hafði áður rekið kaffihús og tónleikastað í kjallara Nýja bíós. Nafn hans hefur síðan verið viðloðandi það hús. Hótel Ísland var lengi einn helsti samkomustaður í Reykjavík. Þar var glæsilegur veitingastaður auk þess sem þar var um tíma stærsta gistihús landsins. Húsið sem var timburhús brann til grunna á aðeins tveimur klukkustundum. Einn maður lést í brunanum en aðrir gestir stukku fáklaðdir út um glugga hótelsins þegar eldsins varð vart. Alls voru 48 gestir á hótelinu og þótti mikil mildi að ekki yrði meira manntjón. Allt sem var innanstokks brann með húsinu en slökkviliðinu tókst að hindra að eldur bærist í nærliggjandi hús.

Mikið tjón

Rosenberg tapaði miklu á brunanum. Hótelið reyndist ekki að fullu tryggt. Veðrið var slæmt þessa nótt og aðstæður slökkviliðs mjög erfiðar. Talið er að frost hafi verið



Hótel Ísland stendur þarna vinstra megin með turninum. Myndin er tekin frá gatnamótum Aðalstrætis og Vesturgötu.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

12 gráður en vatnsslöngur voru leiddar frá höfninni og sjó dælt á eldinn. Næstu hús voru Hótel Vík og verslunarhús B.H. Bjarnason og fór allur kraftur í að verja þau. Rúður sprungu þó í nærliggjandi húsum. Í Hótel Íslands-byggingunni voru einnig Vöruhúsið sem nýlega hafði tekið á móti vörubirgðum og útsala Gefjunar og Iðunnar. Engu varð bjargað frá þessum tveimur fyrirækjum.

Samkvæmt lögreglurannsókn var talið að eldur hefði komið upp í litlu geymsluherbergi á efsta lofti en það var starfsstúlka hótelsins, Rósa Sigfúsdóttir, sem fyrst varð vör við eldinn. Stúlkan vaknaði

„Veðrið var slæmt þessa nótt og aðstæður slökkviliðs mjög erfiðar. Frost var mínus tólf gráður. Vatnsslöngur voru leiddar frá höfninni og sjó dælt á eldinn.“

við einhvers konar snark. Gat hún látið gesti vita í ofboði og þótti kraftaverki líkast hversu fljót hún var að ræsa fólk.

Um aldamótin 1900 var hótelið í eigu Jóhanns Halbergs skipstjóra og konu hans, Dorotheu Dietrichsen sem var af þýskum ættum. Hún var ekkja Niels Jørgensens veitingamanns sem komið hafði til Íslands með Trampe greifa en sá hafði útvegað veitingaleyfi árið 1857. Niels hafði siglt til Kaupmannahafnar til þess að undirbúa byggingu Hótel Íslands en varð fyrir sporgvagni í ferðinni og beið bana. Ekkjan hélt áfram rekstrinum ásamt nýjum eiginmanni

sínum.

Annað sögufrægt hótél, Hótel Reykjavík, brann í apríl 1915 í mesta bruna Íslandssögunnar. Hótelið varð strax alelda og tók með sér ellefu önnur hús í miðbænum. Eldurinn var svo magnaður að hann sást víða frá.

Nokkrir stórbrunnar hafa orðið í miðbænum. Árið 1967 kom upp eldur í húsi Iðnaðarbankans við Lækjargötu 12, nokkur hús í Bernhöftstorfunni skemmdust í bruna árið 1977. Glaumbær, einn vinsælasti skemmtistaður borgarinnar, brann árið 1971 og mikið tjón varð þegar eldur kom upp í Nýja bíóshúsinu í Lækjargötu árið 1998.

Gæðasængurföt margborga sig

Þvottahúsið A. Smith, sem hefur verið starfrækt síðan 1946, hefur hin síðari ár boðið upp á gæðasængurföt til sölu. Sölustjórinn Björn Heiðdal segir sífellt fleiri hótél bæta stíð í hóp viðskiptavina.

Björn leggur mikinn metnað í að bjóða upp á bestu sængurföt sem völ er á, en á sama tíma hagstætt verð.

Hann segir margborga sig að huga að gæðunum því annars getur þurft að endurnýja fljótlega. Á það sérstaklega við þar sem notkunin er mikil og sífellt verið að þvo eins og raunin er með hótelsængurföt.

Afi Björns, Adolf Smith, opnaði Þvottahúsið A. Smith á Bergstaðastræti 52 árið 1946 og þar stendur það enn. A. Smith er í grunninn þvottahús en fyrir um fimmtán árum fór Björn að flytja inn og selja sængurföt. „Ég fékk áhuga á þessu enda alltaf með sængurföt í höndunum sem voru af misgóðum gæðum. Mér fannst enginn vera að sinna því almennilega að flytja inn gæðasængurföt og ákvað að bæta úr því,“ segir

Björn, sem flytur þau inn frá Ítalíu og Asíu. Þar á meðal frá ítalska framleiðandanum Quagliotti sem selur meðal annars til Ritz hótelsins í París, Four Seasons í London og Armani hótelsins í Milanó, en öll eru þekkt fyrir lúxus og gæði.

Hann segir verðið engu að síður gott og að hann reyni að vera með hógværa álagningu auk þess sem gengið er hagstætt um þessar

Allra bestu rúm-
fötin eru 600-1.000
þræðir.

mundir. „Þegar fólk er að kaupa mikið magn getur þetta þó munað nokkru á blaði sé miðað við ódýrustu rúmefni. Við nánari skoðun er þetta þó fljótt að borga sig,“ segir Björn og áætlað að það taki um það bil hálfa gistinguótt að borga upp einn umgang. „Eða kannski það sem samsvarar þremur pitsum.“

Aðspurður segir hann sængurfötin endast í fjögur til sex ár. Það fari þó eftir notkun og hversu nákvæmir hótélrekendur eru.



Að sögn Björns er boðið upp á klæðskerasniðnar lausnir.

„Allra bestu rúmefni eru 600 til 1.000 þræðir en við bjóðum líka upp á damaskrúmefni sem eru 300-400 þræðir. Sumir sætta sig kannski við 200 þræði en ég vil aðeins það besta,“ segir Björn. Hann segir þá sem prófa að sofa undir góðum rúmefnum ekki snúa

til baka. „Upplifunin er allt önnur.“

Að sögn Björns býður A. Smith upp á klæðskerasniðnar lausnir fyrir hvern og einn. „Þetta er ekki lagervara heldur gerum við pantanir í samræmi við óskir viðskiptavina. Þá er hægt að óska eftir áletrunum og öðrum sérlausnum.“

Hann segir hótélviðskiptin hafa aukist mikið í takt við aukinn fjölda ferðamanna auk þess sem meira er að gera í þvottahúsinu. „Eftir sem áður þjónustum við bæði einstaklinga og smærri fyrirtæki af ýmsu tagi.“

Sjá nánar á damask.is.



„Við erum með bragðgóðar eggjakökur og blöndur fyrir eggjahæru en eggjakökurnar eru próteinríkur og girnilegur morgunverður sem hentar sérstaklega vel fyrir þá sem huga að heilsunni.“



Boðið er upp á gott úrval af frábærum brauðum í ýmsum útfærslum.

Allt á morgunverðarborðið

Morgunmaturinn er ekki aðeins mikilvægasta máltíð dagsins heldur einnig mikilvægur þáttur í upplifun hótलगesta. Ásbjörn Ólafsson ehf. býður lausnir fyrir veitingastaði, hótél og gististaði.

Þegar mælt er með hóteli við vini og kunningja er morgunmaturinn yfirleitt einn af þeim þáttum sem fyrst ber á góma. Enda gerir bragðgott og vel útlitandi morgunverðarhlaðborð hóteldvölinu enn eftirminnilegri. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að morgunmaturinn er eitt af því sem mest er horft til þegar hótélherbergi eru bókuð og af sumum er morgunverðurinn jafnvel talinn mikilvægari en þráðlaust net eða líkamsræktaraðstaða.

Elin Ragnarsdóttir er sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni ehf., en fyrirtækið býður upp á fjölmargar lausnir fyrir hótél og gististaði þegar kemur að morgunmat. „Það má segja að við bjóðum upp á nánast allt sem þarf á morgunverðarhlaðborðið, mat, áhöld, borðbúnað og fleira,“ segir Elin. „Við leitumst við að veita persónulega þjónustu og hjálpa viðskiptavinum okkar að finna hvað hentar best hverju sinni miðað við hvað aðstæðan á hverjum stað býður upp á.“

Ilmandi brauð og rúnstykki

Elin segir fyrirtækið bjóða upp á gott úrval af frábærum brauðum í ýmsum útfærslum, til dæmis súrdeigsbrauð, rúnstykki og brauðhleifa. „Við erum einnig með smjördeigsbakstur, bæði croissant og vinarbrauð, hrökkbrauð, haframjöl og músli. Eins seljum við viðbit, sultur, marmelaði, kaviar og síld. Við erum með bragðgóðar eggjakökur og blöndur fyrir eggjahæru en eggjakökurnar eru próteinríkur og girnilegur morgunverður sem hentar sérstaklega vel fyrir þá sem huga að heilsunni. Þetta er aðeins brot af okkar vörum.“

Áhöld, borðbúnaður, kokkafatnaður og skór

Fyrir utan gott úrval af matvöru sem hentar á morgunverðarborðið býður fyrirtækið upp á glæsilegt úrval af vörum til að bera fram matinn á huggulegan hátt. „Þar má nefna ýmiss konar



Ásbjörn Ólafsson ehf. býður einnig glæsilegt úrval af vörum til að bera fram matinn á huggulegan hátt.

„Það má segja að við bjóðum upp á nánast allt sem þarf á morgunverðarhlaðborðið, mat, áhöld, borðbúnað og fleira,“ segir Elin Ragnarsdóttir sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni ehf.

MYND/VILHELM

föt, bakka, diska, skálar, hitaböð, brauðkörfur, áhöld og skammtara fyrir til dæmis safe eða morgunkorn,“ segir Elin. „Í raun má segja að hvort sem plássíð er mikið eða lítið getum við fundið góða lausn. Við erum í samstarfi við góða birgja erlendis sem sérhæfa sig í þessu og eigum mikið til af vörum á lager. Einnig getum við sérpantað vörur fyrir viðskiptavinum í þess óskað.“

Við erum einnig með fallegan borðbúnað í mismunandi stíl svo flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá okkur. Þar að auki bjóðum við upp á hágæða kokka- og þjónafatnað frá Kentaur og þægilegan skófatnað með non-slip sóla frá Shoes for Crews sem er nauðsynlegur í eldhúsið og salinn.

Við hvetjum þá sem reka gistiheimili, hótél og veitingastaði til að kíkja við hjá okkur, skoða og fá tilboð. Sýningarherbergi okkar er á Köllunarklettsvegi 6 og er opið alla daga frá 8 til 17. Við munum taka vel á móti gestum.“

Skeiðin er langmest notuð

Atli Þór Erlendsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, á fjölmörg uppáhaldstól í eldhúsinu. Hann nefnir hér fimm þeirra sem eru bæði mikilvæg og mikið notuð.



Atli Þór Erlendsson er yfirkokkurur á Grillinu. Hann nefnir fimm af sínum uppáhaldstólum í eldhúsinu.

MYND/ANTON BRINK

Atli Þór hóf störf á Grillinu strax eftir útskrift árið 2011 og varð ári síðar aðstoðaryfirkokkur. Árið 2015 hlaut hann nafnbótina Matreiðslumaður

ársins 2015 og hefur verið hluti af Kokkalandslíðinu síðan þá. Hann er nú orðinn yfirkokkur sjálfur á þessum sögufræga veitingastað, Grillinu á Hótel Sögu.

Sleikjan er hættulegasta vopnið í eldhúsinu.

VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

GESTIRNIR SOFA BETUR

„Öryggismiðstöðin er okkar samstarfsaðili á sviði öryggismála. Lausnirnar eru góðar og þjónustan til fyrirmyndar. Við tökum örygg á móti okkar gestum.“

Snorri Thors, hótellstjóri ALDA hótels á Laugavegi

ER HÓTELÍÐ Í ÖRUGGUM HÖNDUM?

Það er fátt mikilvægara í hótélrekstri en að gestir finni til öryggis og að persónulegar eigur þeirra séu óhultar. Öryggismiðstöðin býður alhliða lausnir í öryggismálum fyrir hótél og gistiastaði sem og ýmsar sérlausnir. Einnig bjóðum við upp á **eftirlitsmyndavélar, öryggisskápa, lyklakerfi, slökkvikerfi í eldhúsháfa, rýmingaráætlanir** o.fl.

LYKLAKERFI OG ÖRYGGISSKÁPAR



Assa Abloy Hospitality er mest seldu lyklakerfi í heimi og eru leiðandi í þróun lyklakerfa og verðmætaskápa fyrir hótél og gistiheimili. Áratuga góð reynsla er af kerfum Assa Abloy á Íslandi enda eru þau notuð af öllum helstu hótélum hérlendis.



Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **570 2400** eða sendu fyrirspurn á oryggi@oryggi.is og fáðu ráðgjöf um hvað hentar þínu hóteli.

Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarнесi 1 | Akureyri | Sími 470 2400

Nánar á oryggi.is



Skeiðin er allra mikilvægasta tólið í eldhúsinu og það sem er mest notað. Það er ekkert verkefni sem ekki er hægt að leysa með skeið,“ segir Atli Þór og bætir við að skeiðin sé notuð í ótal verkefni en mikilvægust sé hún í gæðaprófunum sem snúist um að smakka matinn. Hann segir lögun skeiðarinnar skipta marga máli. „Hjá sumum er lögun skeiðarinnar alger trúarbrögð og notaðar eru mismunandi skeiðar í mismunandi verkefni. Þannig að maður á nokkrar uppáhalds.“

Sleikjan er hættulegasta vopnið í eldhúsinu og passar að ekkert fari til spillis og að ekkert sitji eftir í skálunum,“ segir Atli Þór og bætir við að sleikjan tryggir þannig hagnaðinn fyrir veitingastaðinn.



Hnifur „Það er einfalt mál, að maður vinnur ekki í eldhúsi án þess að eiga góðan hnif. Þessi er af gerðinni Yaxel sem eru hnifar úr fyrsta flokks fjöldaframleiddu japönsku stáli,“ lýsir Atli Þór en hnifurinn er úr hnifasafni sem hann keypti sér fyrir Norðurlandakeppnina.



iPadinn er mjög mikilvægur að sögn Atla Þórs enda haldi hann utan um allar pantanir og bókanir á veitingastaðnum. Hann heldur einnig utan um uppskriftir og annað skipulag í eldhúsinu. „Svo er hann líka notaður til að stjórna músikinni í eldhúsinu,“ segir hann glettinn en spilað er allt milli himins og jarðar. „Allt eftir því hver kemst í iPadinn.“

Tímamælir er mikið notað tól í eldhúsi Grillins og eru margir slíkir mælir í gangi á hverjum tímamarki. „Timing is everything í eldhúsinu,“ slettir Atli Þór í gamansömum tón. „Margir kokkar lifa eftir svona tæmer og við notum þetta í mjög mörgum verkefnum, hvort sem það er að taka tíma á kjöti í ofni, eða fiski á pönnu. Vissulega notum við tilfinninguna líka en klukkan hjálpar mikið.“



ALLAR VÖRUR FYRIR HÓTEL OG VEITINGASTAÐI

ISCO

...því það virkar

Sími 562 1100 / Síðumúli 13 - 15 / isco@isco.is / www.isco.is



Lava ein besta nýjung ársins 2017

Ferðaritið Lonely Planet hefur valið Lava, eldfjalla- og jarð-skjálftamiðstöðina á Hvolsvelli, sem eina af athyglisverðustu nýjungum ársins 2017, en nýverið gaf ferðaritið út lista yfir tíu bestu nýjungar ársins.

Lava-safnið verður opnað í byrjun sumars en í miðstöðinni fá gestir að kynna þvi hvernig Ísland varð til. Möttulstrókurinn undir landinu verður í aðalhlutverki í tólf metra hárra byggingu. Byggingin er hin glæsilegasta og blasir við þeim sem koma á Hvolsvöll. Þar verður hægt að fara í jarð-skjálftahermi, skoða ýmsa gripi sem tengjast eldgosum og komast á útsýnispall þar sem hægt er að sjá yfir eldfjöllin Eyjafjallajökul, Kötlu og Heklu.

Talið er að miðstöðin verði gríðarleg lyftistöng fyrir sveitarfélagið enda skapast með henni atvinna auk þess sem líkur aukast á því að ferðamenn dvelji lengur í bænum en annars væri. Að komast á lista Lonely Planet er góður upphafspunktur fyrir safnið. Nánari upplýsingar um Lava má finna á www.lavacenter.is.



Þjálfunartæki fyrir söluaðila

Íslandsstofa heldur úti verkfærakistu fyrir innlenda og erlenda ferðapjónustu á travel.trade.visiticeland.com. Þar er hægt að kynna sér hvernig Ísland er kynnt og nálgast þjálfunartæki fyrir söluaðila og markaðsgreiningar.

Með því að taka netkúrsinn „Become a certified specialist in Iceland“ er hægt að auka færni sína í því að kynna land og þjóð. Kúrsinum er skipt í þrjá flokka; Land, Sögu og Menningu. Áhugasamir geta skráð sig á vefnum og fá þá sent lestrarefni í pósti. Þeir geta svo spreytt sig á að svara 20 spurningum úr hverjum flokki og ættu að því loknu að vera betur í stakk búnir til að vekja áhuga erlendra ferðamanna á landi og þjóð og svara spurningum þeirra.

Fylltar paprikur með kjúklingi

3 bollar rifinn mozzarella-ostur
 ½ bolli rifinn parmesan-ostur
 3 pressuð hvítlaustrif
 1 tómatar í dós
 1 msk. söxuð steinselja
 ½ tsk. þurrkaðar chili-flögur
 Salt og pipar
 400 gr eldaður kjúklingur í litlum munnbitum
 4 paprikur í ólíkum litum, skornar í helming og fræin tekin úr
 Hálfur bolli kjúklingasoð (eða vatn og teningur)

Hitið ofninn í 200°C. Setjið í skál og hræið saman tvo bolla af mozzarella- og parmesan-osti, hvítlauk, tómata, steinselju og chili-flögur. Smakkið til með salti og pipar. Bætið kjúklingnum við. Setjið átta paprikuhelminga í fat, dreifið blöndunni ofan í þá og stráðið bolla af mozzarella-osti yfir. Hellið kjúklingasoðinu í fatið. Þekið með álpappír og bakið í ofni í tæplega klukkustund. Takið álpappír af og bakið í 2 mínútur til að fá stökka húð. Stráið að lokum steinselju og rifnum parmesan-osti yfir.



Fimmföld Skynjun – RATIONAL „persónulegi“ Gufusteikingarofninn Þinn

NÝJI

SelfCookingCenter®

Upplifðu núna!



RATIONAL®

Senses



Senses stöðuna í sífellu, í eldunarferlinu þínu.



Recognises magnið þitt í ofnrýminu og reiknar út brúningarbörf í samræmi við það.



Thinks og ákveður besta eldunarmöguleika sem gefur þína niðurstöðu.



Learns og vistar þína upphalds- og mest notuðu eldunarferla þína.



Communicates þörf þína fyrir að vita hvað gerist í eldunarferlinu og upplýsir þig stöðugt um hvað ofninn er að gera, hvað hann hefur gert og hvað hann mun gera.

VÖRUHÚS VEITINGAMANNINS

BAKO ÍSBERG

BAKO ISBERG ehf • Höfðabakki 9 • 110 Reykjavík • s 595 6200
 pontun@bakoisberg.is • www.bakoisberg.is

Viðhaldsfrí stækkun á hótélum og veitingahúsum

Gluggar og garðhús hf. sérhæfa sig í viðhaldsfríum skálum og viðbyggingum sem henta sérlega vel fyrir fyrir hótél og veitingahús. Þetta er ódýr og hagkvæm stækkun.

Gluggar og garðhús hf. bjóða upp á hentuga lausn á stækkun húsa án mikillar fyrirhafnar. „Við smíðum viðbyggingar og skála fyrir ferðapjónustufyrirtæki og þessi rými eru vinsæl sem setustofur eða veitingastofur. Við sérsmíðum að ósk hvers og eins viðskiptavinar og afhendingarfrestur er aðeins um þrjú mánuðir,“ segir Valgeir Hallvarðsson, framkvæmdastjóri Glugga og garðhúsa, en fyrirtækið er þekkt fyrir vönduð og góð vinnubrögð.

„Um er að ræða ódýra og mjög

hagkvæma stækkun, sem er góð viðbót við eldra húsnæði. Við höfum smíðað marga stóra og mjög flotta skála og má þar t.d. nefna skála við Hótel Reyhlið, Hótel Hvolsvöll, Systrakaffi á Kirkjubæjarklaustri og Bakarið í Stykkishólmi,“ segir Valgeir. „Einnig má nefna mjög fallegan skála við veitingastað Frosts og funa í Hveragerði, en hann var valinn annað besta verkefnið í heiminum árin 2014-2015 af hráefnisframleiðanda Glugga og garðhúsa hf.“

Gluggar og garðhús hf. er röt-

gróid fyrirtæki en það var stofnað árið 1984. „Við búum yfir meira en þrjátíu ára reynslu á þessu sviði. Við notum einungis viðhaldsfrítt hágæðaeftirbúnað við smíðina. Þetta eru fullkomnar viðbyggingar sem uppfylla alla staðla um einangrun og eru eins og hverjar aðrar viðbyggingar, nema bjartari og fljótlegri í byggingu.“

Valgeir segir mikilvægt að nota viðhaldsfrítt efni hér á landi en þannig sé hægt að spara stórfé til lengri tíma lítið. „Elstu skálarnir okkar, sem eru frá árinu 1984, eru



Þessi fallegi glerskáli við veitingastað Hótel Frosts og funa í Hveragerði var verðlaunaður af hráefnisframleiðanda Glugga og garðhúsa hf.

enn eins og nýir og þá hefur til dæmis aldrei þurft að mála. Það er vandasamt að byggja hús úr gleri á þann veg að það sé notalegt íveru hvernig sem viðrar en við hjá Gluggum og garðhúsum höfum þróað þessa aðferð í meira þrjá ára-

tugi og fundið bestu lausnirnar með því að nota afburðaeftirbúnað og umfram allt íslenskt hugvit,“ segir hann.

Hægt er að fá verðtilboð í smíði á skálum og viðbyggingum, uppsetningu þeirra og glerjun á heimasíðunni www.solskalar.is.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Allt hjá okkur



Sýningarsalur við Dragháls

ALLT FYRIR ATVINNUELDHÚSIÐ



Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is

TAKTIK 4850#

gæði - þekking - þjónusta

TURBOCHEF SOTA - TURBOCHEF TORNADO 2 - TURBOCHEF HIGHHBATCH 2
TURBOCHEF ENCORE - TURBOCHEF FÆRIBANDAOFNAR
TURBOCHEF FIRE PIZZAOFN - TURBOCHEF i3 & i5 TOUCH

TURBOCHEF OFNAR

Kynntu þér úrval
TurboChef ofna hjá okkur

FÁÐU TILBOÐ

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI



Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



Ertu stjörnum prýddur?

Stjörnuflokkun Vakans veitir gististöðum samkeppnisforskot og gerir gististaði á Íslandi samanburðarhæfa á heimsvísu.

VAKINN – gæði, fagmennska og umhverfisvitund í íslenskrri ferðapjónustu.



VELDU VAKANN
www.vakinn.is

FERDA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

Úrval rekstrarvarna fyrir hótél, gistiheimili og veitingahús

Hótél og veitingahús eru sístækkandi viðskiptahópur hjá Rekstrarlandi, dótturfyrirtæki Olís.

Þessi markaður fer ört stæklandi með tilkomu aukins ferðamannafjölda, enda er maður að jafnaði að heimsækja nýja tilvonandi viðskiptavinum í hverri viku,“ segir Guðrún Bergmann en hún og Jón Berg Torfason eru sölu- og þjónustufulltrúar á fyrirtækjasviði Olís/Rekstrarlands.

„Við þjónustum veitingahús, stærri og minni hótél og gistiheimili um allt land,“ segir Jón Berg og bætir við að Olís/Rekstrarland sé með öflugt dreifikerfi um allt land. „Viðskiptavinir okkar þurfa því ekki að liggja sjálfir með stóran lager þar sem við erum með útibú og þjónustu í öllum helstu þéttbýliskjörnum landsins sem sjá viðskiptavinum fyrir ýmsum rekstrarvörum auk ráðgjafar og fjölþættrar þjónustu.“

Þjónusta, gæði og gott verð
Guðrún segir viðskiptavinum Olís/Rekstrarlands helst kunna að meta þekkingu en ekki síst þjónustulund starfsfólksins. „Fólk gerir miklar kröfur um góða þjónustu og vill fá vörur afhentar fljótt og vel. Við höfum kappkostað að bjóða upp á bestu þjónustu sem völ er á en leggjum einnig áherslu á gæði og gott verð,“ segir hún.

Umboð fyrir Nilfisk og Gram
Í dag er Olís umboðsaðili fyrir Nilfisk og Gram atvinnutæki. Nilfisk þekkja líklega flestir en Gram er einn fremsti kæli- og frystitækjaframleiðandi í heimi að sögn Jóns Bergs. „Jón Berg þekkir mjög vel til,“ segir Guðrún. „Ég hef staðgóða þekkingu á markaðnum og veit flest sem vita þarf um gólfþvottavagna, moppukerfi, hótélvagna, ryksugur, gólfþvottavélur og annan búnað fyrir hótél og veitingastaði,“ segir Jón Berg glaðlega.

Gæðavörur frá heimspektum birgjum

Olís/Rekstrarland er með góða samninga við heimspektta birgja. „Belgíska fyrirtækið Ascolia er hótélvagnabirginn okkar en það er með hágæða vagna og lausnir fyrir þvottahús. Frá Vegware fáum við mikið af einnota vörum sem framleiddar eru úr lifrænum hráefnum sem eru orðnar mjög vinsælar um allan heim og svo er Vermop okkar stærsti birgir í hótél- og gólfþvottavögnum og moppukerfum,“ lýsir Jón Berg.

Guðrún nefnir einnig hið rótgróna danska fyrirtæki Abena sem starfar í 60 löndum víðsvegar um heiminn. „Fyrirtækið er með lausnir fyrir hótélherbergið, til dæmis einnota línu af snyrtivörum sem koma í 20 ml eða 30 ml umbúðum og auk þess alla aukahluti sem þarf inn á hótélherbergið, til dæmis inniskó, sloppa, skóhorn, einnota poka, pappír, hreinsiefni, servíettur, kert og margt margt fleira,“ segir Guðrún og bætir við að hún sérpanti mikið fyrir sína viðskiptavinum. „Það er mikið um að stærri viðskiptavinir láti sérpanta og merkja servíttur, kaffimál, inniskó og fleira með sínu eigin lógói.“

Annar stór birgir sem Olís/Rekstrarland á viðskipti við er bandaríska fyrirtækið Kimberly Clark sem á að baki yfir 130 ára sögu og starfar í 175 löndum víðsvegar um heiminn. „Þaðan fáum við hágæða pappír og hreinlætisvörur fyrir hótél og veitingastaði. Kimberly Clark er þekkt fyrir fallega hönnun og einfaldleika þegar kemur að skömmturum, hvort sem er í stáli eða plasti, fyrir eldhús, salerni eða herbergin,“ lýsir Guðrún og bendir einnig á að Olís þjónusti hótél og veitingastaði með kósangas og arinkubba.



Guðrún Bergmann og Jón Berg Torfason eru sölufulltrúar hjá Olís/Rekstrarlandi. Þau leggja metnað sinn í að þjónusta viðskiptavinum sína sem allra best. MYND/STEFÁN



Olís/Rekstrarland býður upp á rekstrarvörur af öllu tagi.

Að lokum nefnir Jón Berg breska efnavörufurframleiðandann Evans. „Það er rótgróið fyrirtæki sem er heimspekt fyrir hágæða hreinsiefni sem eru mikið notuð á hótélum og veitingastöðum um allan heim,“ segir hann og bendir

einnig á að Olís/Rekstrarland geri þrifaplön og hreinlætisáætlanir fyrir viðskiptavinum þeim að kostnaðarlausu.

Áhersla á umhverfisvottun
Þau Guðrún og Jón Berg segja Olís/

Leggjum mikla áherslu á vistvæna og umhverfisvottaða vöru.

Rekstrarland leggja mikla áherslu á vistvæna og umhverfisvottaða vöru. „Ferðamenn eru afar meðvitaðir um umhverfismál og gera kröfu um að hótél og veitingastaðir séu það líka,“ segir Jón Berg en í kjölfarið hafa fyrirtækin sóst í æ meiri mæli eftir umhverfisvottuðum vörum en þar er ekki komið að tómun kofanum hjá Olís/Rekstrarlandi enda eru fyrirtækin leiðandi þegar kemur að vottun af öllu tagi. „Við erum með vörur sem eru vottaðar með Norræna Svaninum, Evrópublóminu, Bláa englinum og Bláa kransinum en allt eru þetta þekktar vottanir,“ segir Guðrún og segir fólk velkomið að vera í sambandi við sig og Jón Berg.

Nánari upplýsingar má finna á rekstrarland.is og olis.is.

Nilfisk

Magnaðar Nilfisk ryksugur

Nilfisk ryksugurnar fyrir hótél og veitingahús eru hljóðlátar, léttar í meðförum og búnar fjölda aukahluta sem auðveldar alla vinnu. Hepa loftsiurnar tryggja betri loftgæði. Með Nilfisk er auðveldara að þrifa og þær eru svo hljóðlátar að gestirnir verða varla varir við þær.



REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Konur fjölmenna í kokkinn

Sprenging hefur orðið í námi í matreiðslu og nemendur aldrei fleiri, að sögn Ragnars Wessman. Íslenska eldhúsið hefur aldrei verið vinsælla.

Veitingastöðum hefur fjölgað ört í takt við vaxandi straum ferðamanna til landsins og flóran aldrei verið fjölbreyttari. Þetta kallar á fleira starfsfólk í greininni og mikill áhugi er á að læra matreiðslu.

„Það hefur orðið algjör sprenging og það gleðilegasta er að nú sækja konur í námið, svo kynjaskiptingin er að verða jafnari. Stéttin var ofboðslega karllæg og það þekktist ekki að kvenmaður færi í þetta nám, svo undarlegt sem það nú er. Árið 1945 fékk fyrsta konan lögleg réttindi í matreiðslu en hún fór ekki í gegnum námið heldur fór í raunhæfimat. Í dag þykir eðlilegt að stúlkur jafnt sem piltar sækji í þetta nám,“ segir Ragnar, sem er matreiðslumeistari að mennt og hefur kennt fagið í átján ár.

Nám í matreiðslu sem lýkur með sveinsprófi tekur fjögur ár, þar af þrjú ár á námssamningi á veitingahúsi eða hóteli sem hefur leyfi til að taka nema. „Margir hafa spurt sig hvers vegna námið sé þetta langt en líkt og í öðrum iðngreinum þarf margslungna hæfni sem þarf að æfa aftur og aftur til að ná góðri færni,“ útskýrir Ragnar.

Gestir í áskrift

Veitingastaðamenningin hefur breyst síðustu áratugin og segir Ragnar umhverfið nú allt annað en þegar hann tók sín fyrstu skref í faginu.

„Þá voru fáein veitingahús í Reykjavík og þau höfðu gestina svo gott sem í áskrift, þeir komu hvort sem er. Samkeppnin var ekki mikil og sölumennskan passíf. Það var stór viðburður að fara út að borða og fólk klæddi sig upp í því tilefni. Það var heldur ekki fjárhagslega á allra færi að fara út að borða og þurfti fólk að hafa töluvert fyrir því að leyfa sér slíkan munað. Nú til dags er vissulega viðburður að fara út að borða en fólk klæðir sig ekki lengur upp á og það eru miklu fleiri sem geta leyft sér það.“



Ragnar hefur kennt matreiðslu í 18 ár. MYND/VILHELM

Undir áhrifum Helgu Sigurðardóttur

Að sögn Ragnars var matreiðsla á veitingahúsum lengst af undir áhrifum frá franskri og danskri matargerð. „Slík matreiðsla þótti sú allra finasta en það hefur eðlilega þróast. Um tíma var svokallaður bræðingur eða „fusion“ eldhús vinsælt en það byggist á að bræða saman matarstrauma nokkurra menningarheima og búa til eitthvað nýtt.“

Stéttin var ofboðslega karllæg og það þekktist ekki að kvenmaður færi í þetta nám. Nú þykir eðlilegt að stúlkur jafnt sem piltar sækji í námið.

Skandinavísk matreiðsla setti einnig svip sinn á veitingahúsin og segja má að hún sé undanfari íslenska eldhússins sem er vinsælt núna. „Straumar koma og hverfa aftur og sumir skilja eitthvað eftir sig,“ segir Ragnar en í kringum hrunið tóku veitingahús nýja stefnu og leituðu aftur í íslensku ræturnar.

„Það varð bylting í því sem við köllum íslenskt eldhús með hugmyndafræði sem á rætur að rekja

til „slow-food“ hreyfingarinnar. Það varð viðhorfsbreyting á meðal matreiðslufólks. Þessi matreiðsla snýst um að vinna með matvæli úr héraði og maturinn á að vera sem náttúrulegastur. Segja má að íslensk matargerð sem slík hafi birst í bók eftir Helgu Sigurðardóttur, Matur og drykkur. Við höfum meðal annars notað þá bók til að umskapa hefðbundna, íslenska rétti og færa þá til nútímans.“

Geiri – Fyrsti kostur fagmannsins

Geiri ehf., er þjónustufyrirtæki fyrir hótél og veitingahús, matvælavinnslur, skóla og mótuneyti.

„Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir þessar stofnanir. Við erum með allt frá minnstu áhöldum yfir í stór tæki og vélar fyrir matreiðslumenn, kjötvinnslumenn, bakara og aðra fagaðila,“ segir Ólafur Kristjánsson hjá Geira. Þá nefnir hann einnig borðbúnað, innréttingar og húsgögn sem hafa verið stór liður hjá fyrirtækinu í gegnum tíðina. „Við erum með húsgögn fyrir veitingahús, bari og ráðstefnusali, og bjóðum upp á innréttingar og húsgögn fyrir hótél af öllum stærðum.“

Einnig ber þess að geta að Geiri ehf. býður ekki einungis upp á lausnir fyrir hótél og veitingahús heldur einnig tæki og úrlausnir fyrir heilbrigðisstofnanir, rannsóknarstofur og efnalaugar.

Viðskiptavinir í fyrrúmi

„Við erum framsækjandi og metnaðarfullt fyrirtæki sem einblínir á þarfir viðskiptavina,“ segir Ólafur.

„Markmið okkar er að vera fyrsti



Þeir Sigurður Skúli Bårdarson og Ólafur Kristjánsson hjá Geira við hluta af þeim tækjum og tólum sem Geiri ehf. býður upp á. MYND/ANTON BRINK

valkostur fagmannsins og því er fagleg, hröð og góð þjónusta okkar keppikefli, ásamt því að sjá um uppsetningar og viðgerðarþjónustu á okkar tækjum,“ upplýsir hann.

Yfir 30 ára reynsla

Geiri ehf. var stofnað árið 1984 og

starfsmenn fyrirtækisins hafa allir starfað í fjölda ára hjá fyrirtækinu. „Þeir hafa því mikla þekkingu á þeim vörum sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða og mikla reynslu af möguleikum þeirra og virkni. Þá eru þeir ávallt með augun opin gagnvart nýjungum og þörfum viðskiptavinarins,“ segir Ólafur.



Hard Rock Café Reykjavík keypti eldhústæki frá Geira fyrir nýja staðinn sem var opnaður í Lækjargötu fyrir skömmu. Þar má finna allt það flottasta.

HÓTEL OG GISTIHEIMILI!

REYNSLA - ÞEKKING - FAGMENNSKA

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar.



VÖNDUÐ HANDKLÆÐASETT
Hótelhvítt 450 gsm.

HÓTELDÝNUR OG HÓTEL RÚM



AUKARÚM



Útdregið 90 x 200 cm.

SÆNGUR OG KODDAR MIKIÐ ÚRVAL




BAÐSLOPPAR

100% bómull.



Satin Striped Policotton
SÆNGURFÖT

LÖK OG DÝNUHLÍFAR



GER

Glaumbær breytti unga fólkinu

Þegar Bítlæðið var allsráðandi í heiminum á sjöunda áratugnum skemmti unga fólkið sér í veitingahúsinu Glaumbæ. Þar var bæði veitingahús og skemmtistaður en Glaumbær var vel staðsettur að Frikirkjuvegi 7. Staðurinn var opnaður 1961 og varð strax mjög vinsæll. Þarna spiluðu vinsælustu hljómsveitirnar og útlendir gestir komu og trúðu upp. Hljómsveit Finns Eydals var húshljómsveit um tíma og síðan

tók kvartett Péturs Östlund við. Sigurbjörn Eiríksson rak Glaumbæ á bestu árum staðarins en eftir að staðurinn brann árið 1971 setti hann upp veitingastaðinn Klúbbinn í Borgartúni. Svo mikil aðsókn var að Glaumbæ að langar biðraðir voru að jafnaði fyrir utan staðinn.

Í Glaumbæ var veitingahús fyrir sækera þar sem boðnar voru steikur að amerískum hætti. Ólafur Laufdal var vinsæll barþjónn í Glaumbæ og Hljómar var vin-

sælasta hljómsveitin. Talið er að mörg hjónabönd hafi orðið til í Glaumbæ.

Þegar Glaumbær brann árið 1971 missti hljómsveitin Náttúra hljóðfæri sín en þá hafði Hárið, vinsæl sýning, verið sýnd um skeið í húsinu. Hljómsveitin lék Náttúra lék undir.

Tíska unga fólksins breyttist mikið á þessum tíma þegar hipparnir voru að koma fram á sjónarsviðið. Ungu fólkið gerði uppreisn.



Hljómar léku oft fyrir dansi í Glaumbæ þar sem stuðið var.



Graskerssúpa með peru

1 lítið grasker (butternut squash)
3 msk. ósaltað smjör
1 laukur saxaður
2 hvítlauksgeirar
2 tsk. rifin engiferrót
1 msk. karriduft
1 tsk. salt
4 bollar kjúklingasoð
2 þroskaðar perur, afhýddar, kjarnhreinsaðar og skornar í teninga
½ bolli matreiðslurjómi

Hitið ofninn í 190 gráður. Leggið bökunarpappír á plötu. Skerið graskerið í tvennt og skafið fræin úr. Leggið helmingana á bökunarplötuna, skorna hliðin niður. Bakið í ofninum þar til mjúkt eða í 45 mínútur. Mokið innan úr hýðinu í skál.

Bræðið smjör í stórum potti. Setjið lauk, hvítlauk, engifer, karrí og salt í pottinn og hrærið þar til laukurinn er orðinn mjúkur. Hellið kjúklingasoðinu út í og látið suðuna koma upp. Hrærið perurnar og graskersmaukið út í og látið malla þar til perurnar eru mjúkar.

Hellið súpunni í blandarann en fyllið hann ekki nema að hálfu. Leggið viskustykki yfir lokið á blandaranum og púlspeytið súpana þar til hún er orðin silkimjúk. Hellið þá aftur í pottinn, hellið matreiðslurjómanum út í og hitið. Berið fram með góðu brauði.
www.allrecipes.com



JÖKLAR


Upplifun á Íslandi

Vönduð starfsmannahús Sveigjanleg í stærð

Jöklar henta afar vel sem starfsmannahús. Rýmið er hægt að skipuleggja að vild, bæði m.t.t. stærðar og fyrirkomulags. Fjöldi herbergja eins og passar – húsin raðast auðveldlega saman.

Gluggum og hurðum er hægt að breyta, fækka og fjölga. Auðvelt er að aðlaga húsin að þörfum hvers og eins (t.d. hjónaherbergi eða einstakingsherbergi) Hægt er að fá starfsmannahúsin með burst þaki eða einhalla þaki.

Jöklar eru sterkbyggð hús sem uppfylla íslenska byggingareglugerð



Uppbygging Jöklahúsanna


ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu

JÖKLAR - STARFSMANNAHÚS



NÝTT



Dæmi um starfsmannahús
Stærð 30fm
Verð kr. 2.495.000,- + vsk*
Hægt er að raða húsum saman og fjölga herbergjum eins og hentar.

*Húsin afhendast ósamsett m.v. skilalýsinguna: „Tilbúin að utan – fokheld að innan“



STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is



LANDSHÚS



OPÍÐ HÚS > 14. mars 17:00 - 17:30

Blikahólar 12
111 REYKJAVÍK

STÆRD: 133 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Flott íbúð á 2.hæð í litlu fjölbýli. Frábært útsýni út á Sundin og til Esju. Þrjú svefnherbergi. Stórar suð-vestur svalir. Tengi í þvottavél á baði. Bílskúr með hurðaropnara.

Heyrumst
Bjarni > 662 6163 **39.900.000**kr
Löggiltur fasteignasali

OPÍÐ HÚS > 14. mars 18:00 - 18:30

Hlíðarvegur 36
200 KÓPAVOGUR

STÆRD: 227,3 fm PARHÚS HERB: 7

Parhús með aukaíbúð á frábærum stað í suðurhlóum Kópavogs. Fimm svefnherbergi. Vestur svalir. Garður í suður. Flott eign með mikla möguleika.

Heyrumst
Bjarni > 662 6163 **69.900.000**kr
Löggiltur fasteignasali

BÓKÍÐ SKOÐUN

Lokastígur 16
101 REYKJAVÍK

STÆRD: 49 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Góð íbúð í miðbænum. Rúmgott svefnherbergi, stofa, gott baðherbergi og lítið eldhús. Hús í góðu standi. Þetta er góð eign á eftirsóttum stað. Laus fljótlega. Góð leiguing.

Heyrumst
Ólafur > 822 8283 **34.900.000**kr
Löggiltur fasteignasali

OPÍÐ HÚS > 11 og 12. mars 14 - 15

Vallárvegur 8
801 SELFOSS

STÆRD: 45,5 fm SUMARHÚS HERB: 3

Fallegur bústaður á góðum og grónum stað í landi Brekku í Brekkuskógi, 10 mín frá Laugarvatni. 2 svefnherbergi, stofa/eldhús, baðherbergi. Góð timburverönd og gróid umhverfi.

Heyrumst
Ólafur > 822 8283 **15.900.000**kr
Löggiltur fasteignasali

Bleikargróf 15
108 REYKJAVÍK

STÆRD: 283 fm EINBÝLI HERB: 14

Einbýlishús með miklum útleigumöguleikum. Tíu svefnherbergi. Mikíð endurnýjað hús. Tilvalið fyrir verktaka, starfsmannaleigur eða aðra sem þurfa aðstöðu fyrir sitt starfsfólk.

Heyrumst
Bjarni > 662 6163 **TILBOÐ**
Löggiltur fasteignasali

Mánatún 1
105 REYKJAVÍK

STÆRD: Frá 77 fm FJÖLBÝLI HERB: 2-4

Nýjar og glæsilega íbúðir í 8 hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en votrymi verða flísalögð. Vandaðar innréttingar og tæki. Afhending áætluð í febrúar 2018.

Heyrumst
Lára > 899 3335 **Verð frá 42,9 M**kr
Löggiltur fasteignasali

BÓKÍÐ SKOÐUN

Garðatorg 2a
210 GARÐABÆR

STÆRD: 100 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Tilbúin til afhendingar. Fullbúin þriggja herbergja íbúð á fjórðu hæð. Synum samdægurs.

Heyrumst
Kristján > 696 1122 **53.900.000**kr
Löggiltur fasteignasali

Holtsgvegur 39 - 401/402
210 GARÐABÆR

STÆRD: 92-132 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Glæsilegar penthouse íbúðir með þaksvölum og stórbrotnu útsýni. Vandaðar innréttingar og tæki. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en votrymi flísalögð. Afhent við kaupsamning.

Heyrumst
Stefán > 892 9966 **64,9 - 79,9 M**kr
Sölufulltrúi/í námi til lögg.fasteignasala

Garðatorg 2b
210 GARÐABÆR

STÆRD: 160 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Fullbúin útsýnisíbúð á fimmtu hæð. Tvö baðherbergi þrjú svefnherbergi.

Heyrumst
Kristján > 696 1122 **85.500.000**kr
Löggiltur fasteignasali

BORG

FASTEIGNASALA



GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS – NÝBYGGING



Skildinganes 2 101 Reykjavík

Nýbygging | 174,9 fm | Selt tilbúið til innréttinga

Tilboð | Úlfar Þór fasteignasali 897 9030
Gunnlaugur fasteignasali 844 6447

PANTIÐ TÍMA Í SKOÐUN



Grenimelur 5 107 Reykjavík

272,7 fm | Sérstaklega glæsileg eign í Vesturbæ Reykjavíkur

125.000.000 | Úlfar Þór fasteignasali 897 9030
Gunnlaugur fasteignasali 844 6447

SUMAR-/HEILSÁRSHÚS Í HVALFJARÐARSVEIT




Ölver 34 301 Akranes

Heilsárshús | 139 fm | Stór lóð og tækifæri til uppbyggingar

Tilboð | Óinnréttuð hús á þessum eftirsóttu stað
Gunnlaugur fasteignasali 844 6447

Opið hús | lau. 11. mars kl. 13.30-14.00



Fossagata 8 101 Reykjavík

Einbýlishús | 7 herbergi | 285 fm | Einstakt hús

115.000.000 | Úlfar Þór fasteignasali 897 9030
Gunnlaugur fasteignasali 844 6447

Opið hús | lau 11. mars kl. 15.00 -15.30



Mánatún 9 Reykjavík

Íbúð 503 | 3 herb. | Stærð frá 130 fm | Laus strax

68.900.000 | Vandaðar innréttingar. Tvær íbúðir á hæð
Brandur fasteignasali 897 1401

Opið hús | lau. 11. mars kl. 14.00-14.30



Vatnsstígur 16-18 101 Reykjavík

Íbúð - 2. hæð | 4 herbergi | 135,7 fm | Stæði í bílskýli

79.900.000 | Fallegt sjávarútsýni
Brandur fasteignasali 897 1401

FRÁBÆRT ÚTSÝNI YFIR BORGINA OG TIL SJÁVAR



Háaleitisbraut 22 108 Reykjavík

Íbúð | 4 herbergi | 137 fm | Frábært útsýni

44.900.000 | Vel skipulögð íbúð á efstu hæð ásamt bílskúr
Þóra fasteignasali 777 2882

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS
ÞÓRA BIRGISDÓTTIR, LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

LÁTTU EINS OG HEIMA HJÁ ÞÉR

FULLINNRETTAÐ SKRIFSTOFUHÚNÆÐI



Lyngháls 9

108 Reykjavík

Húsnæðið er samtals 1.962 fermetrar lyftuhús á þremur hæðum. Húsnæðið er fullinnréttað skrifstofuhúnæði með móttöku á öllum hæðum með opnum vinnsvæðum ásamt lokuðum skrifstofum.

Möguleiki er að vera með verlsun og þjónustu á jarðhæð. Húsnæðið er í útleigu ca 1000 fermetrar.

Brandur fasteignasali

897 1401

TIL SÖLU - KÖLLUNARKLETTSVEGUR 2- HEILDAREIGNIN



Köllunarklettsvegur 2

Húsnæðið er að heildarstærð 2.952 fermetrar á 5.260 fermetra lóð. Húsnæðið er á 5. Hæðum og skiptist í 1.895,7 fermetra skrifstofur og sal, 897,2 fermetra vörugæmslu og 159,1 fermetra gæmslurými.

Skrifstofuhúsnæðið er fullinnréttað á öllum hæðum með móttöku og salernum. Vinnurými skiptast í opinn rými og afstúkaðar skrifstofur. Vörugæmslan er með aukinni lofthæð og kæligæmslu. Þrennar innkeyrsluhurðar eru á rýminu og uppsett hilluakerfi. Lóðin er fullfrágenginn og snyrtileg með nægu útsvæði og bílastæðum.

Húsnæðið er allt í útleigu.

Brandur fasteignasali

897 1401

Hönnun



MYND/NORDSJÖ

Blár er tískuliturinn 2017

Bláir tónar verða ráðandi í hönnun, arkitektúr og tísku á árinu. Allt frá höfugum dökkbláum tónum yfir í ljósbláa.



Það er dýpt í þessum bláa lit. **Skjalm, Snúran 4.995 kr.**



Vel heppnuð litasamsetning á hótélherbergi. **MYND/PINTEREST**



Blár litur fer vel á postulíni. **Royal Copenhagen, Líf og list 13.180 kr.**

Látlaus og stílhreinn. **Modern, Omaggio 9.490 kr.**



Til vinstri eru bláar anemónur í vasa. Þær fást í blómabúðum um þessar mundir. Fyrir neðan er fallegur púði. **Oyoy, Snúran 4.995 kr.**



Ljósir tónar eru líka inn. **Dynamo, Hríml 10.900 kr.**



Ólöf Jakobína Ernudóttir
hönnuður

„Bláir tónar taka alveg við af gráum,“ segir Ólöf Jakobína Ernudóttir innanhússhönnuður um tískusveiflu í hönnun í ár. „Dökkbláir tónar eru áberandi vinsælir og bláir litir með dýpt í. Ég myndi segja að tónarnir næðu alveg út í fölbláa en þeir eru ekki hlýir. Türkislitur er til að mynda búinn í bili,“ segir hún. Ólöf Jakobína segir bláa litinn auðveldan viðureignar, hann sé klassískur. „Littala kynnti nýja liti á Arabia Tema stölinu sínu á dögnum, þar voru tveir litir, dökkblár og svona beibiblar.“



Guðbjörg Káradóttir
keramiker

Guðbjörg vinnur mikið með bláa litinn í verkum sínum. „Ég gleðst yfir því að blái liturinn er inni núna. Það er mjög gaman að vinna með hann í keramikinu og auðvelt að vinna með mörg ólík litbrigði af bláum í postulíni og leir. Mér finnst tónarnir vera myrkir í þessum tískulitum sem eru mest áberandi. Það er svo gaman því þessir litir eru um allt í náttúrunni, sérstaklega á köldum dögum, til dæmis í Esjunni einmitt núna. Ljósblár er líka inni í svona köldum vetrartóni. Það þarf ekki nema að horfa í kringum sig til að fá innblástur.“





VIÐ KYNNUM

Álalind 10

GLÆSILEGT OG VANDAÐ FJÖLBÝLI

Álalind 10 er staðsett í miðju nýs hverfis norðanmegin við Smáralind. Húsið er 4ra hæða lyftuhús með 11 íbúðum.

Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Húsið er að hluta til á svifi, sem gefur því glæsilegt yfirbragð. Lofthæð íbúða á 3. og 4. hæð verður tæpir 3 metrar. Húsið verður flísa og álklætt og veggir inn á svölum verða klæddir með lerki. Stórar svalir fylgja öllum íbúðum og snúa þær í suðvestur. Glerhandrið verður á svölum, sá möguleiki er fyrir hendi að setja upp svalalokanir.

› Íbúðir afhendast síðsumar 2017 fullbúnar með gólfefnum.

› 106 - 188 fm

› Verð frá 55.000.00₰

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
892 9966
› stefan@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
› hannes@fastlind.is



Kristján Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
696 1122
› kristjan@fastlind.is

Vertu velkomin

Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta



Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson

skrifar um reykvíska ráðgátu.

Þann 29. september árið 1928 birtist skringileg klausa í Morgunblaðinu: „Alltaf fjölgar þeim, sem þykjast hafa sjeð hina merkilegu flugvél. Fyrri föstudag var bifreið á leið hjeðan suður eftir. Þegar hún kom í sunnanverða Öskjuhlíð tóku farþegar og bifreiðastjóri eftir einkennilegri sjón: Sýndist þeim sem flugvél væri á suðurleið yfir Skerjafjörð og fór hratt. Dró hún á eftir sjer reykhalan einkennilegan, og mátti sjá á honum að vjelin fór ekki beint, því að reykurinn var í ýmsum hlykkjum.“ – Skömmu síðar hvarf flugvélin sjónum fólksins og varð það hennar ekki aftur vart. Mun atburðurinn hafa átt sér stað um klukkan hálf sjö að kvöldi.

Þetta var ekki eina fréttin í Morgunblaðinu þessa haustdaga 1928 sem fjallaði um flugvélin dularfullu eða „furðuflygvélin“ eins og blaðið kallaði hana. Raunar var um fátt meira talað í Reykjavík um þessar mundir og lumuðu flestir á sinni skýringu á þessu skringilega fyrirbæri. En hvað var svona dularfullt við flugvél á sveimi yfir Skerjafjörð sem kallaði á fréttir í dagblöðum og setti bæjarlífið á annan endann? Jú, hafa verður í huga hvenær þessir atburðir áttu sér stað.

Vorið 1928 hófst önnur tilraun til reksturs atvinnuflugs á Íslandi. Tæpum áratug fyrr, í marsmánuði 1919, hafði Flugfélag Íslands (hið fyrsta í röðinni) verið stofnað í höfuðstaðnum. Það festi kaup á tveggja manna tvíþekju sem stóð fyrir flugsýningum og útsýnisflugi frá Vatnsmyrinni í tvö sumur. Seinna árið var flugmaður félagsins Vestur-Íslendingurinn Frank Fredericksen, sem kunnastur er úr íþróttasögunni sem



Draugaflygvélin

leiðtogi Fálkanna, vesturíslenska íshokkiliðsins sem hlaut gullverðlaunin á Ólympíuleikunum sama ár. Þessi fyrsta tilraun til flugs varð skammvinn enda fremur til skemmtunar en í hagnýtum tilgangi. Meiri vonir voru hins vegar bundnar við annað Flugfélag Íslands, sem stofnað var með tilstyrk hins opinbera og fjölda áhugamanna um flugsamgöngur árið 1928. Alexander Jóhannesson háskólaprófessor var

helsti hvatamaður að stofnun félagsins, sem hugsað var til flutninga með farþega og pósti auk þess að vonir voru bundnar við að flugvélar hentuðu til sildarleitar. Fengnar voru nokkrar Junkers-vélar sem sinntu fjölda verkefna á árunum 1928-31, þar til félagið lenti í fjárhagsvanddræðum í heimskreppunni og lagði upp laupana.

Sumarið 1928 var aðeins ein vél í ferðum á vegum Flugfélagsins og hlaut hún nafnið Súlan. Eins og gefur að skilja vakti hún mikla athygli landsmanna og sennilega hefur hvert einasta mannsbarn í Reykjavík veitt henni athygli þarna um sumarið. Nema hvað, í septemberbyrjun hafði Súlan verið tekin í sundur og send úr landi, enda ekki talið vænlegt að halda úti flugsamgöngum yfir vetrarmánuðina.

Grunsamlegur gestur

En hver var þá flugvélin sem bílfarþegarnir á Öskjuhlíð sáu svífa yfir Skerjafirðinum í lok september? Enga aðra flugvél var að finna í landinu og þótt erlendir flugkappar hefðu slæðst hingað, sá fyrsti frá Orkneyjum árið 1924, þá var slíkt sársjaldgæft. Hvers vegna ætti líka nokkur maður að fljúga til landsins á laun?

Eins og fram kom í fréttinni var þetta ekki fyrsta skiptið sem sást til flugvélarinnar dularfullu. Nokkrum dögum fyrr hafði Morgunblaðið sagt frá því að tvær stúlkur á gangi nálægt Þormódsstöðum við Skerjafjörð hafi veitt athygli ljósum er bar rétt yfir Skildinganesholana. Hafi þær talið um bíl að ræða, þegar ljósin hafi skyndilega tekið á loft og svifið í norður til bæjarins en síðan snúið við og horfið út á Flóann. Mátti skilja af frásögninni að þessi vitnisburður væri aðeins sá nýjasti af fjölmörgum, sem allar bæru að sama brunn: að furðuflygvélin væri á sveimi umhverfis Reykjavík.

Flýgur fiskisagan og fljótlega komust Reykjavíkurbliðin á snóðir um að flugvélarinnar dularfullu hefði orðið vart uppi í Hvalfirði þá um sumarið. Maður nokkur var þar við heyskap og hafðist við í tjaldi skammt frá sjó. Nótt eina vaknaði hann við umgang og veitti athygli



FRANSKIR VÍSINDAMENN

HEFÐU RANNSAKAÐ Í

PAULA DULARFULL

LJÓSMERKI.

aðkomumanni skammt frá tjaldinu. Hann elti gestinn, en sá tók þá til fótanna og hljóp að flugvél á floti í sjávarmálinu og hvarf á henni upp í loftin blá!

Blaðamaður vikublaðsins Varðar velti fyrir sér ráðgátunni í blaðinu þann 6. október. Sagði hann vélin sjást á öllum tímum sólarhringsins. Sannorðir menn og greinargóðir hefðu borið vitni um þessa sjón og oft „hefir það komið fyrir, að ungir elskendur, sem notið hafa kyrrðarinnar á síðkveldum, hafa hrokkið saman við að tvær ógnarglyrnur hafa starað niður til þeirra, utan úr helmyrkvum farskanum“.

Velti blaðamaðurinn upp nokkrum helstu tilgátum um hvernig á þessu öllu gæti staðið. Einhverjir teldu að um væri að ræða leiðangur erlendra vísindamanna eða fulltrúa erlendra hervelda sem hér væru við njósnir. Aðrir giskuðu á að smyglarar væru á ferðinni og þá líklega með ólöglegt afengi, enda áfengisbann í gildi í landinu. Enn aðrir hölluðust að yfirmáttúrulegum skýringum, einhvers konar finngálkni eða nútíma Fróðárundrum.

Þýskur flugstjóri Flugfélags Íslands, Walter að nafni, var spurður út í furðuflygvélinu og taldi hann að um ofsónir hlyti að vera að ræða. Taldi hann útilokað að erlendir flugmenn legðu leið sína alla leið til Íslands á þessum árstíma, að frásagnirnar væru allar með miklum ólíkindum og að alltof kostnaðarsamt væri að notast við flugvélar til áfengissmyglis.

Horfin sporlaust

Þegar liða tók á október hættu að berast nýjar fréttir af flugvélinni dularfullu og aldrei fékkst svar við

því hvað bjó í raun og veru að baki öllum vitnisburðunum. Freistandi er þó að giska á að þar hafi farið saman blanda af auðugu ímyndunaraflí og hefðbundnum hrekkjabrögðum, enda löngum verið vinsælt að skrökva að blaðamönnum.

Athyglisvert er að Morgunblaðið virðist hafa tekið flugvélarfrægnirnar alvarlegar en hin Reykjavíkurbliðin, sem voru mun varfærnari í umfjöllun sinni og skrifuðu helst um málið í hálfkæringi. Frásagnir sjónarvotta áttu hins vegar greiða leið á síður Moggans. Síðar örlaði á því að gantast væri með trúgirn Morgunblaðsmanna í þessu efni, til dæmis í skopritinu Speglinum sem kallaði furðuflygvélinu eftirlætisdraug Morgunblaðsins, sem „lætur sjer mjög ant um hann, og gerir veður út af í hvert skifti sem hann sjest“.

Morgunblaðið lét slíka kerskni sem vind um eyru þjóta og næstu mánuðina birti það fáeinir frégnir af dularfullum flugvélum sem sést hefðu víðs vegar um Evrópu. En í ársbyrjun 1929 þóttist það loksins hafa ráðið gátuna. Upplýsti blaðið að franskir vísindamenn hefðu rannsakad í þá dularfull ljósmerki sem almenningur víða um lönd hefði séð á lofti, en slíkur ljósangangur hefði einmitt fylgt dularfullu flugvélinni í Reykjavík. Verður ekki annað sagt en að niðurstaðan hafi komið á óvart:

„Tilgátur vísindamannanna eru því þær, að ljós þessi sjeu sendingar frá Marsbúum til jarðarinnar, ljósmerki sem þeir senda hingað til þess að gera vart við sig. – Það kom fyrir í fyrria, að ljós þessi urðu svo sterk, að albjart varð á dálitlu svæði um dimma nótt. En í ár hafa menn sjeð ljóskúlur þessar falla til jarðar, og fundið af þeim brotin.“

Álíta þeir menn sem gefið hafa þessu gaum, að Mars-búar muni vera úrkula vonar um að fá nokkurt svar við ljósbylgjuskeytunum, og hafi þeir því nú upp á síðkastið byrjað á því að skjóta kúlum til okkar hjer á jörðinni.“

Það skyldi þó aldrei vera svo að Marsbúar hafi gert ítrekaðar og misheppnaðar tilraunir til að fanga athygli Reykvíkinga á haustmánuðum 1928?

AÐALFUNDUR BYGGIÐNAR – FÉLAGS BYGGINGAMANNA

verður haldinn fimmtudaginn 23. mars nk. kl. 18:00.

Fundurinn er haldinn samtímis í BORGARTÚNI 30 (6. HÆÐ), REYKJAVÍK og SKIPAGÖTU 14, AKUREYRI.

Venjuleg aðalfundarstörf. Sjá nánar á heimasíðu Byggiðnar, byggidn.is.

Stjórnin.

Málsvari byggingamanna



NÝJAR VÖRUR



GIRASOLE BORD
STÆKKANLEGT - hvítt matt
Stærð: 180(240)X100cm
Verð: 158.000,-

MARMARA SÓFABORD
Stærð: 90X90cm
Verð: 79.000,-




DENTON LEÐURSÓFASETT 3+2+1
3ja sæta - Breidd: 198cm - Verð: 185.000,-
2ja sæta - Breidd: 146cm Verð: 159.000,-
Stóll - Breidd: 89cm Verð: 93.000,-



BASILO TV SKENKUR
Hvítt matt/hnota
Breidd: 217cm
Verð: 159.000,-



CAMILO TUNGUSÓFI
Stillanlegir höfuðpúðar
Stærð: 298X175cm
Verð: 258.000,-



CATO ARMSTÓLL
Verð: 35.000,-



ARLO STÓLL
TILBOÐSVERÐ: 13.520,-



JESSIE STÓLL
Verð: 16.900,-



MORRIS STÓLL
Verð: 19.700,-

TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhannes Tryggvason

Densgi,

Aðallandi 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 4. mars. Útför hans fer fram frá

Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. mars klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á 1908 – Framtíðarsjóð Vikings (kt. 700269-0789, reikn.nr. 0133-15-381908).

Margrét Kristinsdóttir

Sveinbjörn Jóhannesson

Linda Mjöll Gunnarsdóttir

Ína Rós Jóhannesdóttir

Davíð Kristjón Jónsson

Karólína Jóhannesdóttir

Stefan Weber

Kristín Dagmar Jóhannesd.

Magnús Árni Skúlason

Hlynur Smári, Einir Ingi, Jóhannes Logi, Sóldógg Móna,

Karítas Kristbjörg, Baldur, Margrét Lóa og Anton



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og amma,

Linda Dröfn Pétursdóttir

sjúkraliði,

Skógarflöt 24, Akranesi,

sem lést af slysförum 21. febrúar, verður jarðsöngin frá Akranesarkirkju þriðjudaginn 14. mars klukkan 13.00.

Próstur Vilhjálmsson

Vilhjálmur Prastarson

Birgitta Dröfn Prastardóttir

Marvin Prastarson

Birgir Viktor Kristinsson og Aron Benedikt Birgittuson



„Ég vildi ekki fara í menntaskóla, það voru listir sem heilluðu mig,“ segir Þuríður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Röddin mín hefur bara gott af því að hvíla sig

Þuríður Pálsdóttir óperusöngkona fagnar níráðisafmæli í dag með bros á vör. Hún hefur sett sterkan svip á tónlistarsögu Íslendinga með söng, kennslu og kórastarfi.

Vinir hennar og ættingjar kalla hana Níní en þjóðin þekkir hana sem Þuríði Pálsdóttur söngkonu. Nú er hún orðin níráð. Þuríður býr á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, þar situr hún teinrétt og glæsileg, heldur sínum persónuleika og heilsar með rödd söngdívunnar. „Ég hef nú ekki getað sungið lengi en það gerir ekkert til, röddin mín hefur bara gott af því að hvíla sig,“ segir hún. Kveðst hafa lent í ýmsum hremmingum í sambandi við heilsuna, eitt af því hafi verið að detta niður 18 tröppur vegna jafnvægisleysis sem stafaði af æxli í höfði.

Hún lætur vel af vistinni í Sóltúni og starfsfólkið þar fær 10+ í einkunn hjá henni. Í herberginu gefur að líta falleg málverk eftir hana, enda kveðst hún hafa farið í Handiðaskólann sextán ára. „Ég vildi ekki fara í menntaskóla, það voru listir sem heilluðu mig og ég var dálítið lunkin að teikna.“

Fallegt útsýni er út í garð. „Það er gaman að fylgjast með fuglunum en ég get ekki haft opinn glugga því þá koma kettirnir inn,“ segir hún. Það rifjar upp kynni hennar og Guðrúnar Á. Simonar söngkonu sem var frægur kattavinur.

En ég var ágæt matreiðslukona og þótti gaman að elda, sem orsakar það að mér þykir enginn matur góður nema ég hafi búið hann til sjálf.

Saman tóku þær Kattadúettinn á eftir-minnilegan hátt og báðar auðguðu líf Íslendinga með söng sínum.

Eftirlætishlutverk Þuríðar eru nokkur. „Það sem ég held að ég hafi sungið best var í Il Trovatore í hljómsveitarútsetningu. Gilda í Rigoletto er eitt af mínum uppáhaldshlutverkum og mér þótti afskaplega gaman að syngja Rosínu í Rakaranum í Sevilla. Ég söng líka í Miðlinum eftir Menotti í Íönó árið 1952. Þá var Guðmunda Elíasdóttir í hlutverki svikamiðilsins en ég dóttur hennar sem svaraði að handan og hló meðal annars eins og tveggja ára barn.“

Þuríður fæddist og ólst upp í Reykjavík. Hún er dóttir Páls Ísólssonar, tónskálds og dómorganista, og Kristínar Norðmann. „Ég átti afskaplega góða foreldra og verð eilíflega þakklát fyrir það. Pabbi var ljúfur og skemmtilegur og

mamma ákveðin og dugleg. En ég fékk ekkert af þessum góðu hlutum í arf. Erfði bara taugaveiklunina frá pabba!“ Hún viðurkennir nú samt að hafa hlotið tónlistargáfu úr báðum áttum. Jörunn Viðar tónskáld sé til dæmis dóttir Katrínar móðursystur hennar og þær hafi unnið mikið saman.

Þuríður var yngst og eina stelpa í hópi þriggja alsystkina. „Bræður mínir, Einar og Jón, dóu báðir úr krabbameini með stuttu millibili þegar þeir voru um sjötugt. Það er í ættinni. Ég var bara 17 ára þegar mamma dó, það var erfitt. En ég var þá að byrja að hitta manninn sem ég svo giftist, hann hét Örn Guðmundsson, laglegur maður og flinkur í öllu sem hann tók sér fyrir hendur.“ Hún bendir á innrammaðar myndir af honum og öllum þeirra afkomendum, meðal annars börnum þeirra, Kristínu, Guðmundi Páli og Laufeyju sem hún hrósar fyrir að vera vinnufús og vel verki farin og telur þau hafa það frá föður sínum. „En ég var ágæt matreiðslukona og þótti gaman að elda, sem orsakar það að mér þykir enginn matur góður nema ég hafi búið hann til sjálf. Ef ég fæ soðinn fisk get ég ekki borðað hann því hann er ekki soðinn eins og ég hefði gert!“ gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Meðgættu, hlýju og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson

Útfararstjóri

Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir

Útfararþjónusta

Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Katla Þorsteinsdóttir, lögfræðingur

Lögfræðiþjónusta

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.utfor.is.

Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýju, vegna andláts og útfarar

Þórhildar S. Þorgrímsdóttur
Bóndhól.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir fagmennsku í starfi, frábæra umönnun, þolinmæði, virðingu og hlýju.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristbjörn Jónsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Magnúsdóttir

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu síðastliðinn miðvikudag. Útförin fer fram föstudaginn 17. mars kl. 13.00 frá Seltjarnarneskirkju.

Eva María Gunnarsdóttir
Pétur M. Hanna Þórbjörg Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sænsk-íslensk vísna hátíð í Salnum

Efnt er til sænsk-íslenskrar vísna hátíðar í Salnum í Kópavogi í dag og kvöld. Hún hefst með fjölskyldustund klukkan 13, sem er öllum opin endurgjaldslaus, þar sem fram koma nokkrir af gestum hátíðarinnar.

Í kvöld klukkan 20 hefst svo tónleikar með fjölbreyttri blöndu af sænskri og íslenskrri tónlist. Guðrún Gunnarsdóttir ásamt hljómsveit flytur efni eftir söngvaskáldið Cornelis Vreeswijk, dúettinn Storis & Limpan Band leikur þjóðlög, Emma Hárðein

og þjóðlagasveitin Draupnir flytja sagnadansa og þar við bætist Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir sem er hluti af dúettinum Vísur og skvísur, ásamt Vigdísi Hafliðadóttur. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson flytur svo eigin ljóðaþýðingar og fjallar á léttum nótum um söngvaskáld og sagnadansa.



Guðrún Gunnarsdóttir söngkona flytur efni eftir Cornelis Vreeswijk, ásamt hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Gíslínu Björnsdóttir

Sigríður Pálsdóttir Ólafur Hauksson
Inga Þóra Ingvarsdóttir
Gíslína Skúladóttir
Haukur Þór Ólafsson



Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn og frændi,

Bjarni Salvar Eyvindsson

Burknavöllum 3b, 221 Hafnarfirði,

lést í Suður-Afríku þann 18. febrúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 13. mars kl. 15.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á styrktarveitingu þar sem framlög renna óskipt í nafni Bjarna til að byggja barnaheimili í S-Afríku: 0140-26-014958, kt. 100782-5459.

Bryndís Fjóla Ingimarsdóttir

Þorsteinn Baldursson
Eyvindur S. Magnússon
Lovisa, Karen, Sara, Sigurvin og Hugrún Eyvindsbörn
Pálfríður B. Bjarnadóttir
Jónína K. Eyvindsdóttir
Íris Jóna Gunnarsdóttir

Sigrún Björg Þorsteinsd.
Ólafía Sigurvinsdóttir
Hugrún Eyvindsbörn
Gunnar N. Jónsson

Bjarney Katrín Gunnarsd.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Elín Árnadóttir

frá Hrisey, Akureyri,

sem lést þann 1. mars, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 13. mars kl. 13.30.

Árni Kristinsson

Guðrún Kristinsdóttir
Þórdís B. Kristinsdóttir
Kristinn F. Kristinsson
Svanur Kristinsson
Örn Kristinsson
ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.

Jóhanna M. Antonsdóttir
Eygló Ingimarsdóttir
Hrafnkell Guðmundsson

Ágúst Björn Ágústsson
Elin Guðmundsdóttir
Hulda K. Hermannsdóttir



Þorleifur Dagbjartsson

áður til heimilis að Borgargerði 12, Stöðvarfirði,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað miðvikudaginn 8. mars. Útför hans fer fram frá Stöðvarfjarðarkirkju föstudaginn 17. mars kl. 14.00.

Soffía Magnúsdóttir

Helga Þorleifsdóttir Örvar Ármannsson
Ína Rúna Þorleifsdóttir

Björt Þorleifsdóttir

Ómar Þorleifsson

Dagbjört Einarsdóttir og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,

Ástu Jónsdóttir

Sólvangi, Hafnarfirði, áður Miðvangi 41.

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimilinu Sólvangi fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Erla G. Sigurðardóttir
Hjálmar Jón Sigurðsson
Kristín M. Sigurðardóttir

Loftur Magnússon
Rita Kværne
Ómar R. Agnarsson
og fjölskyldur.



Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson

Akurgerði 21, Vogum, (áður Hellum, Vatnsleysuströnd),

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 3. mars. Útförin fer fram miðvikudaginn 15. mars kl. 15.00 frá Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd. Þeim sem vildu minnst hans er bent á björgunarsveitina Skyggni í Vogum.

Sesselja Sigurðardóttir

Sigurður Brynjólfsson
Margrét Brynjólfsdóttir
Sigurlaug Brynjólfsdóttir
Brynjólfur G. Brynjólfsson
Guðmundur S. Brynjólfsson
Gísli S. Brynjólfsson

Alda Særún Guðbjörnsd.
Steindór Guðmundsson
Halldór B. Sigurðsson

Sædis Ósk Harðardóttir
Sigríður Anna Árnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Guttormur Þórðarson

Sóleyjaríma 5,

lést 18. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeilda 11E og líknardeilda Landspítalans fyrir frábæra umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

Mikkalina Pálmadóttir

Salóme Halldórsdóttir
Pálmi Hafþór Halldórsson
Ingimar Halldórsson

Rúna Hrönn Kristjánsdóttir
Rut Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsa Lárusdóttir Smith

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi, 21. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnst hennar er vinsamlegast bent á líknardeild Landspítala.

Örn Smith

Karl Pétur Smith
Anna Dagný Smith
Gunnar Örn Runólfsson og Róbert Már Runólfsson

Runólfur Ólafsson



Vernharður Guðmundsson

húsasmiðameistari, Róðasólum 16, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans miðvikudaginn 8. mars síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í Seljakirkju föstudaginn 17. mars kl. 13.00.

Ágúst Vernharðsson
Guðrún Berner Vernharðsdóttir
Ragnar Ingi Vernharðsson
Heiða Vernharðsdóttir
Linda Vernharðsdóttir
Guðbjörg Vernharðsdóttir

Marilyn Aranes Asis
Daniel Berner
Sigrún Axelsdóttir
Ólafur Eggertsson
Helgi Björn Hjaltested

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og hluttekningu vegna fráfalls móður okkar,

Guðrúnar Magnúsdóttir

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalar- og hjúkrunarheimilisins Uppsala á Fáskrúðsfirði.

Gerður Bjarnadóttir, Vilhjálmur Árnason, Kristín Árnadóttir og fjölskyldur.



Guðrún Pálsdóttir

Traðarbergi 3, (búsett í Grindavík),

verður jarðsöngin 14. mars í Hafnarfjarðarkirkju kl. 13.00.

Páll Arnar Guðmundsson
Þórunn Sigurðardóttir
Björgvin Pálsson
Guðmundur Pálsson
Anna Herdis Pálsdóttir
Bjarki Þór Pálsson

Helga Guðrún Ólafsdóttir
Erla Ölversdóttir



Ragnhildur Guðrún Bergsveinsdóttir

Njálsgötu 104, Reykjavík.

lést á Landspítalanum Hringbraut, fimmtudaginn 2. mars síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Baldvin Eliasson
Georg Christopher Coakley, Atli Heimir Coakley, Ellen Grace Coakley



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og góðar kveðjur vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Sigríðar Guðmundsdóttir

Laugarásvegi 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landakotsspítala, deild L 4.

Ingibjörg Ásta Pétursdóttir
Gróa Þóra Pétursdóttir
Pjetur Nikulás Pjetursson

Þorsteinn Bergsson
Heimir Sigurðsson
Elsa Magnúsdóttir
og fjölskyldur.



Útför

Guðmundu Árnadóttir

Bólstaðarhlíð 45, 105 Reykjavík, hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Fjölskyldan þakkar fallegar og kærleiksrikar samúðarkveðjur. Þær eru okkur dýrmætær.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Bólstaðarhlíðar 41-45, Heimahjúkrun og félagsþjónusta Reykjavíkur, Karitas hjúkrunar- og ráðgjafarþjónusta. Megi störf ykkar ávallt vera blessuð.

Birgir Þórbjarnarson
Guðrún Þórbjarnardóttir
Ásdís Þórbjarnardóttir

Guðrún Garðarsdóttir
Sigurður Óli Sigurðsson
Guðbrandur Sigurðsson
og fjölskyldan öll.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

- Vinsæl meðal ítalskra stjarna sem viðast finnast (11)
- Finn næstbesta takið um skínandi skraut (10)
- Því að reisa heilaga veggina kringum þrúund þessara skepna? (11)
- Nota sveifluskiður undir mat (10)
- Sá guli frá Garðaríki (11)
- Ferðu í ræktina eftir nýrnaskiptin? (10)
- Saga um margbrotinn bófa (9)
- Barosaurusinn bóndans í Nóatúni (12)
- Sígurlína Rúllugardína valsar á vír (8)
- Tölum um titt með öldungum (7)
- Þreyttu okkur með illdeilum um flatfiskabúskap (8)
- Kallarðu þennan krakkaskríl framtið mannkyns? (7)
- Duga þau til að fullnægja mér? (7)
- Sendi Jökul í tjaldíð eftir bragðaref (8)
- Tvískera gesti að utan (7)
- Nú ginni ég þig með nuddi og rugli (7)
- Um innilokaðan og einfaldlega gyrtan mann (8)
- Um þá sem kom heldur ekki úr land-norðri (6)
- Djúsi klípur þrýsta á um ávaxtalög (11)
- Brimslóðir bena heilla skáld (7)
- Módel eitt og tvö voru sköpuð snemma (6)
- Hvenær varð ljóst að barnið sá illa frá sér? (7)
- Rausuðu um þau sem hversuðu (7)
- Les oft of mikið úr þessu klúra bulli (8)
- Krabbavaldandi brúnka hræðir ætlan sérfræðing (7)

LÓDRÉTT

- Tímans haf skilur ungt frá ellimóðu (9)
- Kot geymir lóðarlúður (9)
- Nine Inch Nails skilur fingur frá nögl (9)
- Forþrep kann vel við grálaxinn (9)
- Í hús með bílalyftuna! (8)
- Í flýti skal flýta sér ef bylur dynur yfir í hveli (8)
- Finn augnabliksnáði inni firði (8)
- Sá mikli spekingur snýr sinni að sólu (8)
- Aðeins þau þekkja forsendur umsagna (8)
- Saumið að gaurnum með gasgræjuna (7)
- Vallartorfa rennur rangala á milli þar neðra (9)
- Ég hreinsa vatnað járnoxíð en þú hindrar nýmyndun með hjálp galvaniseringar (9)
- Þegar Capone hitti Guð (7)
- Kæru, hann á gnótt gulls og ástar (10)
- Lærum lítið en lærum það vel (8)
- Í neyð má snoda kennda (8)
- Í klúbbi hvíttra húsegenda í Pretoríu (12)
- Menningin dafnaði heima hjá móður Erlends (7)
- Slæmt ef frumkraftur finnst ekki (7)
- Ólík þrep erfðis vísa til ákveðinna upp-ganga (8)
- Flúðum undan hríslum (6)
- Man eftir flýtinum og ruglinu í USA (6)
- Deildu útfalli með fólki sem deilir (6)
- Skipti á hljóðfæri og smyrslí frá Orkuveitunni (6)
- Glefsar og rantar á víxl (6)
- Held ég lógi þessu með einhverju þungu (5)
- Getur skreytt skreytt? (5)
- Þessi kann krókódílarokk (5)

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

O	E	L	A	X	E	R	A	N	D	I	E	P	I	G	A	F	U	L	E	G	A	E	D	L	O	D	A	P	I	A	S	Y	L	R	A	S	M	A	R	K	U	S	R	O	K	S	V	E	I	F	S	M	A	F	R	I	K	U	A	A	T	Y	I	D	U	F	E	L	L	N	U	F	I	K	T	S	A	M	A	R	G	R	L	A	R	R	A	L	U	T	I	Ð	E	K	K	A	S	O	G	D	S	A	M	B	U	R	Ð	I	R	J	I	L	E	I	F	U	R	Ó	I	B	T	A	N	N	A	N	A	S	K	J	A	L	F	E	S	T	A	O	O	S	T	R	U	N	A	A	M	U	K	L	O	F	A	R	Æ	M	D	A	T	B	A	L	K	A	N	A	R	N	A	K	A	L	D	A	A	O	A	S	N	A	A	J	A	L	D	L	U	S	A	N	D	K	A	S	S	A	R	N	I	R	B	I	R	T	U	S	T	I	G	O	E	S	D	I	O	I	R	E	A	F	S	N	E	I	D	A	S	T	L	I	F	Æ	D	U	N	U	M	U	D	L	E	I	R	A	L	U	I	G	A	N	I	N	G	U	A	N	N	R	A	F	M	A	R	K	I	L	A	R	Y	R	A	S	T	A
---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	---

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist eiginleiki, sem ræður miklu um upplifun fólks af umhverfi sínu öllu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „11. mars“.

Lausnarorð síðustu viku var **SKIPASMÍÐASTÖÐ**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

6	1	2	5				
	2		5	9	8	1	
			3		4	6	
	6		8			2	
	5	8	1		7		9
			6				
1	9	5		4			
				7		3	
4		7	9			1	8

MIDLUNG

		3		1	9		
7	8				6		
	2	4	7		5		
		3		5			7
2		5			1		
1		9			8	2	
			6		7	9	5
4		8					1
5							8

ÞUNG

7		6	2	4			
	6	2	4			5	7
						8	
		6	8	4	7		
					1	4	6
			5	2			7
					6	9	
	4				7	1	
6	1	7					3

5	8	1	7	4	2	6	9	3	6	8	3	4	9	2	1	7	5
9	2	4	8	6	3	5	1	7	9	4	5	1	8	7	2	3	6
3	6	7	5	9	1	2	8	4	2	7	1	6	5	3	4	8	9
1	4	8	9	2	7	3	5	6	7	9	4	2	6	5	3	1	8
2	5	6	3	8	4	1	7	9	3	6	8	7	1	9	5	2	4
7	3	9	1	5	6	4	2	8	1	5	2	8	3	4	9	6	7
4	9	2	6	1	8	7	3	5	4	1	9	3	7	8	6	5	2
6	7	5	2	3	9	8	4	1	5	3	7	9	2	6	8	4	1
8	1	3	4	7	5	9	6	2	8	2	6	5	4	1	7	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák Gunnar Björnsson

Margeir Pétursson (Taflfélagi Reykjavíkur) átti leik gegn Hrnannari Baldurssyni (KR) á Íslandsmóti skákfélaga. Svartur á leik 17...Rxd3+! 18. Bxd3 Bxc3+ 19. Ke2 c4 20. Bc2 Bxc2 21. Dxc2 Bxa1 0-1. Íslandsmót barnaskólasveita (4-7. bekkur) fer fram í Grindavík í dag. Í dag lýkur alþjóðlegu móti í Stokk-hólmi þar sem Vignir Vatnar er meðal keppenda. **www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.



Bridge Isak Örn Sigurðsson

Landsliðskeppni

Landsliðskeppni í opnum og kvennaflokki var spiluð um síðustu helgi. Tvö efstu pörin í báðum flokkum unnu sér sæti í landsliðunum sem spila á NM í Horsens í Danmörku 2.-4. júní í sumar. Í opnum flokki (12 pör) voru tvö pör í sérflokki, Aðalsteinn Jörgensen og Bjarni Hólmar Einarsson sem fengu 223 stig og Haukur Ingason og Helgi Sigurðsson sem fengu 219 stig. Þriðja sætið var með rúmlega 100 stig. Í kvennaflokki (8 pör) var spennan meiri. Harpa F. Ingólfsdóttir og Sig-

Norður
 ♠ 52
 ♥ Á10962
 ♦ ÁD53
 ♣ K7

Vestur
 ♠ ÁKD108
 ♥ 3
 ♦ K8
 ♣ DG932

Austur
 ♠ G94
 ♥ KDG8
 ♦ G97
 ♣ Á86

Suður
 ♠ 763
 ♥ 754
 ♦ 10642
 ♣ 1054

þrúður Blöndal voru þar öruggir sigurvegar og fengu 175 stig, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir fengu 98 stig en Anna G. Nielsen og Helga H. Sturlaugsdóttir þurftu að setta sig við 87 stig í plús. Í keppninni í opnum flokki kom þetta spil fyrir í viðureign Aðalsteins og Bjarna gegn Gunnlaugi Sævarssyni og Hrólfi Hjaltasyni. Bjarni sat í vestur og opnaði á 1 ♠. Norður kom eðlilega inn á 2 ♥ sem voru þössuð yfir til vesturs. Bjarni fann dobl og sá samningur spilaður. Suður var gjafari og allir á hættu:

Flest pörin spiluðu 4 ♠ í AV með 10 eða 11 slögum. Útspil Aðalsteins var spaðafjarki og Bjarni tók tvo fyrstu slagina á þann lit á drottningu og kóng. Hann spilaði næst laufadrottningu. Sagnhafi setti kóng, Aðalsteinn ás og skilaði laufi til baka. Sagnhafi reyndi tíuna í blindum og Bjarni spilaði laufniunni. Sagnhafi trompaði og reyndi hjartatíu. Aðalsteinn drap á gosa og spilaði hjartakóng. Sagnhafi drap á ás og reyndi þá tíguldrottningu. Bjarni drap á kóng og spilaði strax tigli til baka til að losa Aðalstein við endaspilun í þeim lit. Þegar reyknun létti fengu AV 1100 stig í sinn dálk og 10 impa í plús.



FORLAGID

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Gildrunni eftir Lilju Sigurðardóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Valborg Þorleifsdóttir, Garðabæ.**



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is



FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þarlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

TIL SÖLU 25 - 47 M² STÚDÍÓÍBÚÐIR

VERÐ FRÁ 19.9M TIL 23.5M


Auðveld kaup, möguleiki á aðeins 5% útborgun

AÐEINS 3 ÍBÚÐIR EFTIR!

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 12. MARS KL. 16 - 16:30.

Nánari upplýsingar í síma: **535 1000**

KÁRSNESBRAUT 106, 200 KÓPAVOGUR



VERÐDÆMI:

ÍBÚÐ

47 fm

VERÐ

23.5 M

**LÁN FRÁ
BANKA**

80%

**LÁN FRÁ
SELJANDA**

15%

**ÚTBORGUN
AÐEINS**

1.175.000


GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

Konráð og félagar á ferð og flugi 240

Bragi Halldórsson

„Þessi gáta er snúin,” sagði Kata hugsí. „Hér stendur, allir fimmhyrningarnir eru pör nema einn. Finndu þann sem er ekki eins og neinn annar.” „Við reynum samt,” sagði Lísaloppa. „Auðvitað,” sagði Kata. „Alltaf að reyna.”

Getur þú leyst þessa gátu og fundið hvaða fimmhyrningur er ekki eins og neinn annar?



© 2015

Brandarar

Steini: Þekkirðu mann úr Kópavogi með gervifót sem heitir Egill?
Kalli: Manstu hvað hinn fóturinn heitir?

Kennarinn var að innrita ungan mann inn í háskóla. Hann tók niður nafn og fleira og sagði svo: Þetta verður allt í lagi en þú verður að velja þér einhverja grein.

Ungi maðurinn (með áhyggju-svip): Må ég ekki sitja í stól eins og aðrir?

Gulla: Er það satt mamma að mennirnir séu komnir af öpum?
Mamma: Svo er sagt, Gulla mín.
Gulla: Hver ætli hafi fattað það fyrst að hann væri api?

Borgarbúinn: Ert það þú sem átt þetta stöðuvatn?

Bóndinn: Já, svo á að heita.

Borgarbúinn: Munduð þér telja það stórsynd ef ég drægi úr því nokkra silunga?

Bóndinn: Nei, en ég mundi telja það kraftaverk.



Emblu Ósk Magnúsdóttir finnst skemmtilegast að dansa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eftirminnilegt hvað sniglar voru vondir

Emblu Ósk finnst allur fiskur vera góður nema sá sem er eld-aður í skólanum. Hún horfir meira á Youtube en sjónvarp og langar að verða sminka í leikhúsi þegar hún verður stór.

Embla Ósk Magnúsdóttir, er 11 ára nemandi í Norðlingaskóla. Hún á eina systur og var á Akureyri í vetrarfríinu með fjölskyldunni sinni og vinum þar sem hún skíðaði niður hverja brekku.

Hvað horfir þú helst á í sjónvarpinu? Yfirleitt bara eitthvert barnaefni. En ég horfi lítið á sjónvarpið heima, ég horfi meira á Youtube.

Áttu sérstök áhugamál? Föndra og dans. Mér finnst gaman að dansa.

Ef þú værir sögupersóna í ævin-

týri, hver myndir þú helst vilja vera? Einhver úr Disney, kannski hún í Lilo og Stich. Hún var flott.

Hvað er það skritnasta sem þú hefur lent í? Ég veit það ekki alveg.

Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn? Sushi og allur fiskur nema í skólanum.

Hvaða matur finnst þér verstur?

Fiskurinn í skólanum og ég smakkaði einu sinni snigla og andarlifur. Það var vont.

Í hverju ertu best? Dansí.

Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Ganga frá.

Áttu einhver gæludýr? Hamstur sem heitir Max.

Hvað langar þig mest að verða þegar þú verður stór? Sminka í leikhúsi. Mér finnst gaman að sminka fólk.

Hvað langar þig alls ekki að verða þegar þú verður stór? Allar tegundir af læknum og kennari. Mig langar það alls ekki. Það lítur út eins og það sé ekki mjög skemmtileg vinna og svo geta nokkrir krakkar verið erfiðir.

Listaverkið

Þessi mynd er eftir **Gunnar Þór Davíðsson**, nemanda í 4. bekk Háaleitisskóla. Hún er eftirgerð af listaverki eftir Pablo Picasso sem heitir... Tvær stúlkur að lesa.



KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 - 17

JARÐARBERJA- DAGAR Í ICELAND



**FRÁBÆRT
VERÐ**

JARÐARBER
SPÆNSK - 1. FLOKKUR

199

KR.PK

250G

ALLIR SEM VERSLA FYRIR 8.000 KR. EÐA MEIRA
OG BORGNA MEÐ NETGÍRÓ FÁ GJAFAKORT
FRÁ DUNKIN DONUTS

DRAUMAR GETA RÆST.
KIPPA AF HRINGJUM.



DUNKIN'
DONUTS

Netgíró
Betri leið til að borgna

DUNKIN'
DONUTS




OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Sunnan 5-13, skýjað með köflum norðanlands en dálitlar skúrir sunnan til. Hiti 1 til 6 stig um morguninn en víða í kringum frostmark síðdegis.

Heimurinn

Kaupmannah. 7°	Oslo 5°	Stokkhólmur 4°	Gautaborg 8°	Helsinki 4°	Þórshöfn 8°	Nuuk -8°
London 16°	Amsterdam 11°	Paris 13°	Berlin 8°	Madrid 21°	Brussel 12°	Róm 17°
Boston -11°	New York -9°	Orlando 16°	Moskva 7°	Singapúr 27°	Tókyó 4°	Sydney 18°

Reykjavík

	Sunnudagur 3° ↘ 4	Mánudagur 4° ↗ 11	Þriðjudagur 3° → 14	Miðvikudagur 2° ↖ 17	Fimmtudagur 3° ↘ 3
--	----------------------	----------------------	------------------------	-------------------------	-----------------------

Ísafjörður

	Sunnudagur 0° ↖ 2	Mánudagur 0° ↖ 9	Þriðjudagur -1° → 16	Miðvikudagur -2° ↖ 7	Fimmtudagur -5° ↘ 18
--	----------------------	---------------------	-------------------------	-------------------------	-------------------------

Akureyri

	Sunnudagur -0° ↘ 3	Mánudagur 1° ↗ 9	Þriðjudagur 0° ↗ 12	Miðvikudagur -1° ↖ 6	Fimmtudagur 1° ↗ 14
--	-----------------------	---------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Egilsstaðir

	Sunnudagur 1° ↘ 5	Mánudagur 1° ↖ 5	Þriðjudagur 1° ↗ 12	Miðvikudagur 0° ↗ 7	Fimmtudagur -0° ↗ 15
--	----------------------	---------------------	------------------------	------------------------	-------------------------

Kirkjubæjarklaustur

	Sunnudagur 3° ↘ 6	Mánudagur 0° ↖ 8	Þriðjudagur 3° ↗ 9	Miðvikudagur 1° ↖ 11	Fimmtudagur 2° ↗ 12
--	----------------------	---------------------	-----------------------	-------------------------	------------------------

Pondus

Eftir Frode Øverli

Panel 1: Ertu að vinna að einhverju spennandi? Ég er að vinna að tálfræðnaðarsögu um Tækni-Pránd. En þú?

Panel 2: Epískum hlut reyndar. Hefnd Zwarg-meistaranna, 304 blaðsíða framhald af Illa keisaraveldi Gróðtheims. Kúl. Er það gott? Mjög gott. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð frá læri-meistara mínum og mínum harðasta gagnrýnanda. Mamma þinni? „Þetta er rosa flott!“ „Hvar mun þetta enda?“ „Þú ert hinn nýi Mæbius.“ Frá móður þinni? Já, hún er hörkutól. Kúl!

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Panel 1: Af hverju ertu að horfa svona á mig, Palli? Það hvernig þú stóðst þarna var næstum því ekki lúðalegt. Ég held að ég taki því sem risastóru hrasi. Ég hlýtt að vera með óráði.

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Panel 1: Viltu róla í rólunum? Nee... Hjóla? Leita að pöddum? Klifra í trjám? Nee... Nee... Nee... Þannig að þú vilt bara sitja og gera ekkert? Gera þig brjáláðan er alveg eitthvað!

MARGIR HALDA ÞAÐ SÉ EKKI HÆGT AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASLIT ÚR ANDLITI HÁRÆÐASLITSMEDFERÐ

PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098

Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

BFS BRÚ - FÉLAG STJÓRNENDA

AÐALFUNDUR
Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 20. mars kl. 19:00 í húsnæði félagsins að Skipholti 50d.

DAGSKRÁ:
Venjuleg aðalfundastörf
Kosning til stjórnar

Kjóra skal um:

- Formann til 2ja ára
- Meðstjórnanda til 2ja ára
- Varaformann til eins árs
- Varamann til 2ja ára
- Varamann til eins árs

FÉLAGAR FJÖLMENNUM !!
Stjórnin

ÞROSKANDI LESTUR



Íslenskur fuglavísir
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 5.699.-




Davíð Stefánsson frá Fagraskógi -
Ljóðaúrval
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.223.-



Spakmælabókin
VILDARVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 5.499.-



Stafræn ljósmyndun
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 8.298.-




Passíusálmur
VILDARVERÐ: 7.499.-
Verð áður: 8.298.-



Íslenskir málshættir og
snjallyrði
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 2.999.-




Gæfuspor - Gildin í lífinu
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 2.999.-



Snorri Hjartarson -
Kvæðasafn
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 2.999.-



Heimsljós
VILDARVERÐ: 5.899.-
Verð áður: 7.810.-



Íslandssaga frá A-Ö
VILDARVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 5.999.-



Íslandsklukkan
VILDARVERÐ: 5.899.-
Verð áður: 7.810.-



Stjörnuskoðun
VILDARVERÐ: 4.299.-
Verð áður: 5.899.-



Orð að sönnu
VILDARVERÐ: 7.499.-
Verð áður: 8.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 13. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytl.

Fjórflokkurinn varð að fimmflokki

Lagaflokkurinn Fimm árstíðir eftir Þorvald Gylfason við kvæði eftir Snorra Hjartarson verður frumfluttur á morgun í Hannesarholti af Hallveigu Rúnarsdóttur, Elvari Gilbertssyni og Snorra Sigfúsi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Síðustu tíu til fimmtán ár hef ég verið að skrifa nótur og hef notið þess að mjög góðir flytjendur hafa fengið til að flytja lög min," segir Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor. „Nú eru það verðlaunasöngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir og Elmar Gilbertsson, og píanóleikarinn Snorri Sigfús Birgisson, öll í fremstu röð. Kvæðin eru eftir Snorra Hjartarson sem er eitt af mínum eftirlætisskaldum eins og margra annarra.“

Hér er Þorvaldur að lýsa tónleikum í Hannesarholti við Grundarstíg sem hefjast í dag klukkan 16. Hann segir þá verða svolítið öðruvísi en tíðkast. „Tónsetjarinn tekur þá áhættusömu stefnu að reyna að skýra löginn aðeins áður en þau heyrast og ætlar líka að lesa kvæðin," segir hann kankvís.

Ljóðin eru Haustið er komið, Ísabrot, Vor og Sumarkvöld og þau nefnir Þorvaldur Fjórar árstíðir. Með kvæðinu í Úlfdöllum verða árstíðirnar fimm. Hann segir Kristján

ÉG FÆ EKKERT ÚT ÚR SVONA VIÐBURÐUM NEMA ÞEIR VERÐI AÐGENGILEGIR FRAM Í TÍMANN.

Hreinsson, skáld og vin sinn, hafa átt upptökin að því að spyrða ljóð Snorra um árstíðirnar saman og búa til úr þeim ljóðaflokk.

„Kristján hugsar svo stórt að hann sendir mér sjaldnast eitt og eitt kvæði til að tónsetja, heldur heilu kippurnar og eins og hljóðinn nemandi geri ég það. Svo barst aðdánin á Snorra Hjartarsyni í tal og Kristján sagði: „Þú hlýtur að skaffa honum kippu líka.“ Þannig varð til hugmyndin um Fjórar árstíðir, sem ég kalla stundum fjórflokkinn.

Svo hreifst ég af lengsta kvæði Snorra sem heitir Í Úlfdöllum, fyrsta kvæðinu í fyrstu bókinni hans. Þannig varð fjórflokkurinn að fimmflokki en önnur eins ósköp hafa nú gerst, til dæmis við Austurvöll!“



„Ég áráddi ekki að sýna þekktum flytjendum lög min fyrir en fyrir svona tíu árum en hef aldrei fengið nei," segir Þorvaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

AF FYRRI TÓNSMÍÐUM ÞORVALDAR

Þorvaldur Gylfason prófessor hefur meðal annars samið sautján sonnettur um heimspæki hjartans og lög við ljóðaflokkana Söngva um svifandi fugla, Sjö sálma og Sextán söngva fyrir sópran og tenór við kvæði Kristjáns Hreinssonar skálds og heimspekings.

Þorvaldur segir tónsmíðarnar saklaust tómstundagaman. „Ég hóf þær þó ekki fyrr en eftir fimmtugt. Þetta eru orðin 90 lög og þeim fer fjölgandi. Í sumar eða haust ætla Hallveig og Elmar, ásamt Snorra Sigfúsi, að flytja nýjan sextán laga flokk við kvæði Kristjáns Hreinssonar, þannig að það er ýmislegt í deiglu. Löginn streyma fram stjórnlaust.“

Þetta tómstundastarf kveðst Þorvaldur nálgast eins og ævistarfið, þar sé ekkert gert nema því sé ætlað talsvert geymsluþol. Því láti hann kvikmynda konsertana. „Lýður Árnason og Íris Sveinsdóttir sjá um upptökur, auk þess að vera lækningar eru þau reyndir kvikmyndagerðarmenn," segir hann. „Ég fæ ekkert út úr svona viðburðum nema þeir verði aðgengilegir fram í tímann.“

Eftir föður Þorvaldar, Gylfa Þ. Gíslason menntamálaráðherra, liggja falleg lög svo Þorvaldur á ekki langt að sækja hæfileikana. Þó þeir hæfileikar hafi lengi legið í leyni veldurkennir hann að hafa örllítið reynt að semja á yngri árum. „Það var bara fíkt sem fór aldrei út fyrir vegg heimilisins. Ég áráddi ekki að sýna lög min þekktum flytjendum fyrr en fyrir svona tíu árum og hef aldrei fengið nei, ekki enn. Það eru mikil forréttindi fyrir leikmann í þessum bransa að eiga kost á samstarfi og vinfengi við fremstu tónlistarstjórnur landsins. Ég nýt þess eins og barn nýtur jólaanna.“

YKKAR FÉLAG

ftr.

Framboð í trúnaðarstöður

Í samræmi við 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér með framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til **mánudagsins 28. mars kl. 12 á hádegi.**

Peir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík

Reykjavík 07. mars 2017

Stjórn FTR

Aðalfundur FTR verður haldinn 11 apríl, kl 17:00

www.ftr.is

facebook.com/felagtaekinfofksirafidnadi/

Tromma er tromma, og þó

TÓNLIST

Vordagskrá Múlan

★★★★★

Trió Sunnu Gunnlaugs flutti nýja og eldri tónlist í djassklúbbnum Múlanum

Björtuloft í Hörpu miðvikudaginn 8. mars

Slagverk getur verið hvað sem er. Maður getur lamið köttinn sinn og kallað það slagverksleik. Scott McLemore, trommuleikarinn í Trió Sunnu Gunnlaugs, gekk ekki svo langt. En hann fór samt lengra en við er að búast frá náunga sem situr við trommuset.

Það var ekki bara að hann lemdi trommuskinnin, hann sló einnig á brúnirnar og hliðarnar. Og svo, til að skapa enn meiri fjölbreytni, setti hann tusku á eina trommuna, og ofan á hana litla málmskál. Hún gegndi hlutverki örsmárrar trommu. Fyrir vikið var slagverksleikurinn ótrúlega fjölbreyttur og fór vítt yfir tónsviðið.

Leikurinn var líka einstaklega blæbrigðaríkur. Scott nostraði við hvert smáatriði og skapaði hverja fongulega hljóðsamsetningu á fætur annarri. Hann var eins og listakokkur að búa til dýrindis kryddblöndu, setti pínulítið af þessu og smávegis af hinu. Útkoman var seiðandi hljóðheimur; það lá við að maður hefði getað hlustað á



Trió Sunnu Gunnlaugsdóttur fór á kostum í Múlanum síðastliðið miðvikudagskvöld.

trommuleikarann einan allt kvöldið.

Hinir meðlimirnir voru þó engir aukvísar. Sunna lék auðvitað á píanóíð, og það var einfaldlega dásamlegt að hlusta á hana spila. Hún hafði óvanalega ljóðrænan tón. Laglínurnar voru mjúklega mótáðar, og meira að segja snörpustu hendingarnar voru aldrei harðar.

Þorgrímur Jónsson var sömu-leiðis frábær á kontrabassann. Hann spilaði af óheftum glæsileik. Hraðir tónarnir voru plokkaðir af öryggi, rytminn hárnákvæmur. Samspil þremmenninganna var sérlega þétt, það var enginn í samkeppni, þau spiluðu eins og ein manneskja. Fyrir bragðið var heildarhljómurinn

heillandi og þægilegur áheyrnar.

